

**SKOÐUN** Guðrún Jónsdóttir vill að lögum um vændiskaup og klámbúllur sé beitt. 13



**MENNING** Berndsen með barn og plötu á leiðinni. 30



**SPORT** Strákarnir okkar töpuðu síðasta leik sínum fyrir HM í gær er þeir mættu Svíum ytra. 26




já elskan

Nýtt íslenskt dansverk eftir Steinunni Ketilsdóttur.

Síðustu sýningar:

9. OG 10. JANÚAR

JAELSKAN.IS / LEIKHUSID.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**

9. janúar 2013

7. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**




**Mótmæla ritskoðun**

Blaðamenn á fréttablaði í Kína hafa lagt niður störf til að mótmæla ritskoðun. 8

**Sniðganga skuldaþak** Hafnarfjarðarbær má ekki skuldsetja sig vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Bærinn gerði því óhefðbundinn kaupsamning um hlut Hauka í Ásvöllum. 2

**Bjó í gömlu íslensku skipi** Norski smyglarinn sem féll í skotbardaga við lögreglu í Danmörku hafði keypt gamla björgunarskipið Sigurvin. 4

**Amy Winehouse drakk sig í hel** Formleg dánarorsök söngkonunnar var kynnt í gær. 4




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SA | 8 |
| Akureyri | 4° | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NV | 5 |
| Reykjavík | 6° | SA | 14 |

**Vindur** Vaxandi vindur og úrkoma SV- og V-til í dag. Slær í storm síðdegis en dregur úr í kvöld. 5-13 m/s A-lands og þurrt að kalla. Milt í veðri, hiti 2-8 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fyrirtækjaráðgjöf
Fólk




# Konur fimmtungur af stjórnarmönnum

Aðeins 22 prósent stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum eru konur. Voru tíu prósent 2009. Eru helmingur varamanna. Formaður Félags kvenna í atvinnulífinu segir þróunina vera í rétta átt. Gjaldþrot fátíðari hjá fyrirtækjum með konum í stjórn.

**VIÐSKIPTI** Hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja var 22,06 prósent í september síðastliðnum. Þær eru hins vegar rúmlega helmingur varamanna í stjórnum þeirra. Þetta kemur fram í samantekt Creditinfo á kynjahlutföllum í stjórnum íslenskra fyrirtækja.

Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), segir þróunina vera í rétta átt. „Árið 2009, þegar FKA, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð ákváðu að hrinda úr vör hvatningu til atvinnulífsins í þessum málum, voru aðeins tíu prósent stjórnarmanna konur. Það er vissulega eitthvað að þokast fram á veg en er þó ekki komið lengra, þrátt fyrir yfirvofandi löggjöf og alla



þá miklu herferð sem ráðist hefur verið í til að laga þetta.“

Í samantektinni kemur fram að fjöldi fyrirtækja sé 32.691. Alls sitja 11.282 konur í stjórnum þeirra en 38.794 karlar. Hæst er hlutfall kvenna hjá félagasamtökum og annarri þjónustustarfsemi, 52,01 prósent. Það er eini atvinnugreinaflokkurinn þar sem konur eru meirihluti stjórnarmanna. Það er líka eini flokkurinn þar sem skilyrði laga um að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja þurfi að vera yfir 40 prósent, sem taka gildi í september á þessu ári, eru uppfyllt.

Vert er að taka fram að sá kvóti mun einungis eiga við um þau fyrirtæki sem eru með fleiri en 50 starfsmenn, en samantekt Creditinfo nær til allra fyrirtækja. Í henni kemur einnig fram að tíðni gjaldþrota sé lægri hjá fyrirtækjum þar sem konur sitja í stjórn.

- þsj / sjá Markaðinn



**ÁR Á STRANDSTAÐ** Risaskemmtiferðaskipið Costa Concordia hefur nú legið í tæpt ár við innsiglinguna að höfninni á ítölsku eyjunni Giglio. Nú er fyrir höndum aðgerð til að ná flaki skipsins af strandstað, en það er stærsta framkvæmd af þessum toga í sögunni. Skipið er 290 metra langt og 115.000 brúttótonn – þrefalt stærra en Titanic. Alls létust 34 þegar risinn steytti á skeri og sökk. Takist að ná skipinu af strandstað og koma því til lands mun verða um verkfræðiafrek að ræða. NORDICPHOTOS/AFP

Réðust á Karl árið 1994:

## Skildu Karl eftir nakinn í stól

**LÖGREGLUMÁL Þrjú ungmenni, þar af eitt fórnarlamb Karls Vignis Þorsteinssonar, fóru heim til hans á nýársnótt árið 1994 til að krefjast svara um misgjörðir hans gagnvart börnum.**



HRÖNN SVEINSDÓTTIR

**Þegar Karl kom til dyra réðust þau á hann og bundu nakinn við stól. Hann viðurkenndi fyrir þeim að hafa misnotað fjölda barna.**

**„Hann viðurkenndi allt. Þá verðum við alveg brjáluð og byrjum að lemja hann,“ segir Hrönn Sveinsdóttir kvikmyndagerðarkona, eitt ungmennanna. Þau skildu við hann bundinn í stólnum.**

**„Þegar ég sá Kastljósið leið mér alveg hræðilega að hafa ekki gert eitthvað annað og meira en að pína hann og skemma íbúðina hans. Við hefðum auðvitað átt að fara til lögreglunnar,“ segir Hrönn.**

- sv / sjá síðu 6

Krónan til vandræða:

## Blikur á lofti í rekstri LSH

**HEILBRIGÐISMÁL** Blikur eru á lofti í rekstri Landspítalans, bæði rekstrarlegs eðlis og vegna mönnunar spítalans.

Þetta er mat Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans. „Gengið virðist vera að þróast strax umfram forsendur fjárlaga,“ segir Björn. Í desember veiktist gengi krónunnar verulega og hafði ekki verið veikara í tæp þrjú ár.

Hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum í stórum stíl og krefjast þess að lokið verði við endurskoðun stofnanasamninga. Björn segir þetta vega þungt en við það bætist „kjaraólga hjá öðrum kvennastéttum, háskólamenntuðum sérstaklega.“

- shá / sjá síðu 4

Þjóðin fær aukið vald í Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár eftir nokkra gagnrýni:

# Tvö efstu lögin heyja einvígi

**EUROVISION** Tvö efstu lögin í undankeppni Eurovision í ár munu heyja einvígi í lokaþætti þar sem áhorfendur fá að kjósa sigurlagið og þar með framlag Íslands í lokakeppnina.

Nokkur umræða skapaðist um vægi dómnefndar í keppninni á síðasta ári og hafði það sitt að segja.

„Auðvitað hafði gagnrýnin í fyrra með þessa ákvörðun að gera því við viljum alltaf gera betur. Þessi aðferð er notuð víða, í mismunandi útfærslum, svo það verður gaman að sjá hvernig þetta kemur út hér,“ segir Hera Ólafsdóttir, sem er einn umsjónarmanna söngvakeppninnar hjá Ríkisútvarpinu. Tólf lög munu berjast um sigurinn í undankeppninni í ár. Þau skiptast niður í tvær forkeppnir og komast sex lög áfram í úrslitin, mögulega sjö ef mjótt verður á munum.

Á lokakvöldinu, úrslitakeppninni sjálfri, munu atkvæði áhorfenda gilda til helminga á við atkvæði sérstakrar dómnefndar. Undankeppnirnar fara fram í Hörpu dagana 25. og 26. janúar og úrslitin hinn 2. febrúar.

Það kemur í hlut fjölmiðlafólksins Þórhalls Gunnarssonar og Guðrúnar Dísar Emilsdóttur að kynna keppnina í ár.

- trs / sjá síðu 30



**GRÉTA MJÖLL OG JÓNSI** Lag Grétu var framlag Íslands í Eurovision í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL







## SPURNING DAGSINS



Pan, er þetta svalasta hátíðin?

**„Já, ég myndi segja það. Það verður stuð undir jökli.“**

Pan Thorarensen er skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Extreme Chill Festival á Hellissandi 12. til 14. júlí næstkomandi. Þar verður raftónlist í hávegum höfð.

Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna á erfitt uppdráttar í Sýrlandi:

# Milljón Sýrlendingar svelta

**SÝRLAND** Ein milljón Sýrlendinga er við hungurmörk og hjálparvana eftir 22 mánaða borgarastyrjöld í landinu. Þetta er mat Sameinuðu þjóðanna.

Matvælaáætlun SÞ er ætlað að aðstoða eina og hálfa milljón Sýrlendinga en linnulausar skærur í landinu hafa hins vegar valdið því að stofnunin getur ekki komið mat til fjölda fólks. Þannig hefur ekki verið hægt að koma birgðum í í gegnum höfnina í borginni Tartus.

SÞ telja að um sextíu þúsund manns hafi fallið frá því að uppreisnin hófst í mars 2011.

Á undanförnum mánuðum hafa uppreisnarmenn lagt undir sig stór svæði í norðanverðu landinu. Eldfimt ástandið hefur orðið þess valdandi að Matvælaáætlunin hefur þurft að kalla starfsfólk sitt burt frá Homs, Aleppo, Tartus og Qamishly.

Við það bætist að árásum á flutningabíla samtakanna fjölgaði mjög á síðari hluta ársins 2012. - sh



**MARGIR HUNGURMORÐA** Sameinuðu þjóðirnar segja hungur mikið vandamál í Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsaleigusamningar:

## Fimmtungi færri samningar

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Um fimmtungi færri leigusamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í desember síðastliðnum miðað við sama mánuð 2011. Þetta segir í frétt á vef Þjóðskrár.

Alls var 268 samningum þinglýst í desember, í samanburði við 334 í desember 2011. Samdrátturinn er enn meiri ef miðað er við nóvembermánuð þegar 444 samningum var þinglýst.

Á landsvísu nemur samdrátturinn milli ára 16,4 prósentum. - þj

Hjálparsamtök í Gautaborg:

## Leikskóla þarf fyrir götubörn

**SVÍÞJÓÐ** Hjálparsamtök í Gautaborg vilja fá stuðning borgaryfirvalda til þess að setja á laggirnar leikskóla fyrir götubörn.

Könnun hjálparsamtaka í desember síðastliðnum leiddi í ljós að 15 börn yngri en sex ára væru ekki í leikskóla. Foreldrarnir, sem flestir eru frá Rúmeníu, hafa börnin með sér þegar þeir leita að dósum í ruslatunnum. Börnin hanga einnig í verslunarmiðstöðvum eða eru í umsjá eldri systkina, samkvæmt frétt Göteborgs-Posten.

Ólíklegt er þó talið að foreldrarnir skilji börnin eftir í leikskóla. Þess vegna á að bjóða foreldrunum handverksvinnu á staðnum. - ibs

Jón Bjarnason þingmaður:

## Fer ekki aftur fram fyrir VG

**STJÓRNMÁL Jón Bjarnason, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, ætlar ekki að gefa kost á sér fyrir flokkinn í komandi alþingiskosningum.**

**Jón hefur setið á þingi fyrir flokkinn síðan 1999 og er nú oddviti í Norðvesturkjördæmi.**



**JÓN BJARNASON**

**„Það hafa orðið mér vonbrigði hvernig haldið hefur verið á mörgum stefnumálum VG síðustu misseri og vikið frá þeim gildum sem hann var stofnaður um.“**

**Jón segist þó ætla að leggja sitt af mörkum áfram fyrir þær hugsjónir og grunngildi sem hann hefur verið talsmaður fyrir.** - þeb

# Sniðganga skuldaþak til að bjarga Haukum

Hafnarfjarðarbær má ekki skuldsetja sig vegna slæmrar fjárhagstöðu og gerði því óhefðbundinn kaupsamning um hlut Hauka í Ásvöllum. Bærinn borgar 271 milljón fyrir svissneskt kúlulán sem Haukar tóku vegna óreiðuskulda fyrir hrun.

**SVEITARSTJÓRNIR** Samningur um kaup á hlut Hauka í íþróttamiðstöð á Ásvöllum sem bæjarráð Hafnarfjarðar Hafnarfjarðar samþykkti 28. desember sýnist sniðinn að því að bænum er óheimilt að skuldsetja sig vegna bágrar fjárhagsstöðu.

Viðskiptin eru útskýrð í minnisblaði fjármálastjóra Hafnarfjarðar, Gerðar Guðjónsdóttur, degi fyrir bæjarráðsfundinn.

„Ef ekki er gengið til framangreindra samninga þá mun Landsbankinn leysa til sín eignarhluta Haukanna og væntanlega leita samninga við bæinn um kaup eða leigu eignarhlutans. Með hliðsjón af nýjum fjármálareglum sveitarfélaga er bærinn ekki í stöðu til að taka ný lán eða gera leigusamning til langs tíma. Einnig má reikna með að bankinn verði ekki eins viljugur eða sanngjarn í samningsviðræðum en í ljósi stöðu sinnar getur bankinn væntanlega stöðvað alla starfsemi hússins,“ skrifar fjármálastjórinn.

Haukar fengu 20 prósenta hlut í Ásvöllum á árinu 2001 og greiddu fyrir með íþróttahúsi í Haukahrauni, peningum og tuttugu ára skuldabréfi.

Í október 2006 og fram í janúar 2007 vildu Haukar að bærinn leysti til sín eignarhlut félagsins. Óskin var dregin til baka í mars 2007 eftir að félagið tók 150 milljóna króna kúlulán í svissneskum frönkum til að borga hallarekstur hjá deildum félagsins. Greiða átti höfuðstól lánsins upp í einu lagi í mars 2009 en borga þó vexti mánaðarlega. Haukar stóðu í skilum með vextina fram í október 2008 þegar fjármálakerfi Íslands hrundi.

Haukar báðu að nýju í september 2008 um að bærinn keypti þá út. Sú ósk var ítrekuð í júlí 2010. Málið tafðist vegna óvissu um stöðu svissneska kúlulánsins frá Landsbankanum. Í ágúst 2011 stóð lánið í 441 milljón króna en í 252 milljónum án dráttarvaxta í fyrravor þegar það var endurreiknað. Að auki námu önnur vanskil deilda félagsins 13 milljónum. Landsbankinn bauðst til að afskrifa 57 milljónir af láninu gegn því að bærinn ábyrgðist lánið en því var hafnað.

> **Í ljósi stöðu sinnar getur bankinn væntanlega stöðvað alla starfsemi hússins.**
>
> *Gerður Guðjónsdóttir fjármálastjóri Hafnarfjarðar*

Úr varð að bærinn kaupir fimmtungshlut Hauka í íþróttamiðstöðinni fyrir 271 milljón króna en Haukar halda eftir félagsheimilinu. Bærinn á að greiða 1,6 milljónir króna á mánuði næstu 25 árin inn á bankareikning Hauka sem veðsettur er Landsbankanum.

Spurð hvort bæjaryfirvöld séu ekki að fara í kringum fyrrnefndar reglur sem meina hinum illa stadda bæjarsjóði að taka ný lán eða gera langtímasamninga um leigu kveður Gerður svo ekki vera. Bærinn geti alltaf bakkað út úr viðskiptunum. „Það er sex mánaða uppsagnarákvæði þannig að við erum ekki skuldbundin Landsbankanum,“ segir fjármálastjórinn.

gar@frettabladid.is



Leystir út og settir í 25 ára lántökubann

Hafnarfjarðarbær kaupir fimmtungshlut Hauka í íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum fyrir 271 milljón króna. Félaginu er bannað að stofna til nýrra skulda næstu 25 ár. Gengu alltof langt, segir formaður bæjarráðs. Mjög mun létta á rekstri Haukanna.

FJÁRMÁL „Menn hafa gengið alltof langt án þess að hafa nokkrar forsendur fyrir því,“ segir Gunnar Axel Axelsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar sem keypt hefur hlut Knattspyrnufélagsins Hauka í íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum. Skilyrði er að Haukar efni ekki til nýrra skulda í 25 ár.

Grundvöllur kaupanna eru miklir fjárhagserfiðleikar Hauka. Þá má meðal annars rekja til yfir eitt hundrað milljóna króna kúluláns í svissneskum frönkum sem félagið tók árið 2007 og átti að greiða 2009. Félagið hefur ekki getað staðið í skilum með þessi lán.

Hafnarfjarðarbær kaupir fimmtungshlut sem Haukar hafa átt á móti bænum í íþróttamiðstöðinni. Undanskilið er félagsheimili sem Haukar eiga alfarið einir.

ÁSVELLIR Haukar eiga ekki lengur hlut í íþróttamiðstöðinni en halda félagsheimili sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sverrir Þórðarson látinn

Sverrir Þórðarson blaðamaður lést mánudaginn 7. janúar, níræður að aldri. Sverrir fæddist á Kleppi í Reykjavík 29. mars 1922. Foreldrar hans voru Ellen Johanne Sveinsson, fædd Kaaber, húsmóðir og Þórður Sveinsson, prófessor og yfirlæknir á Kleppi.



**SVERRIR ÞÓRÐARSON**

Sverrir hóf störf sem blaðamaður á Morgunblaðinu árið 1943. Þar vann hann til ársloka 1992 er hann lét af störfum sökum aldurs. Hann var handhafi blaðamannaskírteinis númer 3, útgefins af Blaðamannafélaginu.

Sverrir eignaðist þrjú börn með Petru G. Ásgeirsdóttur og lifa tveir synir þeirra. Döttir þeirra, Ása Steinunn, lést árið 1984. Petra lést árið 1986.

Skoða andsvör bæjarritara:

## Botn í mál Jóns Pálma í vikulok

**AKRANES** „Það verður tekin ákvörðun um málalok í vikunni,“ segir Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, um mál Jóns Pálma Pálssonar, bæjarritara á Akranesi sem um skammt skeið var þar settur bæjarstjóri.

Honum var vikið frá störfum vegna meintra brota á starfsskyldum. Ekki hefur fengist upp gefið hvað hann á að hafa unnið sér til sakar.

„Við erum að bera saman það sem fram kemur í athugun lögmanns og endurskoðanda [bæjarins] og svo andsvörum bæjarritarans,“ segir Sveinn. Lausn Jóns Pálma frá vinnuskyldu hafi verið framlengd til föstudags og bæjarfulltrúar hafi einsett sér að taka ákvörðun fyrir þann dag. - sh


**Þarfnastu meiri orku til daglegra starfa?**



**Orkulausnir** henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.

- **Hefst 15. janúar - 8 vikur**
- Þriðjud. og fimmtud. kl. 10:00 eða 15:00
- Þjálfun, fræðsla og einstaklingsviðtal.
- Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari.



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is


Sautján skip við loðnuveiðar norður af Langanesi þegar mest var:

# Stór og góð loðna við Langanes

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuskipin landa nú eitt af öðru fyrstu loðnuförmunum og komu tvö skip HB Granda, Faxi RE og Ingunn AK, til Vopnafjarðar í gærmorgun með rúmlega tvö þúsund tonn. Fékkst sá afli aðallega í flottroll á togsvæðinu norður af Langanesi.

Að sögn Alberts Sveinssonar, skipstjóra á Faxa RE, er loðnan stór og falleg og svo til átulaus. Vandinn er hins vegar sá að utan togveiðisvæðisins stendur loðnan það djúpt að mjög erfitt er að ná henni í nót, eins og kemur fram í viðtali við Albert á heimasíðu HB Granda.

Töluverður fjöldi skipa er nú á veiðisvæðinu og Albert segir að flest hafi skipin sennilega verið sautján talsins og því nokkur þröng á þingi. Grænlenska skipið Erika kom á miðin í nótt, en það skip er útbúið til nótaveiða. Áhöfnin reyndi fyrir sér með nótina í nótt en Albert var ekki kunnugt um árangurinn þegar rætt var við hann. - shá



**FAXI RE** Loðnan veiðist aðallega í flottroll enda stendur hún of djúpt fyrir nótaveiðar. MYND/HB GRANDI




www.promennt.is

NÁMSKEIÐ

# MARKAÐS- OG SÖLUNÁM • GRAFÍSK HÖNNUN

**Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á markaðs- og sölumálum eða hönnun ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.**

NÝ NÁMSBRAUT

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM *MEÐ SÉRSTAKRI ÁHERSLU Á UPPLÝSINGATÆKNI*

Skemmtilegt en um leið krefjandi nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Sérstök áhersla er lögð á þátt upplýsingatækninnar í markaðs- og sölumálum þar sem byrjað er á því að styrkja almenna tölvukunnáttu svo myndar sterkan grunn fyrir nýtingu upplýsingatækninnar þar á eftir. Byggð er upp kunnátta í vinnu með sölukerfi ásamt notkun netsins bæði við markaðsrannsóknir og markaðssetningu með sérstakri áherslu á markaðstækin Google AdWords og Facebook. Náminu lýkur með þverfaglegu lokaverkefni sem tekur á öllum þáttum námsins.

### VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Námstækni með MindManager hugarkortsforritinu
2. Almenn tölvuleikni (Windows, Outlook, Word, Excel)
3. Kynningartækni með PowerPoint
4. Verslunarreikningur
5. Sölutækni (hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini)
6. Upplýsingatækni sölumannsins (sölu- og viðskiptakerfi)
7. Markaðsfræði (grunnþættir markaðsfræðinnar, vöruþróun, auglýsingatækni, markaðsrannsóknir o.fl.)
8. Markaðssetning á netinu með sérstakri áherslu á Google AdWords og Facebook
9. Lokaverkefni

Hefst: **12. feb.** • Tími: **Morgun- og kvöldhópur** • Lengd: **190 std.** • Verð: **199.000 kr.**

## GRAFÍSK HÖNNUN

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Þátttakendur læra að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).
Tekin eru fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag:

- Photoshop (myndvinnsla)
- Illustrator (teikning)
- InDesign (umbrot)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Einnig fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Hefst: **5. feb.** • Tími: **18–21:30 (lau. 9:30–13:00)** • Lengd: **105 std.** • Verð: **139.000 kr.**

***Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.***

*Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Maritech ehf.*

Skráning fer fram á vefnum okkar **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

**MICROSOFT VOTTUN** – *Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

**FJARKENNSLA Í BEINNI** – *Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

**DAG- OG KVÖLDNÁM** – *Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA

**GENGIÐ**
08.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,44 | 129,06 |
| Sterlingspund | 206,67 | 207,67 |
| Evra | 168,46 | 169,4 |
| Dönsk króna | 22,579 | 22,711 |
| Norsk króna | 22,965 | 23,101 |
| Sænsk króna | 19,634 | 19,75 |
| Japanskt jen | 1,4679 | 1,4765 |
| SDR | 196,65 | 197,83 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
231,9045

Norski smyglarinn sem féll í skotbardaga við lögreglu í Danmörku hafði keypt Sigurvin:

# Bjó í gömlu björgunarskipi frá Íslandi

**NOREGUR** Norðmaðurinn sem féll í skotbardaga við dönsku lögregluna á sunnudagskvöld, Stein Kjetil Fredriksen, var búsettur í gömlu íslensku björgunarskipi, Sigurvin. Skipið hafði hann gert upp og geymdi í skerjagarðinum við Arendal.

Sigurvin er um 18 metrar á lengd og var smíðaður í Þýskalandi á sjöunda áratugnum. Slysavarnarfélagið fékk skipið árið 1997, að sögn Hilmars Snorrasonar, skólastjóra Slysavarnarskólans.

Sigurvin var staðsettur á Siglufirði allt til ársins 2006 og reyndist afar vel, að sögn Hilmars. Eftir að Slysavarnarfélagið seldi Sigurvin lá hann mikið við bryggju í Reykjavík þangað til hann var seldur til Noregs árið 2009.

Dagbladet í Noregi hefur eftir vini Fredriksens að skipið hafi verið illa farið þegar hann keypti það á sínum tíma, en Fredriksen hafi gert það upp með myndarbrag.

Fredriksen, sem var 49 ára gamall, var lengi bendlaður við sitthvað misjafnt en aldrei í líkingu við það sem upp komst um helgina, er hann reyndi við þriðja mann að smygla 250 kílóum af hassi frá Ålbæk í Norður-Jótlandi.

Smyglararnir reyndu að komast undan á hraðbátnum sem notaður var til verknaðarins. Sérsveitarmaður stökk um borð í bátinn en særðist í skotárás frá Fredriksen. Lögregla svaraði skothríðinni og hitti hann fjórum skotum í brjóst og höfuð svo hann lést samstundis. - þj



**SIGURVIN** Stein Kjetil Fredriksen bjó í skipinu sem áður var björgunarskipið Sigurvin á Siglufirði. MYND/HILMAR SNORRASON



**AMY WINEHOUSE** Lést 27 ára gömul af ofneyslu áfengis.

Dánarorsök tónlistarkonu staðfest í aukaréttarrannsókn:

## Amy Winehouse drakk sig í hel

**LUNDÚNIR, AP Dánarorsök tónlistarkonunnar Amy Winehouse hefur verið staðfest í aukaréttarrannsókn. Orsökin er sem fyrr áfengiseitrun af slysförum eftir að Winehouse hóf drykkju á ný eftir að hafa um tíma haldið sig frá áfengi.**

**Shirley Radcliffe dánardómstjóri sagði fjölmiðlum í gær að Winehouse hefði „drukkið áfengi af eigin vilja“ og aðstæður breyst til hins verra og leitt til dauða hennar. Áfengismagn í blóði söngkonunnar hefði verið fimmfalt yfir akstursviðmiði og yfir mörkum sem geta verið banvæn.**

**Amy Winehouse fannst látin á heimili sínu í Lundúnum 23. júlí 2011.** - óká

Flykkjast til Færeyja:

## Metfjöldi lenti á Vágaflugvelli

**FÆREYJAR** Metfjöldi ferðamanna fór um alþjóðaflugvöllinn í Vágum í Færeyjum á síðasta ári. Frá þessu segir á vef Portalsins.

Alls fóru 225.532 þar um, sem er aukning um tæp ellefu prósent milli ára. Gamla metið var sett árið 2008.

Framkvæmdastjóri flugvallarins þakkar þennan framgang meðal annars lengingu flugbrautarinnar og betri tækjabúnaði. Til stendur að reisa nýja þjónustubyggingu og flugstöð. - þj

Rankaði við sér við Hörpu:

## 19 ára kærði hópnauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára piltur mætti á lögreglustöð í gær, kærði hópnauðgun um liðna helgi og gaf skýrslu um málið.

Hann hafði verið að skemmta sér á laugardagskvöld en rankaði við sér utanhúss skammt frá tónlistarhúsinu Hörpu. Hann telur að sér hafi verið byrluð ólyfjan og hann verið beittur ofbeldi af fjórum mönnum sem hann kann ekki deili á. Pilturinn fékk aðhlynningu á neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota. - sh

# Hættumerki á LSH í rekstri og mönnun

Forstjóri Landspítalans segir ýmis hættumerki á lofti varðandi rekstur og mönnun spítalans. Gengisþróun krónunnar kemur illa við reksturinn vegna gengisbundinna samninga. Launaólga er á meðal háskólamenntaðra kvennastétta.

**HEILBRIGÐISMÁL** Blikur eru á lofti í rekstri Landspítalans fyrir komandi mánuði, bæði rekstrarlegs eðlis og vegna mönnunar spítalans.

Þetta er mat Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, sem skrifar í pistli á heimasíðu LSH í samhengi við mikinn árangur síðustu ára við niðurskurð. „Ýmis vá er þó framundan, bæði rekstrarleg og í mönnun spítalans, en við verðum að vona að við náum að leysa úr þeim erfiðleikum með hagsmuni og öryggi sjúklinga að leiðarljósi.“

Björn segir að rekstrarleg vá sé helst gengisþróun og afleiddur kostnaður þess vegna, en LSH er mjög bundinn ýmsum gengisbundnum samningum eftir útboð á Evrópska efnahagssvæðinu.

„Gengið virðist vera að þróast strax umfram forsendur fjárlaga,“ segir Björn og vísar til þess að í desember veiktist gengi krónunnar verulega og hafði ekki verið veikara í tæp þrjú ár.

Blikur varðandi mönnun spítalans eru vel kynntar. Hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum í stórum stíl og krefjast þess að lokið verði við endurskoðun stofnanasamninga, en það liggur fyrir að starfsemi LSH lamast án starfskrafta þeirra. Björn segir þetta vega þungt en við þetta bætist „kjaraólga hjá öðrum kvennastéttum, háskólamenntuðum sérstaklega.“

Björn skrifar á heimasíðu LSH að þrátt fyrir blikur á lofti sé tími uppbyggingar runninn upp. LSH sé, í fyrsta skipti í fimm ár, ekki gert að draga saman í rekstri. Auk þess hafa stjórnvöld bætt við aukafjármagni til tækjakaupa, 600 milljónum króna, en „þar hefur þörfin verið brýnni en í nokkru öðru í starfsemi Landspítala fyrir utan að endurbæta húsnæðið sem ekki má dragast mikið lengur,“ segir Björn. svavar@frettabladid.is




**LANDSPÍTALI** Spítalanum er ekki gert að skera niður í ár en blikur eru á lofti vegna gengisþróunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### 2012 erfiðasta rekstrarárið frá hruni

Útkomuspá fyrir LSH árið 2012 liggur fyrir. Allt bendir til að spítalinn sé innan heimilda fjárlaga, eins og undanfarin tvö ár. Björn segir að árið 2012 hafi verið erfiðasta árið frá því að krafa um niðurskurð kom fyrst fram eftir hrunið, en hann er orðinn rúmlega 20% þegar allt er talið. Það sem gerði niðurskurðinn erfiðari er að starfsemin jókst mikið á sama tíma; komur á bráðamóttöku voru 2.520 fleiri en árið áður (2,6%) og legudagar 4.700 fleiri (2,3%). Fæðingum fjölgaði líka lítillega eftir að hafa fækkað næstu tvö ár á undan.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
3-8 m/s V-til en að 13 m/s A-til.




**Föstudagur**
Víða hæg breytileg átt.

**RIGNING** eða slydda S- og V-lands næstu daga en úrkomu minna N- og NA-til. Allhvasst víða SV- og V- til í dag en dregur úr í kvöld fyrst allra vestast. Rólegra næstu daga og kólnar lítillega í veðri á föstudag.

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 7° | Gautaborg | 5° | London | 9° | Orlando | 27° | San Francisco | 12° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 17° | Ósló | 0° | Stokkhólmur | 1° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | 9° | París | 8° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður




**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

KARL VIGNIR ÞORSTEINSSON AFHJÚPAÐUR BARNANÍÐINGUR

# Fyrnd mál hafa skapað bótaskyldu

Hæstiréttur hefur dæmt miskabætur vegna kynferðisbrota gegn börnum þó að málin séu fyrnd, að sögn dósents í lögum. Lagaákvæðum um fyrningu breytt árið 2007.

Þótt kynferðisbrot gegn börnum séu fyrnd að lögum er unnt að dæma sakborning til greiðslu miskabóta til fórnarlamba, liggi sekt fyrir. Til eru dæmi þess hjá Hæstarétti. Sakborningur er þá sýknaður af refsikröfu en er dæmdur til greiðslu miskabóta.



SVALA ÍSFELD ÓLAFSDÓTTIR

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, skrifaði ýtarlega greinargerð árið 2007 um breytingar á fyrningartíma hegningarlaga er varða kynferðisbrot gegn börnum. Hún segir lagabreytingarnar hafa verið um margt athyglisverðar.

„Frá upphafi hegningarlaga hefur það tíðkast að öll brot fyrnast nema þau brot sem geta varðað ævilöngu fangelsi. Engin kynferðisbrot gegn börnum geta haft í för með sér svo þunga refsingu. Svo hefur það verið okkar refsipólitíska stefna að fækka ófyrnanlegum brotum,“ segir hún. „Þess vegna fór þessi ákvörðun þvert á þessa stefnu og vakti mikla athygli.“

Svala bendir þó á að fyrning kynferðisbrots leiði einungis til þess að ríkið geti ekki höfðað mál á hendur gerandanum til að fá hann dæmdan í refsingu.

„Það þýðir ekki að viðkomandi sé saklaus. Það þýðir einungis að ekki er lengur heimilt að refsa honum,“ segir hún. „Ef mál er höfðað fyrir kynferðisbrot sem er fyrnt og hægt er að sanna að viðkomandi hafi framið það, er hann sekur um verknaðinn en sýknaður af refsikröfunni.“

## Nauðgun á barni fyrnist aldrei

**Breytingarnar sem Alþingi samþykkti árið 2007:**

1. Alvarlegustu kynferðisbrotin gegn börnum fyrnast aldrei, en áður var fyrningarfrestur ýmist tíu eða fimmtán ár. Lögum samkvæmt eru alvarlegustu brotin nauðgun á barni og kynferðismök við blóðskylt barn eða barn í nánum tengslum við geranda. Svo dæmi sé tekið fyrnist kynferðisleg áreitni sem faðir sýnir dóttur en ekki ef faðirinn hefur haft kynferðismök við dóttur sína.
2. Upphaf fyrningarfrests allra annarra kynferðisbrota gegn börnum er miðað við 18 ára afmælisdag barnsins en miðaðist áður við 14 ára afmæli.
3. Refsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot gegn börnum voru þyngdar til að lengja fyrningarfrest þeirra.



**KARL VIGNIR ÞORSTEINSSON** Hann starfaði meðal annars á Hótel Sögu þar sem nokkur brota hann áttu sér stað.

## Kveið ekki skýrslutökunni

Þegar Fréttablaðið náði tali af Karli Vigni um miðjan dag í gær var hann enn ekki búinn í skýrslutöku hjá lögreglu. Hann vildi slíta samtalinu samstundis en sagðist þó ekki vera þannig maður sem skellti á fólk.

**Hvernig líður þér eftir umfjöllun Kastljóss?**
„Mér líður hryllilega. Og ég skil ekki að það skuli vera hægt að fara inn á heimili fólks með falda myndavél. Er ekki ólöglegt að gera það? En ég ætla ekki að gera neitt í málinu.“

**Ertu kvíðinn fyrir skýrslutökunni hjá lögreglu?**
„Nei, ég er ekki kvíðinn. Ég ætla að koma fram og þar afgreiði ég mín mál.“

**Ætlarðu að játa fyrir lögreglu þau brot sem þú hefur framið?**
„Hvað heldur þú að ég geri? Ég hef þetta ekki lengra. Vertu sæl.“

*Lögreglan sótti Karl Vigni klukkan rúmlega þrjú í gærdag til að færa hann til yfirheyrslu.*

## ➜ Blindrafélagið hefur skoðun eftir Kastljósið

Blindrafélagið ætlar að kanna nánar meðal foreldra og barna innan félagsins sem kynnu að hafa orðið á vegi Karls Vignis Þorsteinssonar á vettvangi félagsins hvort hann hafi brotið gegn einhverjum börnum á þeim tíma. Komi í ljós ábendingar um að svo hafi verið mun lögreglu gert viðvart.

Stjórn Blindrafélagsins ákvað þetta á fundi sínum í gær eftir umfjöllun Kastljóss um brot Karls Vignis, en hann starfaði sem sjálfboðaliði innan félagsins í fjölda ára og sat í nokkrum nefndum innan þess.

Í tilkynningu frá félaginu segir að hann hafi þó verið látinn hætta störfum árið 2006 eftir að Ragnar Bjarnason tónlistarmaður greindi félaginu frá ásökunum og alvarlegum misgjörðum sem tengdust Karli. Sérstaklega var hugað að foreldrum blindra og sjónskertra barna, en ekkert kom fram sem vakti grunsemdir um að Karl hefði brotið gegn börnum á vettvangi félagsins.



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

## Mistök að heiðra Karl Vigni fyrir störf við Áskirkju

Karli Vigni Þorsteinssyni var veitt viðurkenning fyrir störf sín fyrir Áskirkju árið 2011 þótt hann hafi verið leystur frá störfum árið 2007 í kjölfar umfjöllunar um níðingsverk hans.

Í yfirlýsingu sem sóknarprestur, sóknarnefnd og starfsfólk Áskirkju sendi frá sér í gær segir að hann hafi aldrei komið að starfi með börnum og unglingum í Áskirkju.

„Þáttaka hans í starfi sem sjálfboðaliði við Opið hús aldraðra hófst í kringum árið 2003 með aðstoð í eldhúsi. Hann varð síðar hluti af hópi sjálfboðaliða í heimsóknaþjónustu í söfnuðinum.

Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum árið 2007 um Karl Vigni var hann leystur frá störfum sem sjálfboðaliði og hefur síðan ekki gegnt neinum trúnaðarstörfum fyrir kirkjuna. Á Evrópuári sjálfboðastarfs í kirkjunni 2011 var þjóðkirkjusöfnuðum boðið að veita sjálfboðaliðum viðurkenningu fyrir störf sín. Í Áskirkju voru 30 einstaklingum veittar slíkar viðurkenningar, og var Karl Vignir í þeim hópi. Í ljósi þess sem fram hefur komið í umfjöllun Kastljóss nú, og Karl Vignir játaði þar á sig, er augljóst að sú ákvörðun var röng,“ segir í yfirlýsingu frá Áskirkju. „Hugur okkar er hjá þeim sem Karl Vignir hefur beitt ofbeldi.“

Nýja Ljós

NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2013

Sjálfsheilun í gegnum orkustöðvarnar **21. jan - 6. apr**
Heilunarnámskeið grunnnámskeið **22. jan - 9. apr**
Sjálfsheilun í gegnum nýju orkustöðvarnar **23. jan - 20. apr**
Atlanis **17. jan - 27. jan**

www.nyjaljos.is nyjaljos@nyjaljos.is s: 699 7099 og 615 5710
**Nýja Ljós einnig á facebook**

Dreglar og mottur á frábæru verði!




Margar stærðir og gerðir

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Þrjú ungmenni beittu Karl Vigni líkamlegu og andlegu ofbeldi heila nótt:

# Bundu Karl Vigni við stól og píndu

„Við fórum með stráknum upp til karlsins og földum okkur þegar hann opnaði hurðina. Þá stóð hann nakinn með handklæði utan um sig. Þeir fara að tala saman og þá stökkvum við vinur minn á hann, handklæðið dettur af honum og við setjum hann á stól og bindum hann. Hann verður ógeðslega hræddur, strákurinn brjálaðist og sagði honum að staðfesta það sem karlinn hefði gert honum. Hann viðurkenndi allt. Þá verðum við alveg brjáluð og byrjum að lemja hann og rústuðum öllu í íbúðinni hans. Við börðum hann samt ekki illa, það sást ekkert á honum.“

Svo lýsir Hrönn Sveinsdóttir kvikmyndagerðarkona reynslu sinni á nýársnótt árið 1994. Hún og vinur hennar, þá sautján ára unglingar, hittu ungan mann í miðborg Reykjavíkur sem sagði þeim frá ofbeldi sem hann hafði orðið fyrir af hálfu Karls Vignis Þorsteinssonar í fjölda ára. Hún greindi frá atvikinu á Facebook eftir umfjöllun Kastljóss á mánudagskvöld, þar sem Karl játaði að hafa níðst kynferðislega á allt að fimmtíu börnum undanfarin fjórutíu til fimmtíu ár.

### Ekki beinlínis löglegt

Hrönn og vinur hennar fóru með drengnum heim til Karls bundu hann við stól og létu hann játa skriflega að hafa misnotað drenginn og fjölda annarra barna og unglinga. Þau ræddu aldrei við lögreglu.

„Við sögðumst ætla að fara með þetta allt til lögunnar, hann færi í fangelsi og við myndum aldrei sjá hann aftur. En eftir á að hyggja urðum við hrædd við það sem við gerðum, því það var nú ekki beinlínis löglegt,“ segir hún. „Þetta var svo skrýtið allt saman. Maður hugsaði með sér að svona maður, sem hafði viðurkennt allt, að það væri örugglega búið að taka hann fyrir löngu,“ segir Hrönn. „En þegar ég sá Kastljósið leið mér hræðilega að hafa ekki gert eitthvað annað og meira en að pína hann og skemma íbúðina hans. Við hefðum auðvitað átt að fara til lögreglunnar.“



> Við hefðum auðvitað átt að fara til lögreglunnar.
>
> *Hrönn Sveinsdóttir kvikmyndagerðarkona*

Krakkarnir yfirgáfu íbúð Karls Vignis á nýársmorgun og skildu hann eftir í stólnum, bundinn og nakinn. Hann sagði aldrei frá kæru vegna næturinnar, sem Hrönn lýsir sem afar undarlegri.

„Við skildum hann eftir svona í íbúðinni, allt í rúst. Fórum með játninguna en gerðum aldrei neitt við hana. Við þorðum ekki að fara með hana til löggunnar því við höfðum auðvitað hegðað okkur eins og bjánar. En við héldum að við hefðum hrætt úr honum líftóruna.“

### Átti miklar sakir við hann

Drengurinn sagði Karl hafa boðið sér húsnæði og peninga eftir að hafa lent á götunni mörgum árum áður. Hann hefði misnotað drenginn öll þau ár sem hann dvaldi hjá Karli.

„Strákurinn átti svo miklar sakir við hann og fer að rifja upp allt sem hann hafði gert honum – byrjar að tala um aðra krakka líka – og karlinn viðurkennir allt. Eins og sást í Kastljósinu er hann ekkert ófús að viðurkenna þessa hluti og verður voða aumur,“ segir hún. „Við verðum rosalega reið, erum auðvitað bara 17 ára unglingar, og ég fer inn í íbúðina og sný öllu við í stofunni. Ég eyðilagði ekkert en sneri öllum myndum við, öllum blómapottum og húsgögnum. Ég heyri bara í þeim og labba um til að sjá hvað ég get gert meira. Svo fór ég reglulega inn í borðstofu og öskraði meira á hann.“

### Þvinguðu fram játningu

Hún segir Karl Vigni hafa verið afar óttasleginn. „Hann var bara bundinn við stól og var að drepast úr hræðslu. En við bara nutum þess. Strákurinn las líka yfir honum hvað hann væri mikið ógeð og réttast væri að drepa hann. Hann viðurkenndi að hafa misnotað fullt af öðrum krökkum,“ segir hún.

„Við fundum einhverjar möppur inni í skáp hjá honum með fullt af nöfnum með einhverjum krökkum. Við þvinguðum hann til að skrifa undir játningu og skrifa niður fullt af nöfnum á börnum sem hann hafði misnotað, og hann gerði það. En hann var náttúrulega drulluhræddur, allsber í stól.“

Hún segir það hafa komið sér á óvart að Karl Vignir hefði haldið áfram að misnota börn.

„Hálfur bærinn vissi af þessu, þar á meðal ég, en samt gerðist ekkert. En á þessum árum hefði löggan sennilega bara kært okkur. Við vorum bara krakkabjálfar og þetta voru orð gegn orði og játning sem var þvinguð fram. Ég sá aldrei eftir þessu. Mér leið aldrei illa yfir því að hafa gert þetta. Það eina erfiða var að hafa hitt svona ógeðslegan mann. Þetta skrímsli sem hann sagðist sjálfur vera.“




# FENGU ÖLL DRAUMASTARFIÐ EFTIR KERFISTJÓRABRAUT NTV

Morgun- eða kvöldnám með vinnu

## Kerfisstjórabraut NTV



371 stundir - 524.000 - Byrja 28. og 29. janúar

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfis-stjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

NTV hefur boðið upp á Kerfisstjóranám frá 2008 og hefur námið skilað nemendum mjög góðum árangri varðandi vinnu og er orðið viðurkennt á markaðinum.

Flestir kennarar eru með alþjóðlega vottun, Microsoft Certified Trainer, og allir með mikla reynslu úr atvinnulífinu. Þeir nemendur sem ljúka þeim 3 alþjóðlegu prófum sem innifalin eru í námskeiðsgjaldinu fá gráðuna Microsoft Certified Solutions Associate (MCSA).

Nemendur geta að þessari námsbraut lokinni bætt við sig CCNA og Microsoft Exchange Server námi hjá NTV og fá þá 20% afslátt af þessum tveimur námskeiðum.

Enn fleiri ánægðir nemendur

Ég valdi kerfisstjóranámið þar sem mig langaði að vinna við þetta og komast betur inní tæknigeirann og áður en náminu lauk var ég kominn með starf hjá einu stæðsta Upplýsingatækni fyrirtæki landsins.

Snorri Þórðarson (tæknimaður), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

Kerfisstjóranámið er frábært nám í alla staði og hefur aukið mánaðarlegu innkomuna þó nokkuð.

Agnar Rink (sjálfstætt starfandi), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

Ég fór í Nám hjá NTV á braut sem nefnist Kerfisstjóri. Nánast um leið og námi lauk var ég kominn með vinnu sem Kerfisstjóri hjá flottu fyrirtæki með 100 starfsmenn. Ég mæli hiklaust með námi hjá NTV.

Jón Ingi Þórarinsson (Kerfisstjóri), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv

RÝMINGARSALA Í MÚRBÚÐINNI Á KLETTHÁLSI 7

- Rýmingarsala á ýmsum vörum sem hætta í sölu!
- Útlitsgallaðar vörur!
- Mikil verðlækkun!

Klettháls 7, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. kl. 10-16

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

11,8 prósent án atvinnu:

## Atvinnuleysi aldrei meira í evrulöndum

**BRUSSEL, AP** Atvinnuleysi í þeim 17 löndum Evrópusambandsins sem nota evru sem gjaldmiðil náði 11,8 prósentum í nóvember og hefur aldrei verið meira.

Þá voru í fyrsta sinn frá upphafi fjármálakrísunnar fyrir þremur árum meira en 26 milljónir án vinnu í ESB-löndunum 27. Tölurnar endurspegla það verk sem fyrir höndum er við að endurbyggja efnahag svæðisins. Atvinnuleysi eykst þótt ógnin sem steðjaði að myntbandalaginu virðist að baki.

Atvinnuleysi jókst mest í Grikklandi, um sjö prósentustig milli ára, og stóð í 26 prósentum. **- óká**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Féll í sjóinn**

Karlmaður féll milli skips og bryggju við Grandagarð rétt eftir klukkan níu í fyrradag. Maðurinn var í nokkrar mínútur í sjónum áður en honum var bjargað. Hann var fluttur á sjúkrahús til skoðunar.




**MÓTMÆLANDI** Maður með grímu sem á stendur „hljóður“ mótmælir við aðsetur blaðanna Vikublaðs suðursins og Dagblaðs suðursins í Guangzhou-borg í Kína. Á spjaldinu stendur „Látum drauminn rætast í sameiningu, áfram Vikublað suðursins“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kínverjar mótmæla ritskoðun

Blaðamenn á fréttablaði í Kína hafa lagt niður störf til að mótmæla ritskoðun. Baráttufólki fyrir málfrelsi og lýðræðisumbótum í Kína og stuðningsfólki Kommúnistaflokksins laust saman í mótmælum gærdagsins.

**KÍNA, AP** Baráttufólki fyrir málfrelsi í Kína laust saman við stuðningsmenn Kommúnistaflokksins í borginni Guangzhou í Suður-Kína í gær. Almenningur hefur tekið upp deilu sem upp kom á ritstjórnarskrifstofum Vikublaðs suðursins en stjórnvöld loka á frásagnir stuðningsmanna blaðsins á netinu.

Rót mótmælanna er að finna í deilu blaðamanna blaðsins og yfirritskoðara vegna nýársleiðara. Í fyrradag lögðu blaðamenn blaðsins niður störf í mótmælaskyni. Deilan er nú miðpunktur aukins þrýstings almennings á kommúnistastjórnina í Kína að auka upplýsingafrelsi í landinu.

Leiðara blaðsins, sem upphaflega kallaði á pólitískar umbætur, var breytt í lofræðu um Kommúnistaflokkinn. Fræðimenn hafa skrifað undir opin bréf þar sem farið er fram á brottvikningu ritskoðarans, frægðarfólk og aðrir stuðningsmenn blaðamannanna hafa tekið upp málstað blaðsins í smáfærslum á netinu (sem síðan hafa kallað á viðbrögð stjórnvalda) og hundruð höfðu í gær safnast saman, annan daginn í röð, fyrir utan höfuðstöðvar útgáfufyrirtækisins með blóm og stuðningsáletranir.

Að því er einn yfirmanna á ritstjórn Vikublaðs suðursins segir á ritstjórnarnefnd blaðsins nú í samningaviðræðum við yfirstjórn þess, sem er hluti af áróðursskrifstofu héraðsins. Maðurinn ræddi við fréttaveitu AP undir nafnleynd, vegna starfsreglna blaðsins um að ræða ekki við erlenda fjölmiðla.

Embættismenn á áróðursskrifstofunni vilja að blaðið komi út venju samkvæmt á fimmtudag en yfirmenn ritstjórnar vilja setja fyrir því ákveðin skilyrði, svo sem hvort birta megi í blaðinu bréf til lesenda þar sem farið verði yfir aðdraganda uppákomunnar og deilan útskýrð.

Þá mun ritstjórnarnefndin einnig hafa sett fram kröfu um að látið verði af ritskoðun á efni blaðsins áður en til útgáfu kemur. Lagt er til að í staðinn fái leiðtogar Kommúnistaflokksins að leggja ákveðnar línur, en megi ekki skipta sér af störfum ritstjórnarinnar og eigi að forðast að gera athugasemdir við efni blaðsins fyrr en eftir útgáfu.

Talsfólk málfrelsis tók að safnast saman fyrir utan skrifstofur Vikublaðs suðursins snemma í gærmorgun, með skilti þar sem kallað er eftir frelsi fjölmiðla og öðrum lýðræðisumbótum. Fljótlega bar svo líka að stuðningsfólk Kommúnistaflokksins, þar sem margir veifuðu kínverska fánanum. Báðar fylkingar létu svívirðingar ganga á víxl og uppnefndu hverjir aðra „svikara og hundingja“. Smávægileg slagsmál brutust út en lögregla stillti til friðar. **olikr@frettabladid.is**



Fægðu flugfjaðrirnar!

**Íslandsstofa kynnir markaðs- og söluþjálfun fyrir þá stjórnendur fyrirtækja í mannvirkjahönnun sem afla verkefna erlendis.**

Í verkefninu verður farið yfir ýmis hagnýt atriði sem nýtast við markaðsstarf og samskipti við erlenda kaupendur. Í maí er áætluð markaðsheimsókn til Noregs þar sem skipulagðir verða viðskiptafundir og fyrirtæki í einkageiranum heimsótt.

Dagskrá:

- **Vinnufundur 30. janúar: söluskilaboð og markaðsefni, menningarlæsi og samningatækni**
- **Vinnufundur 20. febrúar: samskiptahæfni, sölutækni og þjónusta**
- **Vinnufundur 11.-13. mars: kynningartækni og kynningar fyrir erlendum kaupendum**
- **Markaðsheimsókn í maí: Osló, Stavanger og Bergen**

Þátttökugjald fyrir vinnufundina þrjá er kr. 160.000. Innifalið í gjaldinu eru öll gögn, veitingar og gisting á síðasta vinnufundi. Kostnaður vegna Noregsferðar er ekki innifalinn í þátttökugjaldi.

Þetta er samvinnuverkefni faghóps mannvirkjahönnuða og Íslandsstofu.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að fylla út umsókn um þátttöku í verkefninu sem finna má á islandsstofa.is og senda á Björn H. Reynisson, bjorn@islandsstofa.is.

Nánari upplýsingar veita:
Björn H. Reynisson, bjorn@islandsstofa.is, Erna Björnsdóttir, erna@islandsstofa.is og Hermann Ottósson, hermann@islandsstofa.is

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

islandsstofa.is


Electrolux
1200 SNÚNINGA
EWP-126100 Þvottavél
Frábær heimilisvél frá Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði.
1200 snúninga stillanlegur vinduhraði
14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna og kerfi fyrir viðkvæman fatnað
3/6/9 klst framstillt ræsing
Tekur allt að 6 kíló af taui
A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhraða
XXL stór hurð - auðveld í notkun
Verð áður kr 99.900
6 KG
HRAÐ-VAL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
77.900
SPARAÐU 23.000
ZANUSSI
1600 SNÚNINGA
ZWG-6160P Þvottavél
1600 snúninga hágæða þvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
Framstillt ræsing möguleg
Mörg sérkerfi þ.á.m handþvotta-kerfi ullarkerfi.
Hægt að velja kerfi sem lág-markar krumpur og léttir þér vinnuna við að strauja
Hraðval - styttir kerfin um 30-50%
Ofnæmisskolun möguleg
A+/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottahæfni og vinduhraða
Verð áður kr. 109.900
6 KG
AAA EINKUNN
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 20.000
Electrolux
AAA EINKUNN
ESF-63012W Uppþvottavél
Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu
5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
Framstillt ræsing möguleg
Tekur borðbúnað fyrir 12 manna stell
A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
Með topplötu - getur staðið frítt
Verð áður kr 87.900
HRAÐ-VAL
70° KERFI
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
64.900
SPARAÐU 23.000
Electrolux
AAA EINKUNN
ESL-63010 Uppþvottavél
Þessa uppþvottavél má klæða með hurð í stíl við eldhúsinnréttinguna og þannig fela hana í eldhúsinu
5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
Framstillt ræsing möguleg
A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
Snertitakkar
Stærð HxB: 82-91 x 59,5 cm
Verð áður kr 109.900
HRAÐ-VAL
70° KERFI
INNBYGGÐ
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 20.000
50% AFSLÁTTUR
TRISTAR
ALLAR Pönnur!
Tefal
ÖLL pottasett!
SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR
ÚTSALA
ÖLL TILBOÐIN Á RAFHA.IS
GLER
0,4L
2.990
pr. stk
BL-4431 Blandari
Lítill blandari með glerkönnu.
Áður kr 4.990
WK-1331 Hraðsuðu-kanna 1 lítra snúrulaus.
Áður kr 4.990
SA-1121 Samloku-grill fyrir 2 sneiðar. Hvítt
Áður kr 3.490
BL-4009 Hakkari
fyrir lauk, möndlur, dressingar, hnetur og fleira smátt
Áður kr 3.990
36% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
GLER
1,5L
30% AFSLÁTTUR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
6.990
VERÐ PR. STK
1 Stál mínútugrill með riffluðum grillplötum. Verð áður 10.990
2 500W stálblandari með 1,5 lítra glerkönnu. Verð áður 9.990
3 Alhliða safapressa fyrir ávexti og grænmeti. Verð áður 9.990
MALAR ÍS
Electrolux
ERB-40233X Kæli- og frystiskápur stál
XXL kæli- og frystiskápur í A+ orkuflokki A+
285 lítra kælir og 90 lítra frystir með 3 skúffum
Vönduð innrétting með glerhillum og flöskurekka
Fresh Zone 2-3°C skúffa fyrir kjöt fisk og álegg
HxBxD: 200 x 59,5 x 63 cm
Verð áður kr. 169.900
XXL
200 CM HÁR
STÁL
X FINGRA-FÖR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
139.900
SPARAÐU 30.000
144 CM HÁR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
64.900
SPARAÐU 10.000
exquisit
GS-175A Frystiskápur
175 lítra frystiskápur með 5 skúffum
Orkuflokkur A+
HxBxD 144 x 55 x 57 cm
Verð áður kr. 74.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 10.000
exquisit
AKK-601 Keramik helluborð
Flott keramik helluborð með örfínum stálkanti og snertitökkum
Fjórar Hi-light hraðhellur þ.á.m. ein XXL 21 cm hella
Snertitakkar og LED stjórnborð
Fullt verð kr. 59.900
%
Mikið úrval af helluborðum, ofnum, viftum, háfum og öðrum innbyggðum tækjum með miklum afslætti
XXL OFN
BLÁSTUR
Electrolux
EOB-53003X Ofn
Flottur innbyggður ofn í burstuðu kámfríu stáli með klukku, blæstri og grilli
8 eldunarkerfi þ.á.m. undir- og yfirhiti, grill og blástur
Forritanleg klukka með hringingu og/eða framstilltri ræsingu
Air Control blásturstækni
Tvöfalt gler í ofnhurð
Fullt verð 99.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 30.000
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17
sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

## LANDIÐ




### Barnapössun í flugeldavertíð

**1** **GARÐABÆR** Vegna mikilla anna í kringum flugeldasölu og önnur tilfallandi verk um hátíðirnar brá Hjálparsveit skáta í Garðabæ á það ráð að bjóða barnagæslu svo foreldrar gætu gengið að verkum áhyggjulaust. Garðbæingar segja margt vinnast með þessu fyrirkomulagi. Fleiri hendur séu lausar í flugeldavinnuna, en því til viðbótar þétti pössunin hópinn enn betur. Sveitin heldur einnig tvo fjölskyldudaga á ári, einn að vetri og annan að sumri til, en það er markviss stefna að efla tengsl á milli þeirra sem starfa í sveitinni.



### Guðmundarsmiðja tekur til starfa

**2** **ÍSAFJÖRÐUR** Fab Lab, stafræn smiðja, var opnuð í Menntaskólanum á Ísafirði hinn 4. janúar. Fab Lab-smiðjan er ætluð frumkvöðlum, nemendum, almenningi, fyrirtækjum og stofnunum undir leiðsögn sérfræðinga Nýsköpunarmiðstöðvar, kennara Menntaskólans á Ísafirði og fleiri aðila. Guðmundarsmiðja er nafnið til heiðurs Guðmundi Þór Kristjánssyni, vélstjórnarkennara við Menntaskólann á Ísafirði. Fab Lab á Ísafirði er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Menntaskólans á Ísafirði, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar, Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, Vaxtarsamnings Vestfjarða og fleiri.

### Röstin víkur fyrir nýju nafni

**3** **GRINDAVÍK** Körfuknattleiksdeild UMFG hefur fengið heimild frá frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar til að skipta um nafn íþróttahússins í Grindavík, að því að Víkurfréttir greina frá. Húsið hefur um árabil borið heitið Röstin og er heimavöllur Íslandsmeistara Grindavíkur í körfuknattleik. Körfuknattleiksdeild Grindavíkur taldi fram í beiðni sinni að deildin gæti aflað talsverðra fjármuna með því að selja nafnréttinn á íþróttahúsinu til styrktaraðila. Nefndin veitir leyfi til tveggja ára með ákvæði um endurskoðun að þeim tíma liðnum.








**UMDEILT** Vinnsla úr olíusandi er afar umdeild þar sem efnahagsábata fylgja álitamál tengd mengun. NORDICPHOTOS/AFP

Umdeild olíuvinnsla er starfrækt í Kanada:

## Vinnsla úr olíusandi mengar

**KANADA Vinnsla olíu úr olíusandi í Kanada skilur eftir sig spilliefni í nærliggjandi stöðuvötnum. Þetta segir í frétt á BBC og er vísað í nýja úttekt vísindamanna.**

**Efnin sem um ræðir hafa neikvæð áhrif á lífríki vatna og fuglalíf, en finnast þó í meira magni í vötnum nálægt stórborgum.**

**Vinnsla olíu úr olíusandi er afar umdeild, enda felur hún í sér gríðarlega efnahagslega og pólitíska hagsmuni fyrir utan álitaefni í umhverfismálum.**

- þj




## Slökkvistarf í Ástralíu



**KJARRELDAR GEISA** Dreifbýlisslökkvilið Nýja Suður-Wales (NSW Rural Fire Service) hefur sent frá sér þessa mynd af ónefndum slökkviliðsmanni í slag við kjarreld við Green Point í Nýja Suður-Wales í Ástralíu. Í héraðinu geisar fjöldi elda, sem þó ógna ekki enn byggð. Hiti upp á allt að 45 gráður, þurrkatíð og vindar auka á hættuna. „Aðstæður gerast ekki verri," segir Shane Fitzsimmons slökkviliðsstjóri. Nú er gætt að því að fólk sé ekki á ferðinni í þjóðgörðum þar sem eldar loga, sums staðar án þess að nokkuð verði við þá ráðið. Á eynni Tasmaníu, sem einnig er hérað í Ástralíu, hefur fjöldi húsa orðið eldi að bráð og enn er leitað að fólki sem ekkert hefur spurst til. Enn er þó ekki vitað til þess að dauðsföll hafi orðið vegna eldanna. NORDICPHOTOS/AFP










Heimurinn fer batnandi í mörgu tilliti:

# Betri barnæska

Heimur versandi fer er allt of vinsæll frasi. Á fjölmörgum og veigamiklum sviðum er samfélagið þó í stöðugri þróun til betri vegar. Þetta á ekki síst við um málaflokka sem tengjast börnum.

Engum blöðum er um það að fletta að heimurinn sem börn samtímans alast upp í nú er allnokkru flóknari en sá sem ömmur þeirra og afar, að ekki sé talað um langömmur og langafa, ólust upp í; flóknari áreiti og margfalt fleiri möguleikar. Og flókinn heimur felur líka í sér margvíslegar hættur.

Á móti kemur að börn samtímans eru talsvert betur búin til að takast á við þá hluti sem mæta þeim á lífsleiðinni en formæður þeirra og -feður. Ástæðan er ekki síst sú að menningin hefur þróast á þann veg að fullorðið fólk, bæði foreldrar og fjölskylda og líka það fólk sem starfar með börnum, hefur tekið upp þann góða sið að hlusta á börn og taka mark á þeim.



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Fréttablaðið greindi í gær frá því að átta börn hefðu á síðustu tveimur árum komið á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans vegna kynáttunarvanda – en það hugtak er notað um upplifun frá unga aldri um að hafa fæðst í röngu kyni og telja sig tilheyra hinu kyninu. Þetta er dæmi um vanda sem ekki þarf að fara langt aftur í tímann til að sjá fyrir sér að allar líkur hefðu verið á að þaggaður hefði verið niður, ef svo ólíklega hefði viljað til að barn hefði haft uppburði í sér til að orða hann. Barn með kynáttunarvanda hefur þurft að eiga hann við sig sjálft án nokkurrar leiðsagnar.

Í Kastljósi síðustu tvö kvöld hefur þjóðin hlýtt á fullorðið fólk lýsa atvikum úr eigin æsku og æsku ástvina, kynferðislegri misnotkun sem þau geymdu ýmist með sjálfum sér eða töluðu um fyrir daufum eyrum. Maður, sem á allra vitorði var að níddist á börnum, vann í æskulýðsstarfi og var um langt árabil látinn vera yfirmaður ungra drengja á vinnustað í borginni. Börn voru vöruð við manninum en um áratuga skeið virðist fáum hafa dottið í hug að taka á meinsemdinni og kæra manninn til lögreglu. Börnin urðu bara sjálf að bjarga sér og vinna úr aðstæðum sínum.

Undanfarin misseri hefur verið greint frá misnotkun á börnum innan kirkna og á heimilum sem veita áttu börnum skjól og víðar, misnotkun sem hafði verið þögguð niður um áratuga skeið. Hugrakkt fólk sem horfst hefur í augu við beiskar minningar hefur rutt braut sem afléttir þögguninni.

Á sama tíma hefur sú þróun orðið að lagaramminn í kringum börn hefur skýrst, börn teljast börn til átján ára aldurs, réttindi þeirra eru skilgreind sérstaklega og þau eru upplýst um réttindi sín. Enn á þó eftir að lögfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fullgiltur var fyrir rúmlega 20 árum. Ekkert tækifæri skal látið ónotað til að minna á það.

Fátt bendir til annars en að þróunin muni halda áfram, að virðing fyrir mannréttindum barna muni aukast frekar og þöggunarhulunni verði enn frekar aflétt af málum sem áður lágu í algeru þagnargildi. Sú þróun mun afdráttarlaust draga úr möguleikum níðinga á að skaða börn.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Streita**
**samfara áföllum og sorg**

Bryndís Einarsdóttir sálfræðingur flytur erindi um streitu samfara áföllum og sorg á samveru hjá Nýrri dögun n.k. fimmtudagskvöld 10. janúar í safnaðarheimili Háteigskirkju (gengið inn að norðanverðu).

Fyrirlesturinn hefst kl. 20:30 en á undan eða kl. 19:00 verður opið hús þar sem fólk getur komið, spjallað og fengið kaffi.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð
www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Goðsögnin um Íslendinginn

Á góðærisárunum fyrir hrun var uppgangur Íslendinga erlendis oft útskýrður með vísun til ýmissa eðlisþátta. Einn af þeim sem undirbyggðu þessar goðsagnir var Ólafur Ragnar Grímsson forseti, sem talaði meðal annars um að eiginleikar „sem eiga sér rætur í arfleifð okkar gefa Íslendingum hugsanlega forskot á alþjóðavelli“. Nefndi hann þætti sem „gert hafa íslensku útrásina glæsilega“, þar á meðal vinnusemi, þor og dirfsku til að taka áhættu. Lykilinn væri að finna í þeirri arfleifð sem Íslendingar hlutu í vöggugjöf og „samfélaginu sem lífsbarátta fyrri alda færði okkur“.



Þessi söguskýring heldur ekki vatni, eins og síðar kom bersýnilega í ljós.

### Taka tvö

Nú þegar tekið er að rofa til eftir kreppu vekur endurreisnin athygli út fyrir landsteinana. Í úttekt BBC er einmitt leitað í gömlu tugguna um þrautseiga Frónbúann sem stendur allt af sér. Forsetinn er þar í viðtali og vísar til athafnaanda þjóðarinnar, sem hafi mögulega leitt suma af leið fyrir hrun, en þó leitt þjóð bænda og sjómanna til velmegunar á skömmum tíma. Þessi kenning er engu sennilegri en áður, í ljósi reynslunnar.

### Yfirburðakosning Jóns

Jón Bjarnason gefur ekki kost á sér fyrir næstu þingkosningar. Í yfirlýsingu vísar Jón til „yfirburðakosningar“ VG í NV-kjördæmi. Það er einkennileg notkun á hugtakinu yfirburðum, þar sem VG varð í öðru sæti á eftir Sjálfstæðisflokki í kjördæminu. VG fékk að vísu þrjá þingmenn á móti tveimur hinna flokkanna, en þar var um jöfnunarþingmann að ræða. Þessi útkoma, 22,8%, var ekki einu sinni yfirburðakosning fyrir VG, sem var með hærra hlutfall í þremur kjördæmum.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ísland sem mennskt land

SAMFÉLAG



Júlíus Valdimarsson
félagi í Húmanistaflokknum

Hinn 6. september sl. birtist í Fréttablaðinu grein eftir mig sem bar nafnið „Ég sé fyrir mér mennskan heim“. Þessi grein var að efni til fyrri hluti persónulegrar hugleiðingar eða yfirlýsingar sem ég skrifaði árið 1996 og mér finnst ekki síður eiga við í dag.

Það sem þarna var ritað fyrir 17 árum stóð einhvern veginn ljóslifandi fyrir mér og tiltrú mín hefur ekki minnkað á þá mennsku framtíð sem þar er lýst þrátt fyrir tímabundna erfiðleika sem við göngum nú í gegnum.

Ekki síst er tiltrú mín sterk á unga fólkið sem er kraftmikið og skapandi og reiðubúið til þess að leita nýrra leiða eins og kom vel fram í búsáhaldabyltingunni sem ekki hefði átt sér stað án þess. Sama er að segja um kröftugar aðgerðir ungs fólks annars staðar í heiminum sem nú krefst öðruvísi þjóðfélags. Hér á eftir fer seinni hluti hugleiðinga minna.

Ég sé fyrir mér Ísland sem mennskt land. Ég sé fyrir mér Ísland sem fyrsta landið í heiminum sem nær þessu marki. Ekki vegna þess að hér búi betra fólk, því að fólk alls staðar annars staðar á plánetunni býr yfir sömu þrá og starfar að sama marki. Ísland er hins vegar lítið land, sem samt sem áður hefur öll einkenni annarra þjóðfélaga.

Allar stofnanir og félög eru hér eins og annars staðar. Flestir kynstofnar og þjóðir eiga fulltrúa sína í íslensku þjóðfélagi og eru hluti af því eins og annars staðar.

### Mannlegt net

Allar stefnur og straumar, allir fordómar, allt trúleysi, allt vonleysi, allt óöryggi, öll tortryggni, öll græðgi, allt tillitsleysi og allt óréttlæti er hér eins og annars staðar.

Allt þetta sem þarf að leysa alls staðar í heiminum er einnig hér. Við erum hins vegar svo örfá og það er auðvelt fyrir okkur að hittast persónulega og reglulega. Það er svo auðvelt fyrir okkur að mynda mannlegt net sem nær til hverrar götu, allra hverfa, þorpa og bæja, allra skóla, vinnustaða og félaga.

Ég sé fyrir mér fordæmisáhrif þess þjóðfélags sem okkur mun takast að mynda hér á Íslandi. Hingað munu margir koma til að upplifa félagslega fyrirmynd hins mennska þjóðfélags. Við munum einnig frétta af sífellt fleiri þjóðfélögum, bæjum, þorpum, hverfum og götum þar sem tókst að breyta völdunum og opna framtíðina eins og hér…

Ég sé fyrir mér fólkið… börnin mín og barnabörnin…

Ég sé fyrir mér bjartan, breyttan og mennskan heim…

Ég sé fyrir mér alheimslega mennska þjóð…

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Áskorun til innanríkisráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi

SAMFÉLAG



**Guðrún Jónsdóttir**
talskona Stígamóta

Ágæti innanríkisráðherra. Á Stígamótum finnst okkur við hæfi á áramótunum að hnippa í þig og benda á að kjörtímabilið er að renna út. Enginn veit hver mun fara með húsbóndavaldið í þínu ráðuneyti frá og með sumrinu. Það er enn tími til þess að kippa í lag ýmsu því sem betur mætti fara og okkur langar að minna þig á nokkrar uppástungur sem við höfum áður stungið að þér.

**➜ Fjölmiðlar hafa ítrekað birt augljósar vændisauglýsingar og komist upp með það. Netsíðan Einkamál.is þar sem umfangsmikil vændisstarfsemi þrífst er látin óáreitt. Forsvarsmenn lögreglumanna á Íslandi hafa kvartað undan því í fjölmiðlum að það sé svo erfitt að framfylgja lögunum að það sé bara ekki gerandi.**

### Vændiskaup og klámbúllur

Það var á vakt þessarar ríkisstjórnar árið 2009 sem sá metnaðarfulli árangur náðist að banna kaup á vændi og í mars árið 2010 voru sett lög sem tryggja áttu lokun klámbúlla í landinu. Fyrirmyndarlög sem endurspegla skilning á tengslum vændis, kláms og ofbeldis og sem vakið hafa aðdáun og eftirtekt kvennahreyfingarinnar um allan heim.

Það sem er erfiðara að útskýra fyrir umheiminum er að fyrirmyndarlögunum er ekki beitt. Hér eru enn starfræktar klámbúllur og á Stígamótum hafa of margar konur leitað sér hjálpar vegna grófs kynferðisofbeldis sem átt hefur sér stað í tengslum við slíka staði. Stígamót koma ekki auga á nokkrar þær afsakanir sem hindra ættu lokun staðanna.

Þrátt fyrir þann anda laganna að vændi sé í raun ofbeldi og þrátt fyrir að forsvarsmenn lögreglu viðurkenni að vændi og mansal þrífist á Íslandi virðist ríkja þegjandi samkomulag um að hreyfa ekki við umfangsmikilli vændisstarfsemi hér á landi. Dómar í vændiskaupamálum eru teljandi á fingrunum og féllu flestir árið 2010 í einu máli, málinu gegn Catalinu. Fjölmiðlar hafa ítrekað birt augljósar vændisauglýsingar og komist upp með það. Netsíðan Einkamál.is þar sem umfangsmikil vændisstarfsemi þrífst er látin óáreitt. Forsvarsmenn lögreglumanna á Íslandi hafa kvartað undan því í fjölmiðlum að það sé svo erfitt að framfylgja lögunum að það sé bara ekki gerandi. Undarlegt viðhorf þegar það er borið saman við 334 kærur fyrir vændiskaup í Noregi árið 2011 þar sem lögin eru nokkurn veginn samhljóða. Þar í landi er talið að tölurnar séu fyrst og fremst mælikvarði á störf lögreglunnar. Undarlegt líka þegar rifjað er upp að aðgerðahópurinn Stóra systir fann á örskömmum tíma nöfn á 56 vændiskaupendum, 117 óskráða síma og 26 netföng og tilkynnti til lögreglu árið 2010.

Það þarf lögreglumenn sem hafa það skilgreinda hlutverk að rannsaka vændi og mansal til þess að árangur náist. Til þess að svo megi verða þarf pólitísk forysta og lögreglan að forgangsraða þannig að fjármagn og mannafli nýtist. Á Stígamótum ætlum við ekki að taka þátt í samsæri þagnarinnar. Við skorum á innanríkisráðherra að nota tímann vel fram að kosningum og sýna þann dug að sporna við umfangsmiklu vændi á Íslandi. Það er létt verk og þarft og í anda þeirra laga sem þessi ríkisstjórn setti.

### Sérstakur saksóknari og dómstóll?

Innanríkisráðherra er þekktur fyrir aðdáunarverða baráttu sína fyrir mannréttindum. Þegar Navanetham Pillay, mannréttindafulltrúi SÞ, heimsótti Ísland fyrir örfáum árum sagði hún að helsta brotalömin í mannréttindamálum á Íslandi væri meðferð kynferðisbrotamála. Brotaflokkurinn er auðvitað erfiður, þar sem sjaldnast liggja fyrir játningar og vitnum er ekki til að dreifa. Fáir einstaklingar treysta sér til þess að kæra og það er mikið brottfall mála hjá lögreglu, saksóknara og hjá dómstólum. Æpandi fá mál enda með dómi og við það er ekki hægt að una í landinu sem þykir best í heimi í jafnréttismálum. Við verðum að vera viss um að eins vel sé að verki staðið og hugsast getur.

Þegar efnahagshrunið varð á Íslandi var augljóst að gera yrði sérstakt átak í rannsókn og meðferð efnahagsbrotamála. Sett var á laggirnar embætti sérstaks saksóknara með sérþekkingu á málaflokknum.

Samkvæmt ársskýrslu ríkissaksóknaraembættisins 2008 eru kynferðisbrot um 40-50% þeirra brota sem embættinu berast. Það væri verulega áhugavert að skoða það hvort koma ætti á laggirnar embætti sérstaks saksóknara og jafnvel sérstökum dómstól til þess að sinna kynferðisbrotamálunum sem við náum svo illa utan um. Þá þyrfti að þjálfa og sérmennta fólk til þess að sinna þessum málum.

Hugmyndin er ekki úr lausu lofti gripin. Þegar vinstri stjórn tók við völdum á Spáni fyrir nokkrum árum tilkynnti þáverandi forsætisráðherra að kynbundið ofbeldi yrði forgangsmál stjórnarinnar og stóð við það. Sett var á laggirnar vararáðherraembætti sem eingöngu sinnti kynferðisbrotamálum og annað vararáðherraembætti sem sinnti jafnréttismálum. Embættin heyrðu undir velferðarráðherra. Þar var jafnframt sett á laggirnar embætti sérstaks saksóknara og sérstakur dómstóll dæmir í kynferðisbrotamálum, sem þarlendir segja að hafi bætt ástandið til muna. Það má sækja hugmyndir til fleiri staða, til dæmis til Bandaríkjanna og Írlands.

Ágæti innanríkisráðherra. Á Stígamótum deilum við áhyggjum mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Við þykjumst vita að þú sættir þig ekki við að gróf mannréttindabrot þrífist á Íslandi. Þú hefur völdin og aðstöðuna til þess að taka til hendi, við skorum á þig að gera það.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?




DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

Nám sem uppfyllir eftirspurn atvinnulífsins

Um námskeiðið:

Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn með stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og byggja ofan á hann með bæði skriflegum og verklegum æfingum.

Að því loknu eiga nemendur að hafa góða þekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð ásamt því að vera færir um að taka 2 alþjóðleg próf.

Nánari upplýsingar er að finna á ntv.is

- Almennt
  282 kennslustundir
  Verð: 399.000.-
- Helstu námsþættir
  Kynning á forritun (36)
  Viðmótshönnun (12)
  Gagnagrunnsfræði (36)
  Forritun með C# (66)
  Gluggaforritun (60)
  Gagnagrunnsforritun (36)
  Lokaverkefni (36)
- Næsta námskeið
  Kvöldnámskeið hefst 5. febrúar

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv

Rafræn Reykjavík fyrir þig



Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í heimabönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.

Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2013 (eftir 21. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir
- afpantað álagningarseðla og breytingaseðla með pósti
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 15. janúar 2013
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-70 ára

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is

# Markmið breyttra alþingiskosninga og kjördæmaskipan



NÝ STJÓRNARSKRÁ
Ari Teitsson
sat í C-nefnd Stjórnlagaráðs sem fjallaði um kosningar

Á næstu vikum fer vonandi fram efnismikil og ýtarleg umræða um flesta þætti nýs stjórnarskrárfrumvarps bæði á Alþingi og hjá lærðum og leikum í samfélaginu.

Kosningafyrirkomulag sem tryggir lýðræði er einn af veigamestu þáttum hverrar stjórnarskrár. Hér á eftir verður reynt að skýra tillögur Stjórnlagaráðs um fyrirkomulag alþingiskosninga út frá þeim markmiðum sem þar voru lögð til grundvallar, í þeirri von að slíkt auki líkur á faglegri umræðu um markmiðin og hvernig þeim verði best náð.

Grunnur alþingiskosninga er stjórnmálasamtök og einn af hornsteinum lýðræðis að þingstyrkur þeirra sé í sem bestu samræmi við kjörfylgi.

Sátt náðist í Stjórnlagaráði um önnur helstu meginmarkmið nýs kosningafyrirkomulags:

1. Efla lýðræði með því að auka bein áhrif kjósenda á val alþingismanna.
2. Jafna vægi atkvæða.
3. Styrkja tengsl alþingismanna og kjósenda.
4. Raddir sem flestra landsvæða heyrist á Alþingi.
5. Stuðla að því að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast á Alþingi.

Markmiðin eru m.a. byggð á niðurstöðum Þjóðfundar, umfjöllun Rannsóknarnefndar Alþingis, reynslu alþingismanna og ýtarlegri umræðu í Stjórnlagaráði.

Hvorki er einfalt né auðvelt að ná öllum þessu markmiðum og jafnvel fleirum samtímis og vafalaust má deila um hversu vel það hefur tekist í tillögum Stjórnlagaráðs. Tillögurnar njóta þó mikils stuðnings hjá þjóðinni, ekki síst aukið persónukjör.

### Verulegt svigrúm

Hafa verður í huga að kosningafyrirkomulag er jafnan ekki nákvæmlega útfært í stjórnarskrám en miklu fremur í kosningalögum. Því fær löggjafinn verulegt svigrúm til nánari útfærslu, sem gefur þá jafnframt tækifæri til öfgakenndra ályktana í ýmsar áttir meðan sú útfærsla liggur ekki fyrir. Við þessu hefur jafnan verið brugðist hérlendis með því að semja ný kosningalög samhliða stjórnarskrárbreytingum. Slíkt myndi nú sem fyrr eyða óvissu.

Háværar eru þær úrtöluraddir sem telja að landsbyggðin missi a.m.k helming þingmanna og þekkt andlit komi í stað þeirra. Við þessu má bregðast með því að ákveða samhliða stjórnarskrárbreytingum að kjördæmin skuli verða átta (smærri kjördæmi eru lykilatriði varðandi þriðja markmið). Einnig með því að landsbyggðarkjördæmin nýti að fullu heimildir til bundinna þingsæta, sem tryggði þá að lágmarki 23 þingmenn úr landsbyggðarkjördæmum (styrkir fjórða markmið). Með sama hætti mætti ákveða að heimild til að velja frambjóðendur af listum fleiri en einna stjórnmálasamtaka yrði ekki nýtt. Hér kann því sem fyrr að gilda að „vilji er allt sem þarf“.

**➜ Frá upphafi hefur ferli stjórnarskrárbreytinganna haft það markmið að þjóðin setti sér nýjan samfélagssáttmála. Ef marka má niðurstöður nýafstaðinnar þjóðaratkvæðagreiðslu er það verk vel á vegi statt. Það veltur þó mjög á verklagi Alþingis og fræðasamfélagsins hvernig verkinu lýkur.**

Frá upphafi hefur ferli stjórnarskrárbreytinganna haft það markmið að þjóðin setti sér nýjan samfélagssáttmála. Ef marka má niðurstöður nýafstaðinnar þjóðaratkvæðagreiðslu er það verk vel á vegi statt. Það veltur þó mjög á verklagi Alþingis og fræðasamfélagsins hvernig verkinu lýkur. Með vel rökstuddum breytingartillögum („hollum ráðum“) samfara réttmætri gagnrýni má lengi gott bæta. Hitt verður þá einnig að hafa í huga að auðveldara er að rífa niður en byggja upp og jafnframt að þjóð í vanda þarf nú öðru fremur á uppbyggingu og trú á nýja framtíð að halda.

# Það þarf heilt þorp



SAMFÉLAG
Matthías Freyr Matthíasson
starfsmaður á skammtímaheimili fyrir unglinga

Fyrirsögnin á þessari grein er fengin úr ensku og hafa flestir heyrt hana, „It takes a village“, en með henni er átt við það að það þarf heilt þorp til að ala upp barn.

Ég ritaði grein er birtist á visir.is og í Fréttablaðinu þann 21. desember síðastliðinn um einelti. Greinin og viðbrögðin við henni sem ég fékk, símleiðis og í gegnum Facebook, hvöttu mig til umhugsunar um málefnið og í kjölfarið setti ég mér það markmið að árið 2013 yrði tileinkað aukinni umræðu um einelti. Umræðu sem vonandi myndi leiða til þjóðfélagsumræðna um meinsemd eineltis og hversu alvarlegar afleiðingarnar geta orðið fyrir þolendur eineltis.

Ég á 5 ára gamla dóttur og ég horfi til þess hvers konar manneskja ég vil að hún sé. Ég tel mig einnig vita það að flestir foreldrar vilji börnum sínum vel, vilji að börnin þeirra verði góðar og gildar manneskjur í samfélaginu. Nái árangri í því sem þau taka sér fyrir hendur. En það er ekki nóg að horfa til þess hvernig við sem foreldrar og/eða uppalendur ölum börnin okkar upp, því að þau verða fyrir áhrifum alls staðar frá og sérstaklega í nútímasamfélagi þar sem netið og tæknin eru svo stór þáttur í lífi okkar flestra.

### Tvöföld skilaboð

Þegar börnin heyra foreldra sína ræða saman á neikvæðan hátt um heimilisaðstæður samnemenda, foreldra samnemenda eða um samkynhneigð o.s.frv. tekur barnið það með sér út í daglegt líf. Þegar barn verður vitni að því að fullorðinn einstaklingur lætur frá sér neikvæð (og allt að andstyggileg) ummæli á kommentakerfum fjölmiðlanna tekur barnið það með sér út í sitt daglega líf. Ef barn heyrir niðrandi orð um einstakling tekur barnið það með sér út í sitt daglega líf. Þegar barn sér fjölmiðla hampa glæpamönnum sem einhvers konar and-hetjum tekur barnið það með sér út í hið daglega líf. Þegar barn heyrir alþingismann kalla einhvern bjána tekur barnið það með sér út í hið daglega líf.

**➜ Ef barn heyrir niðrandi orð um einstakling tekur barnið það með sér út í sitt daglega líf.**

Þá skiptir engu máli hversu vel haldið er utan um barnið á heimavelli ef það fær endurtekið í sífellu tvöföld skilaboð frá þjóðfélaginu. Að það sé í lagi að tala illa um einhvern, hver sem hann er.

Ég hef þó ekki lausnirnar við því hvernig við útrýmum einelti, hvort sem um er að ræða í skólum eða á vinnustöðum. Ég er þó viss um það í hjarta mínu að við sem þjóðfélag verðum að átta okkur á því að við ölum börnin okkar upp í sameiningu. Ekki undir neinum kringumstæðum megum við sópa einelti undir teppið sem „lítilvægu“ vandamáli. Við þurfum að horfast í augu við hvernig orðræðan hefur verið að þróast síðustu ár. Sú þróun leiðir ekki til neins nema vandræða.

Fyrsta skrefið sem við verðum að taka til þess að bregðast við því vandamáli sem einelti er, er að hugsa um hvers konar þjóðfélag og einstaklinga við viljum sjá og vera í framtíðinni.



# DEWALT HÖRKUTÓL

## á heima hjá Sindra




10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2

**KR. 29.900.-**




18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

**KR. 49.900.-**




Hleðsluborvél 18V
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:60Nm
Þyngd 1,84kg
Gírar:2

**KR. 59.900.-**




Slípirokkar 2 stk.
2200W - 230mm
Sn/mín 6.500
Þyndg 5,5 kg
850W -125mm
Sn/mín 10.000
Þyngd 2,1 kg

**KR. 44.900.-**




Veltisög
Afl : 2000W
Snú/mín: 2850
Blað: 250mm

**KR. 119.900.-**



Höggborvél m/meitlun
800W
Sn/mín 0-1150
Skiptipatróna fylgi
Höggþungi 0-3,4 J
Afsogsbúnaður

**KR. 79.900.-**




Höggborvél með meitlun.
Max bor:26mm
Afl:800W,
Kraftur:0-3,4 J
Sn/min:0-1150
Þyngd:2,9kg

**KR. 39.900.-**




Stingsög 701w
4 stillingar á blaði
Blástur frá blaði
26mm slaglengd
Þyngd 2,8 kg

**KR. 39.900.-**




Hleðsluútvarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla

**KR. 45.900.-**

## SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000

# 30 ár á sömu kennitölu

**Fréttamiðillinn Víkurfréttir fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. Páll Ketilsson ritstjóri segir blaðið búa að því að vera í góðum tengslum við íbúa og vera á góðu fréttasvæði.**

Víkurfréttir á Suðurnesjum fagna 30 ára afmæli um þessar mundir. Víkurfréttir voru reyndar stofnaðar tveimur og hálfu áru fyrr og voru í eigu prentsmiðjunnar Grágásar en hinn 7. janúar 1983 tók félag í eigu Páls Ketilssonar og Emils Páls Jónssonar við rekstri blaðsins. Emil hvarf úr rekstrinum árið 1993 en síðan þá hefur blaðið verið í eigu Páls, sem jafnframt ritstýrir því, og Ásdísar Bjarkar Pálmadóttur konu hans.

Páll rifjar upp þegar hann tók við blaðinu ásamt Emil, þá aðeins liðlega tvítugur að aldri.

„Ég var nýbúinn með stúdentinn og hafði unnið í banka í eitt ár. Fjölmiðlaveiran var hins vegar komin í blóðið, ég hafði verið lausapenni á blaðinu frá stofnun, og þegar tækifærið gafst til að taka við því gat ég ekki annað en stokkið á það. Og hér er ég enn og félagið á sömu kennitölu, sem þykir ákveðið afrek á Íslandi í dag,“ segir hann og hlær.

Í dag starfa um tíu manns hjá fyrirtækinu en auk Víkurfrétta heldur félagið út golfsíðunni Kylfingur.is og vinnur ýmis verkefni fyrir golfhreyfinguna. Víkurfréttir hafa getið sér orð sem einn helsti bæjarmiðill landsins og átt ófá skúbbin í gegnum tíðina.

„Við höfum alla tíð verið fréttaþyrst og haft mikinn metnað fyrir því að veita góða fréttaþjónustu,“ segir Páll. „Ég held að lykillinn sé líka sá að við höfum náð góðri tengingu við bæjarbúa og þeir láta okkur oft vita þegar eitthvað er að gerast. Þetta er líka sterkt fréttasvæði, fimm sveitarfélög þar sem margt er um að vera og svo er það auðvitað nálægðin við Keflavíkurflugvöll og flugstöðina; það er mikið fjör í kringum það, sérstaklega í seinni tíð.“

Undanfarin þrjátíu ár hafa verið miklir umbrotatímar í fjölmiðlum og Páll man tímanna tvenna. Hann segir netið hafa verið mikla viðbót og settu Víkurfréttir vefsíðu á laggirnar þegar árið 1995. „Við leggjum sífellt meiri áherslu á vefinn og reynum að vera í takt við þróunina á honum. Yngra fólkið er meira á netinu, en þeir sem eldri eru kjósa enn pappírinn. Fyrir vikið erum við eiginlega að reka tvo miðla í einu, vef og blað, og það þarf að sjóða góða súpu úr því. Við reynum að vera með nýtt efni í hverju blaði samhliða því að við skrifum nýjar fréttir á vefinn á hverjum degi.“

En hvernig sér Páll næstu þrjátíu ár fyrir sér?

„Það er afskaplega skemmtilegt að vinna á fjölmiðlum enda er umhverfið í sífelldri þróun. Við stefnum að minnsta kosti á að halda ótrauð áfram á sömu braut og og vera í framlínunni í fjölmiðlum hér á Suðurnesjum og jafnvel þótt víðar væri leitað.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁSDÍS OG PÁLL** Á þriðjudag var starfsmönnum boðið upp á köku en á fimmtudag verður slegið upp hófi með fyrrverandi og núverandi starfsfólki blaðsins. MYND/ HILMAR BRAGI BÁRÐARSON

---



Kær móðir okkar,

**GUÐFINNA KARLSDÓTTIR**
**á Knútsstöðum,**

verður jarðsungin frá Neskirkju í Aðaldal laugardaginn 12. janúar klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík.

**Jónas og fjölskylda**
**Karlotta og fjölskylda**

---



Föðursystir mín,

**INA BILDSÖE-HANSEN**
**fædd Imsland,**

lést 15. desember. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Starfsfólki á Skjóli eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun síðastliðin ár.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Edda Rakel Imsland.**

---



Elskuleg móðir okkar,

**KOLBRÚN NAKSZYNSKI**
**frá Akureyri,**

lést eftir erfið veikindi á heimili dóttur sinnar í Kolding í Danmörku fimmtudaginn 3. janúar. Jarðsett verður í Kolding 10. janúar.

**Díana Heiðarsdóttir**
**Hafþór Heiðarsson**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**SIGURBERGS HELGA ELENTÍNUSSONAR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Sara Jóhannsdóttir**
**Guðbrandur Sigurbergsson** **Þórdís Geirsdóttir**
**Jóhann Sigurbergsson** **Aldís Drífa Þórðardóttir**
**Kristín Sigurbergsdóttir** **Bóas Jónsson**
**Björgvin Sigurbergsson** **Heiðrún Jóhannsdóttir**
**Anna Jódís Sigurbergsdóttir** **Bjarki Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA GÍSLADÓTTIR**
**Skúlagötu 40b, Reykjavík,**

sem lést á Droplaugarstöðum 1. janúar 2013 verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 10. janúar, klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins, símar 543-3022 og 543-3025.

**Ólafur Guðjónsson**
**Gísli Ólafsson** **Elísabet Solveig Pétursdóttir**
**Viðar Ólafsson** **Birna Björnsdóttir**
**Þórunn Ólafsdóttir**
**Sveinn Ingi Ólafsson** **Gyða Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR GUÐBJARTSSON**
**Nesvegi 66, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir**
**Ásdís Hauksdóttir** **Emil Haraldsson**
**Karítas Hrönn Hauksdóttir**
**Kristján Hauksson**
**Sunneva Ósk Ayari** **Óskar Páll Hilmarsson**
**Benedikt Emilsson** **Ingunn Hrund Einarsdóttir**
**Haraldur Freyr Emilsson Ewerlöf** **Nina Ewerlöf**
**Eyrún Anna Emilsdóttir** **Nils Magnusson**
**Haukur Már Böðvarsson**
**Magnús Valur Böðvarsson**
**Benjamín Hrafn Böðvarsson**
**Samúel Örn Böðvarsson**
**Stefanía Eiríka Kristjánsdóttir** **Hlynur Gíslason**
**Eva Lind Kristjánsdóttir**
**og langafabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EBBA LOUISE ANDERSEN**
**Dalbraut 20, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 6. janúar. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þórir Albert Kristinsson**
**Unnur Kristinsdóttir** **Valdemar St. Jónasson**
**Franz Einar Kristinsson** **Martina Pötzsch**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**JÓN EINARSSON**
**vélstjóri,**
**Suðurlandsbraut 60, 108 Reykjavík,**
**áður Álfhólsvegi 35, Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 27. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aðstandendur.**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Hrísum í Fróðárhreppi,**
**síðast til heimilis á Höfða, Akranesi,**

andaðist sunnudaginn 6. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Eygló Tómasdóttir** **Þorgils Sigurþórsson**
**Tómas Rúnar Andrésson**
**og ömmubörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar,

**HULDU ÞÓRISDÓTTUR**
**frá Blikalóni á Melrakkasléttu.**

Sérstakar þakkir eru færðar Ásgerðarsystrum í Oddfellow fyrir aðstoð og stuðning og starfsfólki Kumbaravogs fyrir einstakt viðmót og aðhlynningu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**börn hinnar látnu.**

---



Elskulegur sonur minn, bróðir minn, faðir og frændi,

**SMÁRI ÖRN ÁRNASON**
**Grundargötu 20, Grundarfirði,**

sem lést 20. desember, verður jarðsunginn frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 12. janúar kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hanna Guðný Ingibjörg Björgvinsdóttir.**

---



Yndisleg móðir okkar, dóttir, stjúpdóttir, systir og barnabarn,

**EVA LIND JÓNSDÓTTIR**

lést að kvöldi 7. janúar sl. á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Útförin auglýst síðar.

**Ísak Máni Jörgensen**
**Elisabeth Mai Jörgensen**
**Jón Þórarinsson** **Birna María Antonsdóttir**
**Jóhanna Magnúsdóttir**
**Jón Friðrik Snorrason**
**Jóhanna Vala Jónsdóttir**
**Þórarinn Ágúst Jónsson**
**Anton Örn Jónsson**
**Þorbjörg Jónsdóttir**
**Valgerður Kristjánsdóttir**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BALDUR S. ÞORLEIFSSON**
**Hátúni 10b, Reykjavík,**

lést á heimili sínu þann 29. desember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 15. janúar kl. 13.00.

**Erla Baldursdóttir** **Ragnar Gunnlaugsson**
**Hrönn Baldursdóttir** **Sveinn Ernstsson**
**Berglind Baldursdóttir**
**Bjarni Baldursson** **Silja Björk Baldursdóttir**
**Hjördís Baldursdóttir** **Jóhann Viðar Margrímsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. janúar 2013 | 1. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Áratuga forskot með Svaninn!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# KONUM Í STJÓRNUM **FJÖLGAR HÆGT**

- **Fimmtungur stjórnarmanna allra fyrirtækja er konur.**
- **Hlutfallið var tíu prósent fyrir þremur árum.**
- **Fyrirtæki með konur í stjórn fara síður í þrot.**




## Heiðar Már búinn að selja helming bréfa sinna í Vodafone

Ursus ehf., félag í eigu fjárfestisins Heiðars Más Guðjónssonar, hefur selt um helming þess hlutafjár í Fjarskiptum, móðurfélags Vodafone, sem hann keypti í hlutafjárútboði fyrir skráningu þess.

Alls keypti Ursus 4,7 prósent í félaginu í útboðinu en virði þess hlutar var 491 milljón króna. Bréfin voru tekin til viðskipta 18. desember og á þeim tíma var Ursus þriðji stærsti eigandi Fjarskipta. Félagið var auk þess eini eigandinn á meðal þeirra 20 stærstu sem voru í eigu einstaklings.

Samkvæmt yfirliti frá Kauphöllinni yfir stærstu hluthafa félagsins þann 27. desember kemur hins vegar fram að eignarhlutur Ursusar hafi verið kominn niður í 2,3 prósent. Félagið er nú áttundi stærsti eigandi Fjarskipta. Gengi Fjarskipta hefur hækkað úr 31,5 krónum í 32,80 krónur frá því að félagið var skrá á markað. - þsj

## Íslenskir aðalverktakar aftur að fullu í eigu erlendra aðila

Íslenskir aðalverktakar eru á ný komnir að fullu í eigu svissneska verktakafyrirtækisins Marti. Marti keypti verktakahluta Íslenskra aðalverktaka af Arion banka árið 2010 en seldi síðar sama ár samtals 50% hlut í fyrirtækinu til stjórnenda Íslenskra aðalverktaka, Karls Þráinssonar og Gunnars Sverrissonar, sem borguðu fyrir hlutinn með 200 milljóna kúluláni frá Marti. Marti keypti hins vegar eignarhlut þeirra Karls og Gunnars aftur árið 2011 og gerði upp lánið. - síða 4

## Auður I kaupir í Gámafélaginu

Auður I, fagfjárfestasjóður Auðar Capital, hefur keypt nýtt hlutafé í Íslenska gámafélaginu og þar með eignast helmingshlut í félaginu. Fyrir kaupin var fyrirtækið að 35% í eigu Eignasafns Seðlabanka Íslands og að 65% í eigu ýmissa fjárfesta, þar á meðal nokkurra af stjórnendum fyrirtækisins.

Auður I, sem fjárfestir í hlutabréfum óskráðra fyrirtækja, er þar með orðinn fullfjárfestur en hann er 3 milljarðar króna að stærð. Sjóðurinn á nú hluti í átta fyrirtækjum, þar á meðal Ölgerðinni, Já og Securitas. - mþl



## Fróðleiksmolinn
DataMarket

### Háskólamenntun: Ísland og umheimurinn

Á myndritinu hér að neðan má sjá tölur frá World Bank yfir hlutfall íbúa, 25 ára og eldri, sem lokið höfðu við háskólagráðu árið 2010.

Íslendingar eru í 14. sæti listans með 18,3% en Bandríkjamenn eru efstir með 31,6%.

### Hlutfall íbúa 25 ára og eldri með háskólapróf (%)




Athyglisvert er að bera saman skiptingu útskrifaðra háskólanema eftir námsbrautum, til dæmis á Íslandi og í Japan. Sá samanburður sýnir að hærra hlutfall háskólamenntaðra Japana en Íslendinga er með gráðu í verkfræði og þjónustugreinum.

Aftur á móti er hærra hlutfall háskólamenntaðra Íslendinga með gráðu í félags- eða menntavísindum.

### Menntun háskólamenntaðra eftir námsbraut




## Dagatal viðskiptalífsins
keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 9. janúar**
- **Erlend staða Seðlabankans** | hagtölur SÍ

**Fimmtudagur 10. janúar**
- **Skattadagur Deloitte, SA og VÍ**

**Mánudagur 14. janúar**
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir** | hagtölur SÍ

**Þriðjudagur 15. janúar**
- **Atvinnuleysi í desember 2012**

**Mánudagur 28. janúar**
- **Verðbréfaviðskipti** | hagtölur SÍ
- **Staða markaðsverðbréfa** | hagtölur SÍ
- **Íslandsbanki** | uppgjör síðasta fjórðungs 2012

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Athugasemd frá Pétri Einarssyni, forstjóra Straums:

# Stærsta skráning frá hruni

„Í tilefni umfjöllunar Markaðarins um útboð Eimskips á síðasta ári óskast að eftirgreindu verði komið á framfæri:

Af fjórum skráningum á Íslandi frá hruni var Eimskip langstærst en markaðsvirði við skráningu var 40 ma.kr. á meðan önnur útboð hafa verið á bilinu 10-16 ma.kr. Það var skráning Eimskips stærsta skráning ársins í kauphöllum Nasdaq OMX á Norðurlöndum. Í útboðinu til fagfjárfesta var um 50% umframeftirspurn og í almenna útboðinu var um fimmföld eftirspurn.

Í nauðasamningum Eimskips 2009 var gengi félagsins um 135 krónur á hlut en í útboðinu nú var gengið 208 á hlut sem er yfir 50% hækkun. Engu að síður hefur gengið hækkað um 20% til viðbótar frá skráningu. Þessi mikla eftirspurn og jákvæða verðþróun sanna vel heppnað útboð og sýna fram á þann mikla árangur sem stjórnendur Eimskips hafa náð í rekstri félagsins frá endurskipulagningu.

Hvað snertir framkvæmd útboðsins að öðru leyti liggur fyrir að Fjármálaeftirlitið framkvæmdi í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar ýtarlega athugun á þeim atriðum sem tiltekin eru í umsögn Fréttablaðsins án þess að gera athugasemdir við framkvæmdina. Umsögn um viðskiptin byggist þannig á fullyrðingum og sögusögnum um framkvæmd viðskiptanna, sem komið hefur í ljós að áttu ekki rétt á sér.“

# Mikið líf á hlutabréfamarkaði í byrjun árs

***Úrvalsvísitala íslenska hlutabréfamarkaðarins hefur hækkað um rúm 5% á fyrstu fimm viðskiptadögum ársins. Þá hefur meðalvelta þessa daga verið margföld á við meðalveltu ársins 2012.***

VIÐSKIPTI
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Mikið fjör hefur verið á íslenska hlutabréfamarkaðnum fyrstu daga. Fyrstu fjóra viðskiptadaga hans var meðalvelta á dag í Kauphöllinni 1.581 milljón króna en til samanburðar var meðalvelta á dag 355 milljónir í fyrra. Þá er veltan fyrstu fjóra daga ársins næstum tvöfalt meiri en öll velta janúarmánaðar í fyrra.

Á sama tíma hefur úrvalsvísitalan OMXI6 hækkað um ríflega 5% og rauf 1.100 stigin í fyrsta sinn eftir endurræsingu í 1.000 stigum í upphafi árs 2009 eftir bankahrunið.

„Þetta hefur verið sérstaklega fjörugt undanfarna daga en þó má segja að markaðurinn hafi verið fjörugur alveg frá skráningu Vodafone um miðjan desember. Þannig var meðalveltan síðustu sex viðskiptadagana í desember einhverjar 1.200 milljónir á dag,“ segir Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar, og bætir við: „Við höfum klárlega fundið að með nýskráningunum síðustu misseri hefur áhuginn á hlutabréfum sem fjárfestingarkosti verið að aukast. Ég verð þó að játa að þessi skyndilegi kippur hefur komið aðeins á óvart.“

Magnús bendir á að með fjölgun skráðra fyrirtækja hafi innlendi hlutabréfamarkaðurinn orðið raunhæfari valkostur við skuldabréfamarkaðinn. Það hafi það sitt að segja að virk viðskiptavakt er með öllum nýju félögunum sem eru orðin alls fjögur á síðasta rúma einu ári.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka, segir að virknin á hlutabréfamarkaðnum síðustu daga hafi verið óvenju mikil, ekki síst þar sem engar stórar viðskiptafréttir hafi birst þessa daga.

„Það eru hins vegar ákveðnir þættir í efnahagsumhverfinu sem eru að ýta undir aukna virkni hlutabréfamarkaðarins. Það er mikið af fjármunum sem eru fastir í krónum út af höftunum og fjárfestingarkostir eru fáir. En þetta á svo sem ekki sérstaklega við um þessa fáu daga sem liðnir eru af árinu,“ segir Ingólfur.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, tekur í sama streng og bendir auk þess á uppsafnaða fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna. „Þá hefur hlutfall hlutabréfa af eignasöfnum lífeyrissjóðanna verið frekar lágt. Það er því svigrúm hjá þeim til að auka við sig í hlutabréfum á kostnað skuldabréfa,“ segir Daníel og bætir loks við að hluti af skýringunni á aukinni veltu sé væntanlega einfaldlega sú að skráðum félögum hafi fjölgað.

Þá bendir Ingólfur á að hlutabréfamarkaðurinn hafi orðið áhugaverðari kostur í samanburði við skuldabréfamarkaðinn síðustu misseri. „Það voru mjög mikil tækifæri á skuldabréfamarkaði eftir bankahrunið. Bæði var verið að keyra vexti mjög hratt niður og þá var skuldabréfamarkaðurinn líka eiginlega eini virki eignamarkaðurinn sem var eftir. Þau tækifæri eru ekki lengur til staðar þar og því kannski eðlilegt að fólk beini sjónum sínum frekar annað.“

Spurður hvort vísbendingar hafi komið fram um að einstaklingar hafi verið að kaupa hlutabréf í meira mæli en áður svarar Ingólfur að lokum: „Við höfum séð að innlán hafa aðeins verið að minnka og hlutabréfasjóðir að vaxa sem bendir til þess að áhugi almennings hafi aðeins glæðst. Mín tilfinning er þó sú að stofnanafjárfestar standi að baki flestum stærstu viðskiptunum.“



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Fyrstu dagar ársins 2013 hafa verið með allra virkustu viðskiptadögum á hlutabréfamarkaði frá bankahruni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HLUTABRÉFAMARKAÐURINN 2012-2013




> Þetta hefur verið sérstaklega fjörugt undanfarna daga en þó má segja að markaðurinn hafi verið fjörugur alveg frá skráningu Vodafone um miðjan desember.
>
> **MAGNÚS HARÐARSON, AÐSTOÐARFORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR**

# RÝMINGARSALA

## ÞÚ BARA MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU

## VIÐ LOKUM SPORTBÚÐINNI
## ALLT Á AÐ SELJAST

- BYSSUSKÁPAR Á MIKLUM AFSLÆTTI
- FLUGUSTANGIR Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
- RIFFLAR Á GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI
- VÖÐLUR Á STÓRFENGLEGUM AFSLÆTTI
- SPÚNAR Á SVÍVIRÐILEGUM AFSLÆTTI
- GÆSAGALLAR Á LYGILEGUM AFSLÆTTI
- HAGLABYSSUR Á ÓHEYRILEGUM AFSLÆTTI
- GERVIGÆSIR Á MÖGNUÐUM AFSLÆTTI
- HAGLASKOT Á SMÁAFSLÆTTI
- VEIÐIJAKKAR Á OFSAFENGNUM AFSLÆTTI
- FLUGULÍNUR Á SVAKALEGUM AFSLÆTTI
- VEIÐIHJÓL Á HRIKALEGUM AFSLÆTTI
- TAUMAR OG SÖKKENDAR Á AFSLÆTTI
- KASTSTANGIR Á KLIKKUÐUM AFSLÆTTI
- STRANDVEIÐIHJÓL Á MIKLUM AFSLÆTTI
- KAYAKAR Á FLOTTUM AFSLÆTTI

**FULLT AF ALLSKONAR Á HÁLFVIRÐI**

**OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG**
**10 TIL 16 Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG**

*Við lokum Sportbúðinni í janúar. Allar vörur á miklum afslætti.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

MÁN. TIL FÖS.- 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

Klak – Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins:

# Eyþór Ívar Jónsson hættur sem framkvæmdastjóri Klaks


EYÞÓR INGI JÓNSSON

Eyþór Ívar Jónsson, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins frá því í febrúar 2008, hefur látið af störfum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá honum sem birtist á heimasíðu Klaks í gær.

Klaki er ætlað að vera samfélagslegur vettvangur atvinnulífsins í nýsköpun. Fyrirtækið skilgreinir hlutverk sitt þannig að það eigi að efla samkeppnishæfni, verðmætasköpun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Klak, sem er í 100 prósent eigu Nýherja, tapaði 13,3 milljónum króna á árinu 2011 samkvæmt síðasta ársreikningi sem fyrirtækið hefur skilað inn. Í tilkynningu Eyþórs kemur hins vegar fram að Klak hafi skilað hagnaði á árinu 2012.

Þar segir einnig að hann hafi ákveðið að láta af störfum eftir næstum fimm ára „maraþonspretthlaup“. „Þetta er góður tímapunktur. Klak skilar hagnaði og það er búið að tryggja reksturinn til næstu tveggja ára, það eru stór og mikilvæg verkefni á dagskránni sem er búið að fjármagna. Klak mun eflast næstu misserin.“

- þsj

Um helmingur ungra Grikkja og Spánverja án vinnu:

# Atvinnuleysi eykst milli ára innan ESB

Atvinnuleysi í löndum Evrópusambandsins (ESB) var 10,7 prósent í nóvember síðastliðnum. Innan þeirra 17 landa sem eru aðilar að myntbandalagi sambandsins er atvinnuleysið aðeins hærra, eða 11,8 prósent. Til samanburðar var atvinnuleysi á Íslandi 5,4 prósent á sama tíma. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Eurostat, hagstofu ESB.

Atvinnuleysi hefur aukist innan sambandsins á milli ára. Í nóvember 2011 var það 9,9 prósent og hefur því aukist um 0,9 prósentustig. Atvinnuleysið hefur aukist í 18 aðildarríkjum, dregist saman í sjö og nánast staðið í stað í Danmörku og Ungverjalandi.

Atvinnuleysi er gríðarlega mikið á meðal fólks undir 25 ára í ESB-löndunum en 5,8 milljónir manna sem falla í þann flokk eru án atvinnu. Það gera 23,7 prósent allra innan hans. Minnst er atvinnuleysið á meðal ungra Þjóðverja (8,1 prósent), en mest á meðal ungra Grikkja (57,6 prósent) og Spánverja (56,5 prósent).

- þsj


**MERKEL** Atvinnuleysi er minnst á meðal ungs fólks í Þýskalandi Angelu Merkel kanslara.

Skuldatryggingarálag ríkisins lækkað um 30% frá júlí:

# Skuldatryggingarálag ríkissjóðs lækkar enn

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs hefur haldið áfram að lækka síðustu daga. Mælist það nú 172,7 stig og hefur ekki verið lægra síðan í júní árið 2008. Álagið hefur lækkað um hátt í 30% á hálfu ári.

Skuldatryggingarálag er ágætur mælikvarði á gjaldþrotaáhættu ríkissjóðs. Álagið er raunar það vaxtaálag sem fjárfestar krefjast á skuldabréf ríkissjóðs sem umbun fyrir þá hættu að ríkissjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Lækkandi skuldatryggingarálag bendir því til þess að áhyggjur fjárfesta af skuldastöðu ríkisins fari minnkandi.

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs var lengst af undir tíu punktum en fór að hækka verulega þegar áhyggjur vöknuðu af stöðu íslenska bankakerfisins í aðdraganda bankahrunsins. Í kjölfar þess fór álagið hæst í 1.500 punkta, jafngildi 15 prósentustiga álags, en hefur farið sífellt lækkandi síðan ef frá er skilinn kúfur haustið 2009.

- mþl


**ARNARHVÁLL** Áhyggjur fjárfesta af skuldastöðu ríkissjóðs hafa farið lækkandi síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**HARPA** Harpa var meðal verkefna sem Íslenskir aðalverktakar unnu að þegar Arion banki seldi verktakahluta fyrirtækisins til svissneska fyrirtækisins Marti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskir aðalverktakar á ný að fullu í erlendri eigu

***Svissneska fyrirtækið Marti er að nýju orðið 100% eigandi að ÍAV. Félagið keypti verktakahluta félagsins af Arion banka árið 2010 en veitti stjórnendum félagsins lán til kaupa á 50% hlut.***

**VIÐSKIPTI**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Íslenskir aðalverktakar eru á ný komnir í 100% eigu svissneska verktakafyrirtækisins Marti Holding AG. Marti keypti verktakahluta Íslenskra aðalverktaka af Arion banka árið 2010 en seldi 50% hlut í fyrirtækinu til stjórnenda félagsins, þeirra Karls Þráinssonar forstjóra og Gunnars Sverrissonar, forstjóra ÍAV Holding, síðar sama ár.

Karl Þráinsson staðfesti við Markaðinn í gær að þeir Gunnar hefðu nú selt eignarhluti sína í fyrirtækinu aftur til Marti. Raunar veitti Marti þeim Karli og Gunnari lán fyrir kaupunum á sínum tíma og hefur það lán nú verið gert upp.

Íslenskir aðalverktakar fóru eins og mörg önnur fyrirtæki illa út úr bankahruninu og skuldaði Drög ehf., þáverandi móðurfélag Íslenskra aðalverktaka, Arion banka alls 28,1 milljarða króna í árslok 2009. Þá var eigið fé félagsins neikvætt um 20,3 milljarða. Í kjölfarið leysti bankinn félagið til sín en fyrri eigendur höfðu meðal annars verið þeir Karl og Gunnar.

Arion banki seldi verktakahluta Íslenskra aðalverktaka í mars 2010 til svissneska verktakarisans Marti Holding AG sem hafði átt í samstarfi við Íslenska aðalverktaka hér á landi um árabil. Kaupverðið var 400 milljónir króna en fasteignaþróunarverkefni Íslenskra aðalverktaka og þorri skulda þess voru skilin eftir hjá bankanum.

Í ágúst 2010 veitti Marti þeim Karli og Gunnari síðan 200 milljóna kúlulán, á gjalddaga árið 2040, til að þeir gætu hvor um sig keypt fjórðungshlut í eignarhaldsfélaginu Íslenskir aðalverktakar ehf. sem á allar rekstrareiningar fyrirtækisins.

Í desember árið eftir var hlutafé Íslenskra aðalverktaka ehf. aukið um 300 milljónir króna, og sama ár keypti Marti aftur eignarhluti þeirra Karls og Gunnars og gerði upp lán sín við þá eins og áður hefur komið fram.

Eignarhaldsbreytingarnar urðu hins vegar ekki opinberar fyrr en með útgáfu ársreiknings Íslenskra aðalverktaka ehf. fyrir árið 2011 sem var skilað inn til ársreikningaskrár milli jóla og nýárs.

Eignarhaldsfélag Hörpu hagnaðist um 103 milljónir:

# Þrjú félög Helga áttu 1,1 milljarð

Eignarhaldsfélag Hörpu hagnaðist um 103,2 milljónir króna á árinu 2011. Félagið hagnaðist um 164,7 milljónir króna árið áður. Félagið er í meirihlutaeigu Helga Magnússonar, formanns stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem á 56 prósent. Bróðir hans, Sigurður Gylfi, á 21 prósents hlut og Þóra Guðrún Óskarsdóttir og börn hennar eiga afganginn. Þessir aðilar erfðu málningarvörufyrirtækið Hörpu og seldu það árið 2004.

Alls nemur virði eigna félagsins 629,8 milljónum króna. Þær hækkuðu á milli ára um tæpar 60 milljónir króna. Á meðal eigna Eignarhaldsfélags Hörpu eru bréf í Marel, en Helgi situr í stjórn þess félags fyrir hönd Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem er þriðji stærsti eigandi Marels með 7,4 prósenta eignarhlut. Helgi er stjórnarformaður lífeyrissjóðsins. Alls nam virði skráðra markaðsbréfa í eigu Eignarhaldsfélags Hörpu 608 milljónum króna í lok árs 2011. Félagið seldi hluti í Marel í maí 2012 fyrir rúmlega 100 milljónir króna.

Helgi á einnig félögin Varðberg ehf. og Eignarhaldsfélagið Hofgarða. Á meðal eigna þeirra eru hlutabréf í Marel. Samanlagt nam virði allra eigna félaganna tveggja 491 milljón króna í lok árs 2011. Því áttu þessi þrjú félög sem Helgi á í eignir upp á samtals 1.120 milljónir króna í lok árs 2011. Hofgarðar keyptu síðan hlutabréf í Marel fyrir um 75 milljónir króna í apríl 2012.

- þsj

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FLEIRI HEIMSÆKJA SUÐUR-KÓREU**
**Sú staðreynd að meira en einn milljarður manna hefur horft á Gangnam Style á YouTube hefur haft mikil áhrif á ferðamannastraum til Seúl í Suður-Kóreu. Gangnam er úthverfi í borginni en þar hefur ferðamönnum fjölgað um 13,4% síðustu mánuðum, aðallega frá Japan og Kína.**


**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri, skinnfóðraðir. Stórar stærðir.**



Teg: 206202 23 Stærðir: 41 - 48
Verð: 16.975.-
Teg: 206201 23 Stærðir: 40 - 47
Verð: 16.985.-

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

**TÆKIFÆRISGJAFIR**

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

www.tk.is
Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



**ÚTSALA**
**Í FULLUM GANGI!**
NÝ SENDING AF DRÖGTUM!

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara




# HEILSUSAMLEGUR BOMBAY-BORGARI

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Tandoori-maríneraður kalkúnaborgari og kalkúnalundir í speltbrauði eru nýir heilsuréttir á matseðlinum.*

Tveir heilsuréttir með indversku yfirbragði eru í öndvegi á Texasborgurum við Grandagarð á nýju ári, Bombay-borgari og Bombay-samloka úr kalkúnakjöti frá Ísfugli. „Okkur þykir gaman að prófa eitthvað nýtt og höfum verið með alls konar hamborgara þó að klassíski ostborgarinn úr nautakjöti sé alltaf vinsælastur," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við marínerum borgarana og kalkúnalundirnar í heimagerðri tandoori-kryddblöndu fyrir steikingu og berum fram í speltbrauði með mangó-chutney, jöklasalati, tómötum og rauðlauk ásamt raítu og svo velur fólk salat eða franskar sem meðlæti. Báðir réttirnir eru heilsusamlegir og gefa góða næringu, enda er borgarinn 140 g og lundirnar í samlokunni 150 g. Heilsufrömuðir mæla líka með mögru fuglakjöti eftir hátíðirnar." Bombay-borgarinn er aðeins 590 hitaeiningar og Bombay-samlokan 570 og hollustan ótvíræð, sérstaklega ef valið er speltbrauð og salat í stað franskra og Kristall fremur en gosdrykkur. Verðið er jafnaðlaðandi, Bombay-borgarinn ásamt meðlæti er á 1.290 kr. og Bombay-samlokan á 1.890 kr.

Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, Texasborgarar.is, og á Facebook þar sem hægt að skoða matseðilinn og tilboð sem alltaf eru í gangi á þessum heilsusamlega hamborgarastað við gömlu höfnina.



**BOMBAY-BORGARI** Tandoori-maríneraður kalkúnaborgari borinn fram í speltbrauði með mangó-chutney, jöklasalati, tómötum og rauðlauk ásamt raítu. MYND/GVA


**ÚTSALA ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR**

**PHILIPS BLU-RAY SPILARAR FRÁ 19.990**

**OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI**

**JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti**

**Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti**

**Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti**

**Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti**

OPIÐ LAUGARDAG 11–16

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

**ALLAR STÆRÐIR AF SJÓNVÖRPUM Á FRÁBÆRUM VERÐUM**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# UM JÓL OG ÁRAMÓT Í HÖFÐABORG

***ÆVINTÝRI** Hjónin Margrét Helgadóttir tannlæknir og Guðjón Halldórsson, verkefnastjóri hjá Marel, eyddu jólum og áramótum í Höfðaborg í S-Afríku og héldu upp á brúðkaupsafmæli.*

Margrét segir það hafa verið skemmtilega upplifun að vera fjarri íslenskum jólum en óneitanlega svolítið skrítið. „Guðjón þurfti að fara til Höfðaborgar vegna vinnu sinnar og mér fannst ómögulegt að hafa hann einan þar um hátíðirnar," segir Margrét kímin og bætir við að Marel sé með eitt stærsta verkefni sem fyrirtækið hefur tekið að sér í Höfðaborg um þessar mundir. „Það er verið að endurnýja græjur í fiskvinnslustöð en verkefnið hófst 2. janúar og tíu til fjórtán Íslendingar eru við störf."



**Í TJALDI** Guðjón og Margrét snæddu af afrísku hlaðborði úti í sveit í S-Afríku á meðan síðustu mínútur ársins 2012 voru taldar niður.
MYNDIR/EINKASAFN

### ENGAR SKREYTINGAR

Margrét segir að ekki hafi farið mikið fyrir jólunum í Höfðaborg en þó var allt lokað á jóladag. „Við komum til borgarinnar á Þorláksmessu eftir ellefu tíma flug frá Lundúnum. Ég sá lítið af skreytingum. Þarna búa mörg þjóðerni, mismunandi trúarhópar og ættbálkar," segir Margrét en þau áttu pantað borð á veitingahúsi klukkan sex á aðfangadag. „Við vorum ein á staðnum með fjórtán manna starfsliði þar sem heimamenn komu mun seinna í matinn. Við fengum súpu, dádýr (antilópu) og afar ljúffenga súkkulaðiköku. Það má geta þess að veitingahúsin sem við prófuðum voru fyrsta flokks og matur á góðu verði."

Þegar Margrét er spurð hvað hafi komið henni mest á óvart, svarar hún: „Hvað borgin er nútímaleg og falleg. Við vorum á helsta ferðamannatíma þar sem nú er hásumar og ég varð mikið vör við Bandaríkjamenn, Breta, Japani og Ástrala. Ég fór til dæmis í gönguferð með leiðsögumanni um borgina ásamt læknishjónum frá Angóla sem voru í sumarfríi."

### MIKIL SAGA

Margrét segist hafa orðið hugfangin af borginni. „Þarna var svo margt að sjá og skoða. Sagan er merkileg, sérstaklega varðandi aðskilnaðarstefnuna. Fangelsið þar sem Mandela dvaldi er á lítilli eyju en maður þarf að kaupa miða þangað með góðum fyrirvara, þar sem vinsælt er að fara þangað. Ég get mælt með Suður-Afríku fyrir fólk sem vill fara í ógleymanlegt sumarfrí."

Hún sagðist aldrei hafa orðið hrædd, enda borgin örugg svo framarlega sem fólk sé ekki að flagga verðmætum.



**UPPI Á FJALLI** Margrét á Signal-hæð inni í borginni. Þaðan er fallegt að horfa yfir borgina, sérstaklega höfnina. Íslendingar vinna um þessar mundir við að setja upp tæki frá Marel í fiskvinnsluhúsi þar.

### ÓVENJULEG ÁRAMÓT

Margrét og Guðjón áttu 36 ára brúðkaupsafmæli á gamlársdag og umboðsmaður Marels í borginni skipulagði fyrir þau óvissuferð. „Við fengum bílstjóra sem ók okkur út í sveit þar sem eru falleg vínræktarhéruð. Á leiðinni stoppuðum við og tíndum afar ljúffeng jarðarber. Leiðin lá í veitingahús með stórum upplýstum garði. Borðið okkar var inni í tjaldi en við fengum dýrindis afrískt hlaðborð sem svignaði undan kræsingum, kjöt, fiskur og alls kyns grænmeti og ferskmeti. Þarna var talið niður til áramótanna og stemningin var ógleymanleg."

■ elin@365.is



**ÖÐRUVÍSI** Fyrir utan veitingastaðinn á gamlársdag.



## HÖFÐABORG

■ **FALLEGT**
**Höfðaborg heitir Cape Town á ensku. Í henni býr um ein milljón manna af mörgum þjóðarbrotum. Það tekur um ellefu klukkustundir að fljúga þangað frá Lundúnum. British Airways flýgur beint og sömuleiðis African Airlines auk annarra flugfélaga. Dýrast er að ferðast um þessar mundir, þar sem háannatími er í ferðaþjónustu. Best er að skipuleggja ferðina með góðum fyrirvara. Margrét var með ferðabókina Lonely Planet og kynnti sér staðhætti.**















# FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2013

**Kynningarblað** Endurskipulagning, kaup, sala, sameining og fjármögnunarráðgjöf



# *Ólík verkefni fyrirtækjaráðgjafar*

Verkefni í tengslum við fyrirtækjaráðgjöf eru mjög fjölbreytt og af ýmsum stærðargráðum. Meðal þeirra helstu eru eftirfarandi:

**Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja**

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hefur verið mikilvægt verkefni undanfarin ár enda hefur staða margra íslenskra fyrirtækja versnað í kjölfar bankahrunsins. Í verkefninu felst meðal annars þjónusta við alla hagsmunaaðila sem koma að rekstri fyrirtækisins, ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika, mat á rekstraráætlunum og fjárfestingarþörf og endurfjármögnun.



Samningar við lánastofnanir falla líka undir svið fyrirtækjaráðgjafar og nænigreiningar.

**Kaup og sala fyrirtækja auk samruna fyrirtækja**

Víðtæk þjónusta er veitt vegna kaupa og sölu á fyrirtækjum. Góðir fjárfestingakostir eru valdir og ráðgjöf er veitt vegna yfirtöku og fjármögnun kaupa. Verðmat er framkvæmt á fyrirtækjum, rekstri og eignum og fyrirtækjaráðgjafar hafa gjarnan umsjón með tilboðs- og samningagerð. Veitt er ráðgjöf varðandi söluferlið sjálft og samskipti við fjárfesta. Milliganga um samningaviðræður auk umsjónar með áreiðanleikakönnun eiga líka við hér.

**Fjármögnunarráðgjöf**

Miklu máli skiptir í rekstri fyrirtækja að það sér rétt fjármagnað hverju sinni með réttum lánastrúktúr. Fyrirtækjaráðgjöf felur einnig í sér greiningu á ýmsum fjármögnunarkostum fyrir fyrirtæki. Fyrirtækjaráðgjafar leita gjarnan bestu lánskjara hverju sinni hjá lánastofnunum auk þess að vera í aðstöðu til að tengja saman fyrirtæki og fjárfesta. Oft hafa þeir aðgang að fjárfestum úr viðkomandi atvinnugrein sem sjá tækifæri í að fjárfesta í viðkomandi fyrirtæki.

# Spennandi verkefni

**Halldór Þorkelsson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar, PwC segir frá því helsta sem er á döfinni er hjá sviðinu.**

„Nýlega komum við að tveimur mjög svo árangursríkum skráningum félaga, þ.e. Vodafone og Eimskip en í báðum tilvikum framkvæmdum við áreiðanleikakannanir á félögunum í tengslum við skráningu þeirra. Framkvæmd áreiðanleikakannana hefur undanfarin ár verið stór hluti af þeirri þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar.

Undanfarið höfum við unnið að málum sem tengjast orkumálum og þá ekki síst olíu og áformum Íslendinga um olíuleit á Drekasvæðinu,“ segir Halldór Þorkelsson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar PwC, um það helsta sem á döfinni er hjá sviðinu.

„Þetta eru flóknar og umfangsmiklar framkvæmdir sem kalla á mikinn undirbúning. Við höfum haft aðkomu að afmörkuðum þáttum er tengjast leyfisútboðum fyrir opinbera aðila auk þess að koma að ýmiss konar málum fyrir ólíka aðila sem munu jafnvel koma sér fyrir á Íslandi, ýmist vegna þjónustu eða þátttöku í olíuleit og olíuvinnslu. Því til viðbótar er fyrirsjáanlegur þjónustuþáttur við önnur svæði í nálægð við okkur, til að mynda Grænland og Færeyjar. Við erum þeirrar trúar að það verði mikið um að vera á þessu sviði næstu árin. Í því sambandi höfum við verið að byggja upp tengslanet meðal samstarfsfélaga okkar í Noregi, Skotlandi og í Bandaríkjunum – allt til þess að geta veitt þeim sem koma að málum bestu mögulegu þjónustu. Annað spennandi verkefni, sem við erum afar stolt af er framkvæmd á svokallaðri CEO survey sem framkvæmd er um allan heim, með þátttöku stjórnenda félaga úr ólíkum starfsgreinum. Niðurstöðurnar verða kynntar um næstu mánaðarmót en íslenskir stjórnendur er nú í fyrsta skipti að taka þátt í þessari árlegu könnun PwC. Nú getum við borið saman framtíðarsýn íslenskra stjórnenda við það sem kollegar þeirra sjá fyrir sér um allan heim í sambærilegum stöðum.“



Halldór Þorkelsson sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar PwC.

# Virðisaukandi ráðgjöf

**Hjá fjármálaráðgjöf Deloitte starfa sextán sérfræðingar sem allir hafa mikla reynslu af ráðgjafastörfum innanlands og erlendis ásamt því að flestir eru með mastersgráðu á sviði fjármála.**

Farsæl fjárhagsleg og rekstrarleg endurskipulagning hagkvæmra fyrirtækja er grundvallarforsenda þess að auka megi fjárfestingu í hagkerfinu. Aukin fjárfesting er um leið drifkraftur hagvaxtar og einkaneyslu og því afar mikilvæg fyrir lífskjör á Íslandi til framtíðar, að sögn Ágústs Heimis Ólafssonar, framkvæmdastjóra fjármálaráðgjafar Deloitte sem um árabil hefur verið leiðandi fyrirtæki á sviði fyrirtækjaráðgjafar hérlendis. „Fjármálaráðgjöf Deloitte veitir fjölbreytta þjónustu til stórra sem smárra fyrirtækja. Hún snýr meðal annars að fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu, samrunum og kaupum á fyrirtækjum, áreiðanleikakönnunum, virðismati, þjónustu við fjármálamarkaði og fasteignaráðgjöf.“

**Endurskipulagning fyrirtækja**

Ágúst segir mörg fyrirtæki hafa komið of skuldsett úr fjárhagslegri endurskipulagningu fjármálastofnana og því er þörfin fyrir hagræðingu mikil, sérstaklega hjá minni og meðalstórum fyrirtækjum. „Þjónusta okkar felst meðal annars í að meta stöðu viðkomandi félaga út frá sjónarmiðum allra hagsmunaaðila, s.s. hluthafa, lánardrottna, viðskiptavina, starfsmanna og eftirlitsaðila á markaði.“ Hann segir niðurstöðu stöðumatsins notaða til að draga fram skynsamlegustu valkosti sem eru í boði til að tryggja hag þeirra aðila sem eiga hagsmuni sína að einhverju marki undir arðsömum og fjárhagslega sterkum rekstri. „Síðan vinnum við oft með hagsmunaaðilum að markvissri innleiðingu og eftirfylgni þeirra lausna sem valdar eru til að tryggja sem besta niðurstöðu.“

**Samrunar, kaup- og söluaðstoð**

Deloitte býður viðskiptavinum alhliða lausnir og aðstoð við samruna, kaup og sölu fyrirtækja og rekstrareininga. „Þegar fyrirtæki vaxa með samruna við önnur félög þarf að fylgja slíkum viðskiptum eftir með öflugri breytingastjórnun og stefnumótun þannig að tryggt sé að stjórnendur hafi skýra og sameiginlega sýn á það hvernig hið sameinaða félag getur náð hámarksárangri.“

**Áreiðanleikakannanir**

„Mikil eftirspurn er eftir óháðum rekstrarúttektum á starfsemi og „Red flag“ skoðunum. Á þessu ári munum við einnig bjóða félögum upp á sérstaka „heilsufarsúttekt“ óháð því að um eigendaskipti sé að ræða. Það er mjög verðmætt fyrir félög að fá slíka úttekt, m.a. vegna endurfjármögnunar lána á hagstæðari kjörum.“

Auk ofangreindra þjónustuþátta nefnir Ágúst virðisþjónustu Deloitte þar sem virði rekstrar eða rekstrareininga er metið. „Hvers konar virðismat þar sem beitt er mismunandi aðferðum til að áreiðanleiki niðurstaðna verði sem mestur er mjög stór þáttur í okkar þjónustu og verður áfram.“ Fjármálaráðgjöf Deloitte hefur auk þess undanfarin ár einbeitt sér að sérhæfðri fasteignaráðgjöf og ráðgjöf til fjármálafyrirtækja en Ágúst segir mikinn vöxt vera í þessum þjónustuþáttum.




„Fjármálaráðagjöf Deloitte veitir fjölbreytta þjónustu til stórra sem smárra fyrirtækja,“ segir Ágúst Heimir Ólason, framkvæmdastjóri fjármálaráðgjafar Deloitte. MYND/VALLI

„Viðskiptaumhverfið er síbreytilegt og mikilvægt að bregðast fljótt við og laga þjónustu okkar að óskum viðskiptavina á hverjum tíma. Þannig eru þjónustulínur okkar stöðugt þróaðar til að mæta ýtrustu þörfum viðskiptalífsins fyrir hágæða þjónustu. Lykilatriði allrar okkar ráðgjafar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt betri lausnir og bjóða ráðgjöf sem kostar aðeins brot af því virði sem hún skilar viðskiptavinum okkur.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512- 5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




Guðni Halldórsson og Gunnar Svavarsson fara yfir málin. MYND/VILHELM

# Sérfræðingar í fyrirtækjaviðskiptum

Sérsvið KONTAKT er kaup, sala og sameining meðalstórra fyrirtækja.

Kontakt er elsta og stærsta sjálfstæða fyrirtækjaráðgjöf landsins á sínu sviði og hefur veitt ráðgjöf við kaup, sölu eða sameiningu mjög margra fyrirtækja. Hjá Kontakt, sem stofnað var í núverandi mynd árið 2004, starfa þrír viðskipta- eða rekstrarhagfræðingar og þrír lögfræðingar með mikla þekkingu á atvinnulífinu og rekstri fyrirtækja.

Gunnar Svavarsson hefur starfað hjá Kontakt frá því í ársbyrjun 2008 en hann hefur langa reynslu úr atvinnulífinu sem framkvæmdastjóri eða forstjóri þekktra fyrirtækja, svo sem Hampiðjunnar, Icelandic Group og Icebank. Blaðið leit við í upphafi nýs árs.











*Nú hefur Kontakt verið áberandi í fyrirtækjaráðgjöf, bæði í uppsveiflunni og eftir hrunið. Hvaða áhrif hefur niðursveifla undanfarinna ára haft á starfsemi Kontakt?*

Kontakt hefur alltaf lagt áherslu á meðalstór fyrirtæki og verið leiðandi á þeim markaði. Þetta hefur komið sér vel eftir hrunið því þessi fyrirtæki hafa flest staðið ágætlega. Það hefur vissulega verið samdráttur í veltu hjá fjölda fyrirtækja, en það hefur leitt til þess að eigendur hafa séð tækifæri í kaupum á eða sameiningu við önnur fyrirtæki til að auka arðsemina. Ég þekkti ágætlega til Kontakt áður en ég hóf störf þar og hafði gott álit á fyrirtækinu, en það hefur samt komið mér skemmtilega á óvart hve tryggir viðskiptavinirnir eru, og þeir sem einu sinni hafa haft reynslu af Kontakt virðast helst ekki leita annað. Staðreyndin er sú að undanfarin ár hafa verið býsna lífleg og síðasta ár með betri árum Kontakt.

*Sú staðreynd að umsvif ykkar á síðasta ári voru þetta mikil þýðir væntanlega að einhverjir hafa getu til að kaupa fyrirtæki!*

Við höfum aldrei haft eins marga kaupendur og eftir hrun og eru það jafnt fjársterkir einstaklingar á ferð og fyrirtæki sem vilja bæta við sig. Ástandinu núna má lýsa á þann hátt að eftirspurnin eftir góðum fyrirtækjum er snöggtum meiri en framboðið, og með það í huga vildum við gjarnan sjá enn meira úrval góðra fyrirtækja inni á borði hjá okkur. Fjármagnseigendur vita að það eru fáir möguleikar í stöðunni til ávöxtunar og fjárfesting í arðbærum rekstri er að okkar mati mest spennandi kosturinn í þeim efnum.

*Eru bankarnir að selja skuldsett fyrirtæki sem þeir hafa tekið yfir?*

Nei, í raun er það ekki, allavega verðum við lítið vör við það. Kontakt sá um sölu á einu fyrirtæki fyrir Arion banka á síðasta ári, en annars eru það eigendur og áhugasamir kaupendur sem leita beint til okkar. Fyrirtækin sem leita til okkar með sölu eru alls ekki skuldug upp fyrir haus, heldur yfirleitt góð fyrirtæki sem eigendur eru tilbúnir að selja. Fyrir því geta verið margar ástæður, svo sem aldur eiganda eða löngun að breyta til, og þá gerist það líka oft að menn vilja styrkja og efla reksturinn með viðbótarhlutafé eða sameiningu við annað fyrirtæki.

*Hver er sérstaða Kontakt á markaðnum?*

Þegar Kontakt hóf starfsemi sína má segja að það hafi verið eina fyrirtækjaráðgjöfin sem sérhæfði sig í meðalstórum fyrirtækjum og staðreyndin er sú að Kontakt er langumsvifamest á sínu sviði og hefur því eðlilega bæði flesta kaupendur og seljendur. Þá tel ég einnig að hjá starfsmönnum Kontakt sé að finna mestu reynsluna af viðskiptum með meðalstór fyrirtæki.

Við þekkjum markaðinn vel og vitum gjarnan um þá sem eru í söluhugleiðingum, eða eigum í öllu falli auðvelt með að þreifa á eigendum þeirra fyrirtækja sem kaupendur hafa áhuga á. Við aðstoðum kaupendur og seljendur að ná saman og ganga í gegnum það flókna ferli sem fylgir eigendaskiptum svo báðir séu sáttir við sinn hlut.

# Bjartir tímar fram undan

**Sjálfsmynd Íslendinga byggist að miklu leyti upp á þeirri vinnu sem þeir stunda að mati Sverris Briem, ráðgjafa hjá ráðningarþjónustunni Hagvangi. Þeir hafa jákvæðara viðhorf til vinnu en aðrar þjóðir, eru duglegri og sveigjanlegri. Það gerir það að verkum að Íslendingar eru fljótari að ná sér út úr kreppunni en aðrar þjóðir og telur Sverrir bjarta tíma fram undan.**

Hagvangur er fyrsta ráðningarþjónustan sem tók til starfa á Íslandi og starfar á þremur meginsviðum; við ráðningar, ráðgjöf, greiningar og próf. Ráðgjafar Hagvangs búa yfir mikilli reynslu og faglegri þekkingu hvað varðar ráðningar og önnur mannauðsmál. Meirihluti ráðgjafanna hefur háskólamenntun á sviði sálfræði, mannauðsstjórnunar og viðskiptafræði.

Sverrir Briem er nýr ráðgjafi hjá Hagvangi. Hann er sálfræðingur að mennt og hefur starfað sem slíkur í Noregi undanfarin tvö ár. Spurður um stöðuna á vinnumarkaðinum í Noregi og hvernig hann sé frábrugðinn þeim íslenska segir hann að í fyrsta lagi megi nefna að það er blússandi góðæri í Noregi um þessar mundir. Atvinnuleysi er lítið sem ekkert og í raun vöntun á vinnuafli.

„Ég man eftir frétt í blöðunum í Noregi áður en ég flutti heim um að það vantaði að minnsta kosti sextán þúsund verkfræðinga til starfa í landinu. Þetta segir mikið um stöðuna hjá þeim. Undanfarin ár hefur olíugeirinn sogað til sín mikið af starfsfólki, svipað og bankageirinn gerði hér á Íslandi á árunum fyrir hrun."

Sverrir hefur sjálfur áhugaverða reynslu af norskum vinnumarkaði. „Ég og fjölskylda mín bjuggum í Ósló og ég fékk fljótlega vinnu sem sálfræðingur. Málum er svolítið öðruvísi háttað í Noregi en hér heima. Þar eru meiri skil á milli vinnu og einkalífs. Ég kynntist í raun aldrei samstarfsfólki mínu mjög náið og hitti það aldrei utan hefðbundins vinnutíma. Hins vegar er mun nánara samband við nágranna og foreldra skólabarna."

Sverrir segir vinnuna vissulega spila stórt hlutverk í lífi fólks í Noregi en telur það þó stærra hér á landi. „Sjálfsmynd okkar Íslendinga byggist nánast að öllu leyti upp á þeirri vinnu sem við stundum og ég held að við séum svolítið sér á báti hvað þetta varðar. Atvinnuleysisvandamálið á Íslandi er þess vegna að einhverju leyti frábrugðið því sem verið er að glíma við annars staðar. Ástæðuna veit ég ekki en hluti af skýringunni liggur örugglega að einhverju leyti í því að alltaf hefur verið lítið atvinnuleysi á Íslandi, sem við höfum reyndar borgað fyrir með mikilli verðbólgu."

Sverri líkar eiginlega betur við viðhorf Íslendinga til vinnu. „Þeir eru sveigjanlegri og tilbúnari til að leggja meira á sig. Þessi sveigjanleiki gerir það líka að verkum að við erum fljótari en aðrar þjóðir að koma okkur út úr kreppunni. Þess vegna er ég, og við öll hjá Hagvangi, handviss um að það séu bjartir tímar fram undan á Íslandi.




Sverrir segir atvinnuleysisvandamálið á Íslandi frábrugðið því sem verið er að glíma við annars staðar, enda Íslendingar viljugir til vinnu. MYND/GVA



Poppkorn er tískusnakkið í ár; alltaf smart og á alltaf við. Þó að tækninni fleygi fram er þó ekki enn hægt að salta það í sýndarveruleika og þarf að bera fram ilmandi á fundum.

## *Kryddað popp á fundinn*

Fundarhald er fylgifiskur fyrirtækjareksturs og sjálfsögð gestrisni að bjóða fundargestum upp á huggulega hressingu. Þá er gagnlegt að vera með puttana á púlsi nýjustu matartískunnar og bjóða upp á veitingar í takt við tíðarandann.

Vínarbrauð og rúnstykki er vitaskuld sígilt kaffimeðlæti en andrúmsloft nýja ársins kallar á léttara og heilsusamlegra fundarmeðlæti. Á því herrans ári 2013 er tilvalið að leggja fersk ber og ávexti á fundarborðið eða þá orkuskot í safaformi og gott að hafa hugfast að grænmeti verður aðalréttur en ekki bara meðlæti á nýja árinu. Smáréttir og veislufæði úr kjöti, sjávarfangi og landbúnaðarafurðum mega enn vera með heimsborgaralegum blæ en þó án þess að hafa ferðast og úrelt að sækja til Frakklands það sem fá má brakandi ferskt og lífrænt beint frá býli og úr íslenskri náttúru.

Bragðupplifun ársins fer úr söltu og sætu yfir í súrt og beiskt og taílenskt, víetnamskt og kóreskt sælkerabragð á upp á pallborðið. Tískusnakkið 2013 er poppkorn í allri sinni dýrð; hefðbundið, sætt eða bragðsterkt og á alls staðar við, jafnvel ofan á ís og eftirrétti.



# Allt í steik!

*4ra rétta veisla og A la Carte í Perlunni*

## 4ra rétta veisla

*Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli* **6.850 kr.**

SITURUS-GRAFINN REGNBOGASILUNGUR
með tómat-mais salsa, kryddjurtafroðu og graslaukssósu

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslu-meisturum Perlunnar

*eða*

HÆGELDAÐ ANDALÆRI
með kartöflumauki, bacon, radísum og appelsínusósu

*eða*

NAUTALUND
með gratineruðum sveppakartöflum, ætilþistlum og bearnaise sósu

*eða*

LAMBAFRAMHRYGGUR
með smáum kartöflum, rauðrófum, gulrófum og rósmarinsósu

KARAMELLU OG SÚKKULAÐIKAKA
með salthnetu mulningi, hindberjakremi og volgri karamellu

**Verð aðeins 6.850 kr.**
**Næg bílastæði**

## Vissir þú?

Vín dagsins er Griollo Malbec/ Cabernet frá Argentínu.
Flaskan kostar aðeins kr. 4200.
Hægelduðu andarlærin eru frá Frakklandi.
Nautalundirnar eru allar úr törfum.
Lamba "Prime" er úr sérvöldum lambahryggjum að norðan.





**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**


Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

# Bless bensín




Nú getur þú fækkað
heimsóknum á bensínstöðvar.

VOLT
-rafmagnaður

# Konur fimmtungur stjórnarmanna

***Hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja hefur hækkað mikið á undanförnum árum. Samt er það einungis um 22 prósent. Konur virðast þó vera eftirsóttar sem varamenn í stjórnum. Rúmlega helmingur allra varamanna er konur. Tíðni gjaldþrota er lægri hjá þeim fyrirtækjum þar sem konur sitja í stjórn. Ný lög taka gildi í haust.***

**ATVINNULÍF/FRÉTTASKÝRING**
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja var 22,06 prósent í september síðastliðnum. Þær eru hins vegar rúmlega helmingur varamanna í stjórnum þeirra. Þetta kemur fram í samantekt Creditinfo um kynjahlutföll í stjórnum íslenskra fyrirtækja.

Í samantektinni kemur fram að fjöldi fyrirtækja sé 32.691 talsins og er þá búið að leiðrétta fyrir gjaldþrotum. Alls sitja 11.282 konur í stjórnum fyrirtækjanna en 38.794 karlar. Hæst er hlutfall kvenna hjá félagasamtökum og annarri þjónustustarfsemi, eða 52,01 prósent. Það er hins vegar eini atvinnugreinaflokkurinn þar sem konur eru meirihluti stjórnarmanna. Það er líka eini flokkurinn þar sem skilyrði laga um að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja þurfi að vera yfir 40 prósent, en þau taka gildi í september á þessu ári, eru uppfyllt. Vert er að taka fram að sá kvóti mun einungis eiga við um þau fyrirtæki sem eru með fleiri en 50 starfsmenn, en samantekt Creditinfo nær til allra fyrirtækja.



**SKAMMT TIL STEFNU** Í september næstkomandi taka gildi lög sem skylda stór fyrirtæki og lífeyrissjóði til að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórnum þeirra sé ekki lægra en fjórðu prósent. Myndin er tekin á ráðstefnunni „Virkjum karla og konur“ sem haldin var í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Þrjú prósent hjá verkstæðum

Lægst er hlutfall kvenna í stjórn fyrirtækja sem vinna við námugröft eða vinnslu hráefna úr jörðu, eða 8,33 prósent. Innan þess atvinnuflokks voru einungis sex af 36 stjórnarmönnum konur. Þá segir í samantektinni að „þrátt fyrir að hlutfall kvenna sé um 28% í flokknum „Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum“ þá er sú hlutdeild aðallega komin vegna stjórnarsetu í heild- og smásöluverslunum, einungis 67 konur eru í stjórnum almennra bílaverkstæða“. Alls falla 5.027 fyrirtæki í þennan flokk og í þeim eru alls 2.179 konur í stjórnum. Því eru einungis um þrjú prósent þeirra í stjórnum bílaverkstæða.

### Svipað alls staðar á landinu

Hlutfall kvenna í stjórnum virðist svipað þegar horft er á það út frá landsvæðum. Flestar konur eru í stjórnum, en þar er hlutfallið 25,14 prósent. Fæstar konur eru í stjórnum á Vestfjörðum, en 19,85 prósent stjórnarmanna fyrirtækja þar eru konur. Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um 70 prósent allra fyrirtækja eru staðsett, er hlutfall kvenna í stjórnum 22,09 prósent, eða nánast nákvæmlega það sama og landsmeðaltalið.

Þegar varamenn í stjórnum eru skoðaðir réttist hlutur kvenna umtalsvert, en 50,44 prósent varamanna eru konur. Alls eru varamenn í stjórnum 28.225 talsins. Hæsta hlutfall kvenna á meðal varamanna er í flokknum heilbrigðis- og félagsþjónusta. Þar eru 62,2 prósent 809 stjórnarvaramanna konur. Staða kvenna sem varamanna er verst í flokknum „Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun“. Einungis 35,7 prósent varamanna í þeim 70 fyrirtækjum sem falla í þann flokk eru konur.

Konur í varamannastöðum eru hlutfallslega flestar á Vesturlandi, en 52,57 prósent varamanna í stjórnum fyrirtækja á því landssvæði eru konur. Hlutfallslega fæstar konur komast að sem varamenn á Norðurlandi eystra, en þær eru 44,09 prósent varamanna á því svæði. Líkt og með aðalmenn þá er hlutfall kvenna sem sitja sem varamenn í fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu nánast það sama og landsmeðaltalið, eða 50,39 prósent.

## Færri verða gjaldþrota með konur í stjórn

Tíðni gjaldþrota hefur aukist á Íslandi eftir bankahrun og umræða um þau verið hávær á undanförnum misserum. Creditinfo kannaði því einnig hvort það væri mikill munur á tíðni gjaldþrota þar sem konur voru helmingur eða meirihluti stjórnar annars vegar og stjórnum þar sem konur voru í minnihluta hins vegar.

Í niðurstöðu könnunarinnar kemur fram að tíðni gjaldþrota sé mest í greinum tengdum fasteignamarkaðinum. Í samantektinni segir síðan að „annað merkilegra er að tíðni gjaldþrota er í öllum flokkum nema tveimur tilvikum lægri þar sem konur eru í meirihluta stjórnar. Einungis í flokknum „flutningar og geymsla“ og „landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar“ er tíðni gjaldþrota hærri“.

## Tæpur helmingur jákvæður

KPMG stóð fyrir könnun á meðal stjórnarmanna í félögum og lífeyrissjóðum landsins haustið 2012. Á meðal þess sem spurt var um var afstaða þeirra til löggjafar um 40 prósenta lágmarkshlutfall hvors kyns í stjórnum stórra fyrirtækja og lífeyrissjóða sem tekur gildi næsta haust. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 46 prósent þeirra stjórnarmanna sem tóku þátt voru jákvæð gagnvart löggjöfinni en 30 prósent voru neikvæð. Ekki ætti að koma á óvart að 76 prósent kvenkyns stjórnarmanna höfðu jákvæða afstöðu gagnvart löggjöfinni en einungis 34 prósent karlkyns stjórnarmanna. Þá höfðu 11 prósent kvenna og 38 prósent karla neikvæða afstöðu gagnvart henni. Eldri stjórnarmenn virðast hafa jákvæðari afstöðu í málinu en þeir sem eru yngri og stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum og vátryggingarfélögum virðast vera jákvæðari gagnvart löggjöfinni en stjórnarmenn í öðrum geirum. Alls höfðu 57 prósent þeirra jákvæða afstöðu og 23 prósent þeirra voru neikvæð gagnvart kynjakvótanum.

## ÚR TÍU PRÓSENTUM Í 22 PRÓSENT

Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóra Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), segir þróunina vera að þokast í rétta átt. „Árið 2009, þegar FKA, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð ákváðu að hrinda úr vör hvatningu til atvinnulífsins í þessum málum þá voru bara tíu prósent stjórnarmanna konur. Það er vissulega eitthvað að þokast en er þó ekki komið lengra á veg, þrátt fyrir yfirvofandi löggjöf og alla þá miklu herferð sem ráðist hefur verið í til að laga þetta.“

Í mars síðastliðnum kom fram í fjölmiðlum að það vantaði 211 konur í stjórnir þeirra 285 fyrirtækja og 32 lífeyrissjóða sem þá féllu undir löggjöfina sem skyldar öll fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn til að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórnum þeirra sé ekki undir 40 prósentum.

Hulda segir að enn vanti um 200 konur í þessar stjórnir, en tekur fram að vinna sé í gangi við að aðlaga löggjöfina



**HULDA BJARNADÓTTIR,**

betur að íslenskum aðstæðum. „Það er verið að vinna að einhverri meðalleið sem hentar betur íslenskum markaði því það falla ansi mörg fyrirtæki undir það að vera með 50 starfsmenn. Sum þeirra eru lítil fjölskyldufyrirtæki í rekstri sem slík og taka kannski marga starfsmenn inn tímabundið á ári. Það er því verið að vinna í því að bæta löggjöfina þannig að færri fyrirtæki muni falla undir hana.“

Henni finnst stóru fyrirtækin og lífeyrissjóðirnir sem löggjöfin mun klárlega ná til vera að bregðast við með réttum hætti, allavega í orði. „En svo sjáum við tækifærin renna úr greipum þeirra sem eru í stjórnarskiptum þessa dagana. Þetta er tímabilið þar sem tækifæri gefst til að vinna á þessu. Mér finnst leiðinlegt að sjá að fyrirtæki og lífeyrissjóðir eru enn að láta þetta tækifæri út greipum sér renna, sérstaklega þegar svona skammt er þar til lögin taka gildi.“

## Aðfluttir umfram brottflutta – rauntölur og spá




HEIMILD: SAMANTEKT CREDITINFO

# Halló Volt




Framtíðin er rafmögnuð og heitir Chevrolet Volt.
Við bjóðum vistvæna íslenska raforku velkomna í umferðina.
**Komdu í Chevrolet salinn Tangarhöfða 8**
**og reynsluaktu framtíðinni.**

CHEVROLET | Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Viggó Ásgeirsson, markaðsstjóri Meniga. vísir

klinkið
Terje Hagevang, leitarstjóri Valiant Petroleum. vísir

## Hin hliðin



GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FRANKLINCOVEY.

# Ný(r) og betri!

Heimsendir skall á okkur á vetrarsólstöðum án tilheyrandi jarðskjálfta, ofsaflóða og þrumuveðurs. Eða hvað? Majarnir boðuðu ekki harmleik – þvert á móti markaði endalok dagatals þeirra nýtt vitundarstig. Upplýstrar tilveru og nýrrar þekkingar og sáttar. Nýs upphafs.

Upphafs sem hefst með þér á þessum áramótum í gregorískum skilningi. Hvaða nýi veruleiki blasir við þér? Margir hafa haldið því fram að í raun breytumst við lítið. Lifum og hrærumst í sömu fjölskylduboðunum, í sömu flækjunum, með sömu hugsanir ævilangt. Vissir þú að líkaminn endurnýjar flestar frumur sínar á 7-10 ára fresti? Nýjar rannsóknir sýna að meira að segja hluti heilafrumna fjölga sér. Ný(r) þú – alveg án fyrirhafnar! Er ekki tími kominn til að taka stjórn á þinni umbreytingu og gera góða hluti enn betur?

Áramót eru klassískur tími endurskoðunar og nýrrar markmiðasetningar. Hvernig væri að taka nýja sýn á þitt líf í þessari viku og leita þinna svara við nokkrum öflugum spurningum?

### Segðu nei og meintu það!

Við erum ofsótt af áreitum í dagsins önn og reynum í okkar „dugnaði“ að bregðast við þeim öllum. Svara tölvupóstum í tugatali fyrir hádegi, sækja fundina tuttugu og sjö fyrir vikulok, taka samtölin, skila skýrslunum, sækja börnin, sprikla, halda dauðataki í snjallsímann sem gæti hringt, hrist eða hríslað inn nýjum fyrirmælum sem við að sjálfsögðu fylgjum. Rannsóknir sýna að árátta okkar í að grípa í símann til að taka stöðuna er sterkari fíkn en fíknin í sígarettu. Hvert erum við eiginlega komin á tölvuöld? Hefur tæknin endanlega tekið völdin? Taktu þér tak í góðu tómi og tengdu þig við það sem er þér í raun mikilvægt. Og sinntu þeim málum af ákafa. Láttu hin áreitin eiga sig.

### Leiktu hlutverkið til fulls

Lífið er margbreytilegt. Við lifum og hrærumst í mörgum hlutverkum dagsdaglega. Við erum foreldrar, starfsmenn, íþróttaþjálfarar, stjórnarmenn, dætur, vinir, nemar. Rannsóknir sýna að heilinn nær betur tökum á veruleikanum ef við hugsum skipulega í hólfum, líkt og leikari á sviði. Eitt hlutverk af fullri sannfæringu í einu. Taktu þér stund og skilgreindu þín hlutverk. Takmarkaðu fjölda þeirra við fimm til sjö. Hafðu síðan kjarkinn til að stíga að fullu inn í það hlutverk í hvert sinn sem lífið kallar á það. Hættu að vera öllum allt.

### Horfðu til stjarnanna

Skoraðu á þig í ár – ekki sætta þig við meðalmennsku. Hverjar eru þínar fyrirmyndir? Hvernig lítur fullkominn heimur út? Ætlar þú að feta í fótspor forgöngumanna eða ætlar þú að teygja þig til stjarnanna og ná þannig til tunglsins? Hafðu kjarkinn til að standa á öxlum þeirra bestu. Settu markið hátt í ár. Í hverju hlutverki. Vertu til fyrirmyndar. Og uppskerðu sem aldrei fyrr!

Mikið úrval af hentugu vinnurými



TIL LEIGU
Laugavegur 182
105 Reykjavík

- Glæsileg 733 m² skrifstofuhæð sem skiptist í opið rými og skrifstofur.
- Vandaðar innréttingar, steinteppi á gólfum.
- Frábært útsýni, næg bílastæði og möguleiki á stæðum í lokaðri bílageymslu.



TIL LEIGU
Ármúli 7
108 Reykjavík

- Fjölbreytt skrifstofuhúsnæði á þremur hæðum og verslunarhúsnæði á jarðhæð.
- Næg bílastæði, miðlæg staðsetning í Reykjavík, samtals 2.248 m².
- Opin vinnurými, skrifstofur og fundarherbergi. Laust strax.



TIL LEIGU
Suðurlandsbr. 24
108 Reykjavík

- Fjölbreytt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á jarðhæð.
- Bílageymsla og næg bílastæði, hentug staðsetning.
- Stærð u.þ.b. 986 m², laust strax.

www.reitir.is

REITIR
Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307
99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP
EÐALVÉL

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

BETRI REKSTUR
Traust bókhaldsþjónusta
Suðurlandsbraut 8
Sími 519 7585 og 77 50 200
www.betrirekstur.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Tek að mér alla málningarvinnu, tilboð eða tímavinna. Björn Axelsson, löggiltur málarameistari. S. 896 4824 eða malarameistarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 690 9274 Zanna Volkova.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir



**SVEITASETRIN KJÓS OG GRÍMSÁ**
Hópefli, hvataferðir, fundir, veislur. Hentugt fyrir stóra sem smáa hópa. Nánari Uppl. Júlíus s 892-9263. www.hreggnasi.is

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**ÚTSALA**
Allir saltkristalslampar nú á 20% afslætti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápar, þurrkara 10 KG, barkalausir þurrkarar, uppþvottavélar, Koja, svefnsófi, king size rúm. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**SAUMADÓT ÓSKAST.**
Óska eftir miklu magni af hnöppum, tölum, rennilásum og ýmsu öðru smádóti er viðkemur saumaskap á flíkum. Ef einhver situr á gömlum eða nýjum lager af slíku !!!
**Vinsamlegast hafið samband í síma 821-7547.**
**Árni Þór.**

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Stjörnunudd! Heilsunudd, Slakandi á líkama og sál. Opið 12-17 Sími 8460202.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Stór stúdíó íbúð með sérinngangi í 101 Rvk, til leigu. Verð 140 þús m/ rafm, og hita. 2 mánuðir í tryggingu. Uppl. í s. 862 0897 eða 848 4802 eftir kl. 16

Til leigu 2herb. íbúð í sérbýli, sérinngangur (Hafnarfj.) Uppl. í 696 4950.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Miðsvæðis í Rvk: Herb.f.námsfólk t.leigu m.aðg.að baðh.&eldh.Uppl.í s:8660471

## Húsnæði óskast

Par leitar að 2 herb. íbúð. Greiðslugeta um 120 þús. Sími 857 3023.

Óska eftir 2ja -3ja íbúð til langtíma Greiðslugeta kr 90-100 þús á mánuði Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl. í síma 824 2356.

Einbýli-rað-parhús í Laugadal, Seltjarnarnesi eða miðsvæðis, óskast á leigu fyrir 4 manna fjölskyldu. Góð umgengni og meðmæli. Uppl. í s: 868-1543 / gertl@flugfelag.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DRIVE IN VESTURLANDSVEGI**
Leitar eftir fólki í afgreiðslu í lúgu.
**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**AFGREIÐSLUFÓLK ÓSKAST!**
á virkum dögum í bakaríin okkar í 60% starf. Framtíðarstarf.
**Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**BAKARI / KAFFIHÚS**
Óskar eftir starfskrafti fyrir hádegi 7-14 virka daga og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga eftir kl. 15**

**WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR.**
Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið.
**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is**

**KOKKUR EÐA VANUR MATREIÐSLUMAÐUR**
óskast á meðalstórt veitingahús á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

Nýtt og spennandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsmanni í móttöku og kynningarstarfssemi. Umsóknir sendist á history@history.is fyrir 14.01.13

Óskum eftir starfskrafti á skrifstofu í 20-30% starf. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „skrifstofa"

Lyftaramaður/Verkamaður óskast. Mikil vinna framundan umsókn sendist á jonv@jrj.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Duglegur 33 ára karlmaður óskar eftir vinnu. Sími 846 8602.



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna í 55 ár – Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Hjallaland 30 - endaraðhús




Glæsilegt endaraðhús fyrir neðan götu sem mikið hefur verið endurnýjað. Húsið er 185,4 fm og bílskúrinn er 19,5 fm samtals um 204,9 fm. Meðal þess sem hefur verið endurnýjað er eldhús, baðherbergi, gólfefni og opnað út í garð frá sjónvarpsherbergi. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00.** **V. 58,4 m.** 2137

## Kaldasel 10 - sérbýli




Kaldasel 10 er 304 fm sérbýli á fínum stað í botnlanga. Aukaíbúð í kjallara er 2ja herbergja. Rúmgóður bílskúr. Mjög gott útsýni. Gott skipulag. Efsta hæðin er talsvert endurnýjuð. Góður bakgarður. tvennar svalir. Laust strax og lyklar á skrifstofu. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00.** **V. 44,9 m.** 2259

## Litlihjalli 5 - raðhús




Gott 236,8 fm raðhús þar af u.þ.b. ca 22 fm bílskúr í lítilli botnlangagötu. Húsið er á tveimur hæðum og er frábært útsýni til norðurs af efri hæð hússins. Lóð hússins er falleg með grónum garði sunnan við húsið en hita í stéttum að framan. Húsið er ágætlega staðsett í rólegu og barnvænu hverfi þar sem stutt er í skóla og góða þjónustu. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00.** **V. 38,9 m.** 2258

## Breiðvangur 10 - 5 herb. með bílskúr




Breiðvangur 10 er 5 herbergja 123,0 fm endaíbúð á 4.hæð í góðu fjölbýlishúsi ásamt 22,3 fm bílskúr. Fjögur svefnherb. Svalir. Sérþvottahús innan íbúðarinnar. Parket. Laus strax, lyklar á skrifstofu. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00.** **V. 23,9 m.** 2257

## Suðurbraut 20 - með timburverönd




Suðurbraut 20 íbúð 0101 er 3ja herbergja 92,2 fm endaíbúð á jarðhæð. Afgirt timburverönd. Parket. tvö svefnherb. Sérþvottahús. Laus strax, lyklar á skrifstofu. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00.** **V. 19,9 m.** 2255

## Blikahólar 4 - með miklu útsýni




Blikahólar 4 íbúð 0602 er 2ja herbergja 65,2 fm íbúð á 6.hæð í góðu lyftuhúsi. Glæsilegt útsýni til norðvesturs og yfir Kópavog og borgina. Íbúðin er mikið til upprunaleg að innan. Góð sameign. Laus strax, lyklar á skrifstofu. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00.** **V. 14,9 m.** 2254

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Kaldasel 10 - 109 Reykjavík




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00** Fallegt 304 m2 raðhús með aukaíbúð við Kaldasel 10 í Reykjavík. Eignin skiptist í: Aðalhæð: Forstofugangur, þvottahús, salerni, eldhús, borðstofa og tvær samliggjandi stofur. Rishæð: fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Bílskúrinn er 42 m2 og er innaf honum geymsla. Aukaíbúð: Svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 44,9 m.**

### Litlihjalli 5 - 200 Kópavogur




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00** 236,8 m2 raðhús á tveimur hæðum við Litlahjalla 5 í Kópavogi. Húsið er staðsett í litlum og róglegum botnlanga. Mjög fallegt útsýni í norður af efri hæð hússins og gróinn garður í suður. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 38,9 m.**

## til sölu

### Bakari óskast

Sauðárkróksbakarí óskar eftir bakara í fullt starf.
Okkur vantar að fá góðan bakara eða nema.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa áhuga og metnað.

Upplýsingar veitir Róbert Óttarsson í síma 6960700 eða með tölvupósti saudarkroksbakari@gmail.com

## til sölu

**Reykjavíkurborg**
Umverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hverfisgata 57

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðarinnar nr. 57 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst hækkun á húsinu um eina hæð ásamt auknu byggingarmagni á lóðinni.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 9. janúar 2013 til og með 20. febrúar 2013.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 20. febrúar 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. janúar 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071





Póst dreifing

**365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu**

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is



# ÚTSALA!

## 9. – 12. JANÚAR



# 10–50%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

*GILDIR EKKI AF SÉRPÖNTUNUM NEMA ANNAÐ SÉ TILGREINT

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** úr hófi, **8.** mælieining, **9.** skora, **11.** tveir eins, **12.** drepsótt, **14.** ráðagerð, **16.** tveir eins, **17.** eyða, **18.** for, **20.** ætíð, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** húsaþyrping, **3.** 950, **4.** planta, **5.** fiskur, **7.** fáskiptinn, **10.** þukl, **13.** sódi, **15.** korn, **16.** verkur, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** of, **8.** mól, **9.** rák, **11.** ll, **12.** plága, **14.** áform, **16.** tt, **17.** sóa, **18.** aur, **20.** sí, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** þorp, **3.** lm, **4.** jólarós, **5.** áll, **7.** fálátur, **10.** káf, **13.** gos, **15.** maís, **16.** tak, **19.** rú.






# Viltu koma í sjómann?

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Stuttu fyrir áramótin ræddi ég við tvo menn um sjómennsku. Þetta spjall leiddi okkur í ýmsar áttir en eitt gátum við þó ekki verið sammála um og voru það kjör sjómannastéttarinnar. Báðir viðmælendur mínir voru þeirrar skoðunar að sjómenn bæru meira úr býtum en starfið gæfi tilefni til. Þeir voru vel vopnaðir af dæmum um mettúra íslenskra skipa og hvað veiðiferðin hefði gefið í hásetahlut; jafnvel var búið að reikna aukahlutinn hjá bátsmönnum og kokki til að gefa skýrari mynd af „gullmokstrinum“, svo ég vitni til annars viðmælanda míns. Ég er þeim ósammála, og taldi mig standa nokkuð styrkum fótum í röksemdafærslu minni um að sjómenn fengju ekki meira en þeir ættu skilið. Á það var ekki hlustað og ég sá reyndar að það var vonlaust að taka þennan slag. „Viltu koma í sjómann“, var tilboð frá öðrum þeirra sem staðfesti það.

**TILBOÐIÐ** um aflraunir helgaðist af því að röksemdafærsla mín um laun sjómanna grundvallast á þeim rúma áratug sem ég var á togara, og ég sagði þeim frá. Þeirra sjómennska afmarkast hins vegar, hingað til, af nokkrum ferðum með ferjunni Herjólfi síðsumars, sem báðir höfðu bara gaman af. Þetta atriði taldi ég vega þungt, og örugglega þyngra en vitneskjan um að þeir væru báðir handsterkari en ég og gætu, að sögn, lyft miklu af lóðum.

**ÞARNA** glitti í viðtekna ranghugmynd; að það sé samasemmerki á milli þess að starfa á sjó og að vera rammur að afli. Þeir sem starfa á sjó, karlar og konur, eru ekki tröllabörn sem taka ekki eftir bílfelgum í vösunum, og þumbast um bölvandi og bjóðandi næsta manni í hryggspennu. Nei, flotinn er mannaður af venjulegu fólki sem hefur upplifað allan andskotann á sjó, flest allavega. Þar á meðal dauða og djöfulinn án þess að snúa baki við því starfi sem þau völdu sér. Þeir sem þreyttu þorrann eru í uppgripum þessi misserin, þó það sé alls ekki algilt.

**NÚ** veit ég ekki hvort margir deila þeirri skoðun að sjómenn séu yfirborgaðir en mín tilfinning er að svo sé ekki. Ég fullyrði hins vegar að fljótlega tæki að elna af mönnum öfundarsóttin eftir nokkra sólarhringa, vikur eða mánuði á Íslandsmiðum í látlausum brælum. Þetta gætu menn haft á bak við eyrað á meðan verið er að skafa af bílnum; á jöxlunum af pirringi yfir vosbúðinni á harðbýlu landi.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð
MIÐ-ÍSLAND
í Kjallaranum
„Ekki veit ég hvernig samningurinn sem Mið-Íslandshópurinn hefur gert við grínguðina hljóðar í smáatriðum en hann hlýtur að vera besti díll Íslandssögunnar því á sviði finnst ekki fyndnara lið.“
-Kjartan Guðmundsson, blaðamaður á Fréttablaðinu
„Fór með stórum vinkonuhópi og við náðum varla andanum af hlátri. Mæli með Mið-Íslandi - hiklaust!“
-Hildur Sigurðardóttir, eigandi Reykjavík Letterpress
„Dásamlega skemmtilegt. Pissaði næstum í mig af hlátri.“
-Helga Braga Jónsdóttir, leikkona
NÆSTU SÝNINGAR
Lau. 12. janúar kl. 20
Lau. 12. janúar kl. 23
Lau. 19. janúar kl. 20
Lau. 19. janúar kl. 23
Fim. 31. janúar kl. 20
Doritos
midi.is
pepsi MAX
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

# 30 daga hreinsun á mataræði

með Davíð Kristinssyni, næringar- og lífsstílsþjálfara, mánudaginn 14. janúar næstkomandi kl. 19:30 - 21:30.



Innifalið í námskeiðinu er handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill.

Námskeiðið fer fram í Lifandi markaði Borgartúni 24. Nánari upplýsingar á www.lifandimarkadur.is

Borgartún · Fákafen · Hæðasmári
www.lifandimarkadur.is

LIFANDI MARKAÐUR



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÍSLENSK NOTENDAHANDBÓK



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

NÝ KYNSLÓÐ ÞVOTTAVÉLA OG ÞURRKARA FRÁ AEG SEM MARKA ÞÁTTASKIL

Allar nýju þvottavélarnar frá AEG skarta hinni nýju og byltingarkenndu **Protex**-tromlu sem tryggir mun betri meðferð og endingu á þvottinum en áður og nýja **OptiSense**-hugbúnaðarkerfið skilar betri orkunýtingu en nokkru sinni fyrr.

L60260FL & L60460FL — 6 LÍNAN
**Traust 6 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1200 sn/mín og 1400 sn/mín. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð og íslensk notendahandbók.**

L75470FL & L75670FL — 7 LÍNAN
**Öflug 7 kg. þvottavél með stafrænum skjá, fáanleg bæði 1400 sn/mín og 1600 sn/mín. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í notkun og allri umgengni. Íslenskt stjórnborð og íslensk notendahandbók.**

L87680FL — 8 LÍNAN
**Kröftug 8 kg. þvottavél með stafrænum skjá, vindur allt að 1600 sn/mín. Tvö gufukerfi. Kolalaus mótor. Einföld og þægileg í allri notkun og umgengni. Íslenskt stjórnborð og íslensk notendahandbók.**

T65270AC — 6 LÍNAN
T76280AC — 7 LÍNAN
T86280IC — 8 LÍNAN

**15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG þvottavélum og þurrkurum þessa viku.**
**Það verður bið á að þetta tilboð verði endurtekið. Hagstæðir greiðsluskilmálar. Grípið tækifærið!**

**AÐ ÞVO MEÐ AEG**
Þegar þú þværð með AEG máttu búast við framþróaðri tækni og flottri hönnun. AEG þvottavélar eru hannaðar til að skara fram úr á öllum sviðum. Þær eru einstaklega sparneytnar, fjölhæfar, áreiðanlegar og auk þess glæsilegar útlits.

**STÚTFULLAR AF NÝRRI TÆKNI**
AEG þvottavélarnar fá allt að A +++ einkunn fyrir orkusparnað og vatnsnotkun, þökk sé m.a. nýja Advanced Fuzzy Logic-kerfinu og svo gerir Silent System Plus-tæknin þær alveg einstaklega hljóðlátar.

**ALLIR GETA FUNDIÐ SÍNA DRAUMAVÉL**
Það hafa ekki allir sömu þarfir þegar kemur að þvotti og þvottavélum. AEG þvottavélar fást í mismunandi stærðum og gerðum, t.d. taka þær frá 3.5–9 kg. af þvotti í eina vél og vinduhraðinn er allt frá 400-1600 sn./mín.

**NÝJU ÞURRKARARNIR**
**Íslenskt stjórnborð** • Stafrænn skjár • Barkalausir með rakaskynjara • Taka allt að **8** kg. af þvotti • Nýtt og byltingarkennt þurrkkerfi í **ProTex**-tromlunni tryggir fullkomið loftflæði og minna slit á þvotti og dregur úr krumpum • Fjöldi þurrkkerfa • Krumpuvörn • Hægt að velja lengd kerfis, frá 10 mín. upp í 2 klst. • Sjálfvirk öryggisslökkvun og margt, margt fleira. **Íslensk notendahandbók.**

KVIKA

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
SJÁ NÁNAR Á: www.ormsson.is
Verslanir og umboðsmenn um land allt



# Boltinn á Xinu 977
## – alla virka daga kl. 11 - 12

X 97.7




# Við viljum franskbrauð!

LEIKHÚS ★★★☆☆

**Karíus og Baktus**

Höfundur: Thorbjörn Egner. Þýðing: Hulda Valtýsdóttir. Leikarar: Friðrik Friðriksson og Ágústa Eva Erlendsdóttir. Leikstjóri: Selma Björnsdóttir.

**KÚLAN, ÞJÓÐLEIKHÚSINU**
**FRUMSÝNING 5.1.2013**

Svangir bræður koma sér fyrir í fallegum hvítum litlum húsum, litlum holum sem þeir höggva til í tönnunum hans Jens. Allir þekkja þessa litlu góðu sögu um þessa sætu en samt óvelkomnu bræður. Þeir njóta samúðar og öllum þykir vænt um þá og einmitt þess vegna lét norska skáldið Thorbjörn Egner þá lenda úti á hafi í agnarlitlum bát þar sem þeir urðu svo að bjarga sér öðruvísi en að kvelja Jens litla.

Ungir áhorfendur sem og þeir eldri nutu góðrar stundar í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu á laugardaginn þá er þeir bræður enn og aftur stigu á stokk. Í þetta sinn voru það leikararnir Friðrik Friðriksson og Ágústa Eva Erlendsdóttir sem brugðu sér í hin frægu gervi. Þetta er fjögurra þátta smáverk, þar sem rödd sögumanns leiðir okkur inn í ævintýrið og eins heyrast aðrar raddir eins og allir vita. Það eru ópin í Jens litla, ákveðin mamma og svo hinn hryllilegi tannlæknir sem lýsir upp vistarverur bræðranna þannig að þeir halda fyrst að öll sólin sé að troða sér inn, en verða síðan trylltir af hræðslu þegar þeir átta sig á staðreyndum. Áhorfendur skríktu af kátínu og kannski svolitlum ótta þegar borinn fór í gang og var það smart lausn er ljósspírall snerist á þeim bræðrum til skiptist og urðu þeir að flýja undan. Bæði Friðrik og Ágústa náðu að heilla áhorfendur og leikhúsið litla í þessum dimma kjallara var vel til þess fallið að mynda umgjörð um munninn á litlum strák. Tennurnar mátulega stórar og tilfæringar ágætar þannig að enginn grét af hræðslu. Það var meira um hlátrasköll, enda bræðurnir báðir bráðfyndnir. Baktus kemur sér fyrir í efri góm eða mjög fínni holu með smart opnanlegum glugga. Sú mynd var heillandi, eins og kæruleysislegt sumarfrí á sólarströnd, nú enda er Baktus ekki eins vinnusamur og Karíus bróðir hans.

Oft hefur þó tannburstinn verið ógurlegri en í þessari sýningu. Leikararnir náðu vel til áhorfenda og sagan er lipurlega sögð, það hefði kannski mátt gera aðeins meira úr söng þeirra. Búningar og gervin mjög krúttleg og Karíus alls ekki eins nöldurgefinn og oft áður.

**Elísabet Brekkan**

**NIÐURSTAÐA:** Mjög sæt lítil sýning fyrir yngstu áhorfendurna sem eru svo leystir út með tannkremstúpu í lokin.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2013**



### Fundur

**9.00** Hver er hinn íslenski stjórnarmaður? Morgunverðarfundur um könnun KPMG og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands haldið í Borgartúni 27.

### Dans

**20.30** Gömludansarnir verða dansaðir í sal Þjóðdansafélags Reykjavíkur, Álfabakka 14a.

### Tónlist

**21.00 Anna Mjöll** og hljómsveit hennar skemmta á Café Rosenberg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## Notaðir bílar. Mikið úrval.

# Nýttu tækifærið

## Komdu núna og gerðu góð kaup

## Hagstæð fjármögnun

### Settu gamla bílinn uppí

**Dæmi um úrvalið sem er í boði:**




**Citroën C4 SX skrd. 7/2010**
1,6 dísil beinskiptur
KZE97. Ekinn 51.000 km.
Verð áður 2.090.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.




**Mazda6 Premium skrd. 4/2012**
2,0 bensín sjálfskiptur
LHP94. Ekinn 25.000 km.
Verð áður 3.950.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.




**Ford Mondeo Titanium skrd. 8/2008**
2,3 bensín sjálfskiptur
MZL00. Ekinn 100.000 km.
Verð áður 2.270.000 kr.
Afsláttur 320.000 kr.




**Ford Explorer Limited skrd. 6/2007**
4,0 bensín sjálfskiptur
SK555. Ekinn 104.000 km.
Verð áður 3.090.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.




**Ford Escape Limited skrd. 7/2011**
2,5 bensín sjálfskiptur
UZT34. Ekinn 58.000 km.
Verð áður 4.790.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.




**Ford Kuga Trend skrd. 6/2011**
2,0 dísil sjálfskiptur
ZDS55. Ekinn 54.000 km.
Verð áður 4.450.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.




**Ford Focus Trend skrd. 7/2010**
1,6 bensín beinskiptur
NRY07. Ekinn 64.000 km.
Verð áður 2.090.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.




**Mazda3 Advance skrd. 6/2012**
1,6 bensín beinskiptur
AGB18. Ekinn 29.000 km.
Verð áður 2.660.000 kr.
Afsláttur 170.000 kr.




**Ford Fiesta Trend skrd. 5/2011**
1,4 bensín sjálfskiptur
FBY21. Ekinn 56.000 km.
Verð áður 1.990.000 kr.
Afsláttur 140.000 kr.

**Komdu í Brimborg:**
Opið 9-17 virka daga
og 12-16 laugardaga

Skoðaðu fleiri dæmi á **notadir.brimborg.is**

*Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu*

3 sýningarsvæði Brimborgar: Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri
Sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

Thrifty Car Rental




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 4 - 6 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D LÚXUS | KL. 4.30 - 8 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI | KL. 8 - 10.45 | 10 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM | KL. 3.40 - 5.50 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 6 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 8 - 10.20 | 10 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 5.50 | L |

GLEÐILEG NÝTT BÍÓÁR 2013

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D (48 ramma) | 6, 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 7, 10.30 | 12 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | 6 | 7 |
| LIFE OF PI 3D | 8, 10.30 | 10 |

SAMBÍÓIN Gleðilegt Nýtt Ár!




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SINISTER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 8 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY | KL. 6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY VIP | KL. 6 - 10 | VIP |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| RED DAWN | KL. 10:50 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TALI | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SINISTER | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| SINISTER | KL. 10:40 | 16 |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 4:40 - 8 | 12 |
| ATH: SÍÐASTA SÝNING Á HOBBIT 10. JAN (EGILSHÖLL) | | |
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 2D | KL. 7 - 10:20 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|---|
| LES TROYENS ÓPERA | KL. 18:00 | L |
| SINISTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS


# Snýr aftur áratug síðar

David Bowie gefur út sína fyrstu plötu í áratug 11. mars næstkomandi. Hún nefnist The Next Day og fylgir eftir Reality sem kom út 2003. Upptökustjóri er Tony Visconti, sem hefur áður unnið með Bowie. Fyrsta smáskífulagið heitir Where Are We Now? og er fáanlegt á iTunes.



**DAVID BOWIE**

Í tilkynningu á vefsíðu hans sagði: „David er þannig listamaður að hann semur tónlist og spilar á tónleikum þegar hann vill og þegar hann hefur frá einhverju að segja, í stað þess til dæmis til að selja plötur. Núna hefur hann frá einhverju að segja.“

# Vildi ekki frægðina

## Jessica Chastain valdi ekki leiklist í von um frægð.

Leikkonan Jessica Chastain segist ekki hafa lagt leiklistina fyrir sig í þeim tilgangi að öðlast frægð og frama.

„Frægð og peningar hafa ekki verið markmið mín. Ef svo hefði verið hefði þetta líklega aldrei gerst því frægðin kom eftir að ég lék í sjálfstæðum kvikmyndum. Hjálpin var líka sjálfstæð kvikmynd. Við fengum hlutverkin löngu áður en bókin sló í gegn. Guði sé lof, því ég hefði örugglega aldrei fengið hlutverk Celiu Foote ef fólk hefði vitað hversu vinsæl myndin yrði,“ sagði leikkonan í viðtali við In Style.

Hún segist einnig hafa átt erfitt með að næla sér í hlutverk vegna háralitarins. „Það kom fyrir að ég íhugaði að lita hárið á mér ljóst. Ég skildi ekki af hverju ég komst ekki í áheyrnarprufur.“



**VILDI EKKI FRÆGÐ** Jessica Chastain var ekki í leit að frægð og frama. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vitlaus eða siðlaus?

BÍÓ ★☆☆☆☆

**Sinister**

Leikstjórn: Scott Derrickson. Leikarar: Ethan Hawke, Juliet Rylance, Fred Thompson, Vincent D'Onofrio, James Ransone, Clare Foley, Michael Hall D'Addario.

Rithöfundur flyst ásamt fjölskyldu sinni til smábæjar, þar sem hann hefur keypt hús sem fjöldamorð var framið í skömmu áður. Þetta gerir snillingurinn án þess að upplýsa eiginkonu sína um atburðina, en hann hyggst skrifa um þá bók. Uppi á háalofti hússins finnur hann svo pappakassa sem inniheldur sýningarvél og nokkra filmubauka, og er myndefnið miður kræsilegt.

Þegar snýr að hrollvekjum er það víst orðin klisja að tala um klisjur, en þær eru flestar hér. Nægir þar að nefna höfuðklisjuna, drykkfellda rithöfundinn sem reynir að skrifa bók í miðjum draugagangi. Hér höfum við Ethan Hawke, flottan leikara sem er fyrir löngu búinn að sanna sig, reynandi sitt besta í vonlausum karakter sem maður veit aldrei almennilega hvort er vitlaus eða siðlaus.

Hélt hann að konan sín yrði meira en sólarhring að komast



**SINISTER** „Pegar snýr að hrollvekjum er það víst orðin klisja að tala um klisjur, en þær eru flestar hér.“

að því að hún byggi á vettvangi fjöldamorðs? Krakkarnir þeirra heyrðu allavega af því strax á fyrsta skóladegi. Og hví ætti okkur ekki að vera skítsama um mann sem heldur mikilvægum sönnunargögnum í morðmáli fyrir sjálfan sig og bókina sína?

Suma handritsgalla mætti reyndar fyrirgefa ef Sinister væri nógu hrollvekjandi, sem hún er alls ekki. Þó verð ég að telja henni það til tekna að hún lætur það eiga sig að bregða manni að óþörfu. Hér eru samt börn sem hreyfa sig undarlega, hopp-klippingar (jump cuts) og hljóðið keyrt í botn þegar púkarnir birtast. Allt glataði þetta ferskleika sínum fyrir löngu, jafnvel fyrir skræfu á borð við undirritaðan.

Hrollvekja sem tekst ekki að hræða áhorfandann er eins og íslenska handboltalandsliðið þegar markmaðurinn er ekki í stuði. Leikurinn tapast þó að aðrir leikmenn spili fullkomlega.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Hér er mikið reynt en ekkert gengur. Sinister er rýrasti hrollur síðasta árs.



**Á TOPPNUM** Blunderbuss með Jack White var vinsælasta vínylplatan í fyrra.

# White vinsæll á vínyl

## Blunderbuss er söluhæsti vínyllinn í Bandaríkjunum.

Blunderbuss með Jack White var söluhæsta vínylplata Bandaríkjanna á síðasta ári. Á hverju ári tekur fyrirtækið Nielsen Soundscan saman söluhæstu vínylplöturnar og undanfarin tvö ár hefur Abbey Road vermt efsta sætið. Núna hefur White hrifsað það af Bítlunum. Þeir seldu næstmest í fyrra, sem er ekki slæmt af plötu sem kom út árið 1969, fyrir 44 árum.

Vínylplötur seldust í 4,6 milljónum eintaka í Bandaríkjunum í fyrra. Það er 17,7% aukning frá árinu á undan. Salan er samt mjög lítil ef hún er borin saman við geisladiskasölu. Til að mynda seldist Blunderbuss í um 34 þúsund eintökum.

## Vinsælustu vínilplöturnar 2012:

1. **Jack White** – Blunderbuss (34.000)
2. **The Beatles** – Abbey Road (30.000)
3. **Mumford & Sons** – Babel (29.000)
4. **Black Keys** – El Camino (25.000)
5. **Mumford & Sons** – Sign No More (23.000)
6. **Beach House** – Bloom (21.000)
7. **Bon Iver** – For Emma Forever Ago (19.000)
8. **Alabama Shakes** – Boys & Girls (17.000)
9. **Adele** – 21 (16.000)
10. **Bon Iver** – Bon Iver (15.000)


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **TAKE THIS WALTZ (14)** 17:40, 20:00, 22:20 ■ **WADJDA (L)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **SAFETY NOT GUARANTEED (L)** 18:00 ■ **SEARCHING FOR SUGAR MAN (L)** 22:00 ■ **DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.)** 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


ÚTSALAN ER HAFIN
TOMMY HILFIGER · HIGH · MARELLA
UTZON · PRETTY BALLERINAS
Couture
Laugavegi 86-94 - Sími 511 1060

## ÚRSLIT

**VINÁTTULANDSLEIKUR**

**SVÍÞJÓÐ-ÍSLAND 31-29 (14-15)**

**Svíþjóð - Mörk (skot):** Niclas Ekberg 8/3 (10/3), Daniel Tellander 6 (11), Jonathan Stenbäcken 4 (5), Patrik Fahlgren 3 (6), Johan Jakobsson 3 (10), Jesper Nielsen 1 (1), Tobias Karlsson 1 (1), Albin Tingsvall 1 (2), Fredric Pettersson 1 (2), Fredrik Petersen 1 (2), Mattias Zachrisson 1 (2), Markus Olsson 1 (4)

**Varin skot:** Andreas Palicka 14 (43/1, 33%), Mikael Appelgren 2/1 (2/1, 100%),

**Hraðaupphlaup:** 10 (Daniel Tellander 2, Jonathan Stenbäcken 2, Johan Jakobsson 1, Jesper Nielsen 1, Albin Tingsvall 1, Fredric Pettersson 1, Fredrik Petersen 1, Mattias Zachrisson 1)

**Fiskuð víti:** 3 (Patrik Fahlgren 1, Fredric Pettersson 1, Mattias Zachrisson 1)

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Ísland - Mörk (skot):** Aron Pálmarsson 9 (13), Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (12/2), Arnór Þór Gunnarsson 3 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 3 (7/1), Vignir Svavarsson 2 (3), Þórir Ólafsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (4), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (1), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Ólafur Gústafsson (2)

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 16 (41/2, 39%), Björgvin Páll Gústavsson (6/1, 0%)

**Hraðaupphlaup:** 15 (Aron Pálmarsson 3, Guðjón Valur Sigurðsson 1, Arnór Þór Gunnarsson 3, Snorri Steinn Guðjónsson 2, Vignir Svavarsson 2, Þórir Ólafsson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Stefán Rafn Sigurmannsson 1)

**Fiskuð víti:** 3 (Snorri Steinn Guðjónsson 2, Róbert Gunnarsson 1)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**POWERADE-BIKAR KARLA**

**KEFLAVÍK-NJARÐVÍK 102-91**

**Keflavík:** Michael Craion 36/15 fráköst/6 stolnir/7 varin skot, Billy Baptist 20/15 fráköst/5 stoðsendingar, Darrel Keith Lewis 17/9 fráköst/10 stoðsendingar, Magnús Þór Gunnarsson 12/4 fráköst, Valur Orri Valsson 9/4 fráköst, Ragnar Gerald Albertsson 8.

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 33, Nigel Moore 18/12 fráköst/5 stoðsendingar/7 stolnir, Marcus Van 15/16 fráköst/3 varin skot, Maciej Stanislav Baginski 15, Ágúst Orrason 6/5 fráköst, Oddur Birnir Pétursson 2, Friðrik E. Stefánsson 2

**Keflavík, Grindavík, Stjarnan og Snæfell eru komin í undanúrslit keppninnar.**

**N1-DEILD KVENNA**

| | |
|---|---|
| GRÓTTA-ÍBV | 17-20 |
| AFTURELDING-SELFOSS | 25-24 |
| FRAM-FH | 28-15 |
| STJARNAN-HK | 28-31 |
| VALUR-FYLKIR | 32-11 |



**HEITUR** Eiður hefur slegið í gegn í Belgíu. NORDICPHOTOS/AFP

## Eið dreymir um Bandaríkin

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er orðaður við Club Brugge í belgískum fjölmiðlum, en hann hefur þótt standa sig vel með grannliðinu Cercle Brugge í haust.

Eiður hefur skorað sex mörk í þrettán leikjum með Cercle Brugge og íhuga forráðamenn Club Brugge að reyna að lokka hann yfir í sinn bæjarhluta.

Yfirmaður knattspyrnumála hjá Club Brugge er Arnar Grétarsson, sem keypti Eið Smára til AEK Aþenu á sínum tíma. Í belgíska blaðinu Niuwsblad er Arnar enn sagður hafa mikla trú á Eiði Smára.

Eiður Smári var einnig orðaður við Perth Glory í Ástralíu í gær. Sven Jacques, yfirmaður íþróttamála hjá Cercle Brugge, var spurður út í áhugann á Eiði Smára en kvaðst ekkert hafa heyrt.

„Stóri draumurinn hans Eiðs er að fara til Bandaríkjanna. Það getur allt gerst í fótbolta og við þurfum að taka allt með í reikninginn.“ - esá

# ÁGÆTIS ÁMINNING

Íslenska landsliðið í handbolta tapaði gegn óreyndu liði Svía, 31-29, í lokaleik sínum fyrir HM á Spáni. Landsliðsþjálfarinn var að vonum ekki ánægður með leikinn en sagði gott að fá smá áminningu um hvað þyrfti að laga fyrir HM.

**HANDBOLTI** Nokkrar viðvörunarbjöllur fóru í gang eftir tapið gegn Svíum í gær. Eftir fína leiki gegn Túnis fyrir áramót var íslenska liðið ekki eins sannfærandi í gær.

Íslensku strákarnir byrjuðu leikinn ekki vel. Voru hægir og ekki tilbúnir. Í stöðunni 5-3 fyrir Svía hrukku þeir aftur á móti í gírinn og skoruðu tíu mörk gegn einu marki Svía. 13-6 fyrir Ísland og allt í fínum málum.

Þá gáfu þeir eftir á nýjan leik og Svíar minnkuðu muninn í eitt mark fyrir hlé, 14-15. Aron Rafn var í stuði og varði tíu bolta. Aron Pálmarsson byrjaði vel en gaf eftir er leið á hálfleikinn. Aron þjálfari róteraði mikið og til að mynda fengu Ólafarnir Guðmundsson og Gústafsson að spila hægra megin með engum árangri.

Strákarnir héldu áfram að gefa eftir í seinni hálfleik. Tæknifeilunum fjölgaði og markvarslan datt niður. Strákarnir fengu þó tækifæri til þess að bjarga leiknum á lokamínútunum en þeir nýttu þau ekki.

Aron Pálmarsson var í sérflokki í íslenska liðinu. Skoraði níu mörk og virtist ekkert hafa fyrir því. Aron Rafn stóð sig vel í markinu og Arnór Gunnarsson átti flotta innkomu í síðari hálfleik.

Það klingja ýmsar viðvörunarbjöllur eftir þennan leik. Leikur liðsins er allt of sveiflukenndur og tæknifeilarnir allt of margir. Liðið fékk ekkert úr Ólafi Gústafs og Ólafi Guðmunds í leik gegn frekar slöku og óreyndu liði Svía. Línuspilið gekk einnig illa og svona mætti áfram telja.

Eftir fína leiki gegn Túnis komst liðið að því hvað þarf að laga áður en alvaran byrjar um næstu helgi. Það er vonandi að liðið nýti tímann vel fram að því.

„Maður er aldrei sáttur við að tapa. Ef ég tek það jákvæða úr leiknum þá fannst mér vörnin lengi vel vera fín. Aron stóð sig líka vel í markinu í fyrri hálfleik og undir lokin. Við fengum samt litla markvörslu í 20 mínútur í seinni hálfleik. Aron er alltaf hættulegur í sókninni og Arnór kom flottur inn. Við skorum 29 mörk en klúðrum samt mörgum dauðafærum í seinni hálfleik. Gerum líka einfalda feila og köstum boltanum frá okkur. Þetta tap liggur hjá okkur sjálfum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson eftir leik.

„Við vorum ekki nógu góðir að hlaupa til baka í byrjun en svo kemur þetta allt. Svo þegar við hreyfum við liðinu missum við aðeins taktinn og hleypum þeim inn í leikinn. Það dró af okkur þegar nýir menn komu inn en þetta var fínn leikur fyrir þá til að lenda undir pressu gegn sterku liði. Góðir menn klúðruðu líka færum sem þeir eru ekki vanir að klúðra og þar lá kannski munurinn á sigri og tveggja marka tapi,“ sagði þjálfarinn, en hann var duglegur að skipta inn á.

Aron var að vonum svekktur með hversu lítið kom út úr Ólöfunum í leiknum en hvorugur þeirra komst á blað.

„Það var mjög svekkjandi. Við verðum að fá meira frá þeim. Við getum ekki spilað HM á einni uppstillingu. Það þurfa fleiri útileikmenn að stíga upp,“ sagði Aron, en lítið kom líka úr línuspilinu.



**HEITUR** Aron Pálmarsson var allt í öllu í sóknarleik íslenska liðsins í Svíþjóð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við getum ekki spila HM á einni uppstillingu. Það þurfa fleiri útileikmenn að stíga upp.**
>
> *Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari*

„Það er ágætt að fá smá áminningu og geta staldrað við. Nú sjáum við hvar við getum bætt okkur. Það er alltaf erfitt að vera bjartsýnn eftir tapleik en ég er samt nokkuð bjartsýnn. Liðið hefur unnið vel og við fáum nokkra daga til þess að komast yfir þetta og laga það sem þarf,“ sagði Aron, en Rússar bíða í fyrsta leik á HM.

„Við þurfum að skoða sóknarleikinn á móti þeirra vörn og hvernig við stoppum þeirra sterku skyttur.“ henry@frettabladid.is



**NÝTT ÆVINTÝRI** Katrín er fyrsta íslenska konan sem spilar fyrir Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Katrín samdi við Liverpool

**FÓTBOLTI** Katrín Ómarsdóttir er gengin til liðs við Liverpool á Englandi en það kom fram á heimasíðu félagsins í gær. Þangað kemur hún frá Kristianstad í Svíþjóð.

Liverpool leikur í efstu deild í Englandi en liðið hafnaði í áttunda og neðsta sæti deildarinnar á síðasta tímabili, með aðeins fimm stig úr fjórtán leikjum. Nýtt tímabil hefst með vorinu en spilað er yfir sumartímann í Englandi.

„Ég er hæstánægður með að Katrín hafi ákveðið að semja við Liverpool Ladies,“ sagði Matt Beard, þjálfari liðsins. „Hún er duglegur leikmaður, skapandi miðjumaður sem skorar mörk og gefur góðar sendingar. Hún getur líka spilað hægra megin, sem gefur okkur meiri sveigjanleika og breidd.“

Katrín er 25 ára og hefur verið fastamaður í landsliði Íslands síðustu ár. - esá

## Þóra úr leik í Ástralíu

**FÓTBOLTI** Þóra Björg Helgadóttir og félagar hennar í Western Sydney Wanderers töpuðu illa fyrir Canberra United í áströlsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, 5-0. Þóra lék allan leikinn í marki Sydney og mátti sækja boltann fimm sinnum í eigið net.

Sydney er í sjötta sæti deildarinnar af átta liðum með þrettán stig. Canberra komst upp í fjórða sætið með sigrinum en liðið er nú með átján stig.

Fjögur efstu lið deildarinnar komast í úrslitakeppni sem fer fram í lok mánaðarins, þar sem spilað verður um meistaratitilinn. Sydney á ekki lengur möguleika á að komast í úrslitakeppnina.

Þóra leikur því sinn síðasta leik með Sydney Wanderers gegn Sydney FC á laugardaginn næsta. Þá heldur hún aftur til Svíþjóðar þar sem hún er á mála hjá Malmö. - esá

# Markvarðarmálin komast á hreint í dag

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari mun velja á milli markvarðanna Arons Rafns og Hreiðars Levý í dag.

**HANDBOLTI** Þrír markverðir voru í íslenska landsliðshópnum í gær en Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari ætlar að taka tvo með sér til Spánar þar sem Ísland hefur leik um helgina.

Aron Rafn Eðvarðsson spilaði lungann úr leiknum í gær en þjálfarinn vildi sjá hann í leiknum þar sem hann var veikur á milli jóla og nýárs.

Hreiðar Levý Guðmundsson sat aftur á móti á bekknum allan tímann. Valið stendur á milli þeirra tveggja en næsta víst er að Björgvin Páll Gústavsson fari til Spánar.

„Ég nota kvöldið í að fara yfir markvarðamálin og ákveð mig svo á morgun [í dag]. Aron stóð sig vel í þessum leik og ég var sáttur við fyrri hálfleikinn og síðustu tíu mínúturnar hjá honum,“ sagði Aron.

Björgvin Páll Gústavsson spilaði talsvert í seinni hálfleik en varði ekki skot.

„Það lítur ekki vel út þegar markvörður er ekki nálægt boltanum. Hann er samt maður með reynslu og allt það. Við þurfum að fara gaumgæfilega yfir stöðuna,“ sagði Aron en þurfti hann ekkert að sjá meira frá Hreiðari?

„Ég þekki hann vel og þurfti að sjá Aron í þessum leik sem og Bjögga. Mér fannst ekki rétt að setja kaldan mann inn undir lokin. Þá kom Aron sterkur inn. Ég mun því sofa á þessum málum í nótt.“ - hbg



**HVER FER TIL SPÁNAR?** Aron stóð sig vel í gær og hann fagnar hér með Björgvini Páli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




2 HD

# MANNSHVÖRF Á ÍSLANDI

# HEFST Á SUNNUDAG KL. 20.25

Þessir mögnuðu þættir hefja göngu sína 13. janúar. Umfjöllunarefnið er í senn uggvekjandi og forvitnilegt: Íslendingar sem horfið hafa sporlaust á árunum 1941 til 2010 og aldrei fundist.

## FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2










## STÓRAUKIÐ NETFRELSI



STÖÐ 2 HD | VODAFONE Á RÁS 502
STÖÐ 2 HD | SÍMINN Á RÁS 203
STÖÐ 2 HD | HD ÖRBYLGJUMYNDLYKILL Á RÁS 15

ÞAÐ ÞARF AÐ UPPFÆRA OG ENDURRÆSA ADSL- OG ÖRBYLGJUMYNDLYKLA

2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TÍVÍ

## ALLT ÞETTA FYRIR 265 KR. Á DAG

2 VILD – SJÁLFVIRKIR AFSLÆTTIR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA – SKRÁÐU ÞIG INN Á STOD2.IS

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 21.35
**Touch**

Kiefer Sutherland er í aðalhlutverki í þáttaröðinni Touch á Stöð 2. Hann leikur Martin Bohm, einstæðan föður piltsins Jake, sem býr yfir einstökum hæfileikum. Í þættinum í kvöld leiðir Jake pabba sinn á slóð ungrar stúlku sem hvarf og Martin berst fyrir forræði yfir syninum.

## Í KVÖLD



### Le Premier Cri
**RÚV KL. 22.20** Frönsk heimildarmynd þar sem farið er um allan heim og fylgst er með konum á meðan þær eru óléttar og svo þegar þær fæða börnin sín. Skoðaðar eru mismunandi hefðir og venjur kvennanna auk þess sem farið er yfir mismunandi aðbúnað þeirra.

IMDb 6,4



### Drop Dead Diva
**STÖÐ 2 KL. 20.50** Jane og Kim þurfa að vinna saman að máli í þætti kvöldsins, hvorugri til mikillar gleði, og Jane er lítt meira hrifin af auknum vinskap Grayson og Vanessu. Fred reynir að hjálpa Stacy að þéna peninga og finnur handa henni vinnu sem hún reynir sitt besta til að sinna vel.

TV.COM 8,3 IMDb 7,2



### CSI: Miami
**SKJÁR 1 KL 22.00** Virðulegur endurskoðandi sem virðist alltaf hafa gert allt samkvæmt bókinni er drepinn. Horatio Caine og félagar í rannsóknardeildinni komast að því að sá eignaðist fjölda óvina með því að ljóstra upp um ólöglega starfsemi þeirra.

TV.COM 8,6 IMDb 6,3

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Blái engillinn: Ævi og söngferill Marlene Dietrich **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Listin að ferðast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Við frostmark **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Hefnd** *(11:22) (Revenge) (e)*
**17.20 Einu sinni var...lífið** *(22:26) (e)*
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Njósnari** *(1:6) (Spy) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Læknamiðstöðin** *(22:22) (Private Practice V)*
**20.50 Jakob - Ástarsaga** *(2:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story)* Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði.
**21.05 Einn plús einn eru þrír - Margfeldisáhrif í samstarfi** Ný aðferðafræði virðist vera að ryðja sér til rúms í myndlist, listamenn starfa saman í hópum í stað þess að búa til verk einir og sér. Á Listahátíð í Reykjavík síðasta vor var haldin alþjóðleg sýning, „Sjálfstætt fólk", þar sem áhersla var á samstarf og frumkvæði listamanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Frumgráturinn** *(Le premier cri)* Frönsk heimildamynd um ófrískar konur um allan heim.
**23.55 Kastljós** *(e)*
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.35 Ramona and Beezus**
**12.15 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**13.35 Just Wright**
**15.15 Ramona and Beezus**
**16.55 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**18.15 Just Wright**
**19.55 Shakespeare in Love**
**22.00 Paul**
**23.45 Karlar sem hata konur**
**02.15 Shakespeare in Love**
**04.15 Paul**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(3:22)*
**08.30 Ellen** *(44:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(57:175)*
**10.15 60 mínútur**
**11.10 Perfect Couples** *(10:13)*
**11.35 The No. 1 Ladies' Detective Agency** *(7:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(16:24)*
**13.25 Gossip Girl** *(20:24)*
**14.10 Step It Up and Dance** *(2:10)*
**15.00 Fly Girls** *(3:8)*
**15.20 Big Time Rush**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(72:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(21:23)*
**19.40 The Middle** *(12:24)*
**20.05 New Girl** *(11:24)*
**20.25 Up All Night** *(23:24)*
**20.50 Drop Dead Diva** *(9:13)* Önnur þáttaröðin um unga og bráðhuggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi og sál hennar tekur sér bólfestu í lögfræðingnum snjalla Jane Bingum.
**21.35 Touch** *(11:12)* Yfirnáttúrulegir dramaþættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem uppgötvar að fatlaður sonur hans getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað.
**22.20 American Horror Story** *(9:12)*
**23.05 NCIS** *(4:24)*
**23.50 Person of Interest** *(11:23)*
**00.35 Breaking Bad** *(5:13)*
**01.25 The Closer** *(2:21)*
**02.10 Damages** *(2:13)*
**03.00 Typhoon**
**04.45 Drop Dead Diva** *(9:13)*
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Svíþjóð - Ísland** Útsending frá leik Svía og Íslendinga í handbolta karla. Þetta er síðasti æfingaleikur strákanna okkar fyrir HM í handbolta á Spáni.
**16.30 Svíþjóð - Ísland**
**17.55 Enski deildabikarinn: Bradford - Aston Villa**
**19.35 Enski deildabikarinn: Chelsea - Swansea** BEINT
**21.45 Spænsku mörkin**
**22.15 Greg Norman á heimaslóðum** Magnaður þáttur um einn besta kylfing allra tíma, Íslandsvininn Greg Norman. Sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Norman á búgarð hans í Colorado og ræðir við hann um golfið, lífsstílinn og stærstu vonbrigðin á ferlinum.
**23.00 Enski deildabikarinn: Chelsea - Swansea**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Football League Show 2012/13**
**16.50 Swansea - Everton**
**18.45 Premier League Review Show 2012/13**
**19.40 Norwich - Liverpool**
**21.20 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**
**21.50 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999**
**22.20 Reading - Fulham**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.55 UKI**
**09.05 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(14:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurmennið**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(15:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(21:25)* Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi.
**19.00 Friends** *(13:23)* Rachel reynir að átta sig á tilfinningum sínum í garð Gavins, nýja samstarfsfélagans, og Ross fær Chandler til liðs við sig að leita uppi fallegar konur til að gera Rachel afbrýðisama. Phoebe dauðsér eftir því að hafa dregið Monicu með sér á karókíbar og Joey fellst á að vaxa á sér augabrúnirnar fyrir myndatöku.
**19.20 How I Met Your Mother** *(10:24)* Fjórða sería.
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 American Dad** *(2:16)*
**20.35 The Cleveland Show** *(21:21)* Teiknimyndarþættir um líf Cleveland-fjölskyldunnar.
**21.00 Sons of Anarchy** *(8:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**21.40 American Dad** *(2:16)*
**22.05 The Cleveland Show** *(21:21)*
**22.30 Sons of Anarchy** *(8:13)*
**23.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(109:175)*
**19.00 Ellen** *(72:170)*
**19.40 Two and a Half Men** *(12:24)*
**20.05 Curb Your Enthusiasm** *(1:10)*
**20.35 Entourage** *(12:12)*
**21.15 The Sopranos** *(8:13)*
**22.10 Two and a Half Men** *(12:24)*
**22.35 Curb Your Enthusiasm** *(1:10)*
**23.05 Entourage** *(12:12)*
**23.45 The Sopranos** *(8:13)*
**00.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Once Upon A Time** *(1:22) (e)*
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Ringer** *(18:22) (e)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(37:48) (e)*
**19.30 Hæ Gosi** *(2:6) (e)*
**20.00 Will & Grace** *(5:24) (e)*
**20.25 Top Chef** *(5:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Keppendur eru allir færir matreiðslumenn en þegar ljósin slökkna getur verið erfiðara að vita hvað maður gerir.
**21.10 Last Resort** *(7:13)*
**22.00 CSI: Miami** *(15:19)*
**22.50 House of Lies** *(12:12)* Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi. Marty Khan er yfirmaður hjá ráðgjafafyrirtæki sem þjónustar stærstu fyrirtæki veraldar. Samruninn virðist vera genginn í gegn við lítinn fögnuð Marty sem þarf um leið að glíma við vandræði í einkalífinu.
**23.15 Hawaii Five-0** *(13:24) (e)*
**00.00 Dexter** *(9:12) (e)*
**01.00 House of Lies** *(12:12) (e)*
**01.25 Last Resort** *(7:13) (e)*
**02.15 Excused** *(e)*
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.35** Tournament of Champions **2013** *(1:4)* **12.05** The Future is Now *(1:1)* **13.05** Tournament of Champions **2013** *(2:4)* **17.35** Tyco Golf Skills Challenge *(1:1)* **21.35** Inside the PGA Tour *(2:47)* **22.00** Ryder Cup Official Film **2008** **23**.15 PGA Tour - Highlights *(1:45)* **00.10** ESPN America

## ÍNN

**20.00 Sigmundur Davíð 20.30 Tölvur tækni og vísindi 21.00 Fiskikóngurinn 21.30 Vínsmakkarinn**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun












## Mannlegt verk um íslenskt fólk og erlend tré

★★★★

„... bráðfyndið en samt svo einlægt í annarleika sínum að það er hálf óþægilegt að hlæja að því“

AÞ, Fbl

★★★★

„Spennandi verk um hluti sem skipta máli“

SGV, Mbl

„Gróteskur gamanleikur, verulega fyndinn, með óhugnanlegu undirtóni. Ég spái þessari sýningu langvinu lófaklappi“

SA, tmm.is



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| lau.* | 12/1 | UPPSELT | fim. | 24.1 | UPPSELT |
| sun. | 13/1 | UPPSELT | fös. | 25.1 | UPPSELT |
| mið. | 16/1 | UPPSELT | lau. | 26.1 | UPPSELT |
| fim. | 17/1 | UPPSELT | lau. | 2.2 | UPPSELT |
| fös. | 18/1 | UPPSELT | sun. | 3.2 | laus sæti |
| lau. | 19/1 | UPPSELT | sun. | 10.2 | laus sæti |
| mið. | 23.1 | örfá sæti | | | |

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

*Allar sýningarnar hefjast kl. 20

## Saga um gildi manneskjunnar, drauma hennar og þrár

Jólasýning Borgarleikhússins 2012

★★★★★

„Frábærlega vel heppnuð“

SGV, Mbl

★★★★

„Alvörustórsýning á klassísku verki. Svona á jólagóðgæti atvinnuleikhúss að vera“

AÞ, Fbl

„Sannar rækilega hvað hefðbundin sviðsetning getur verið áhrifamikil þegar úrvalsgóður texti er leikinn af sönnum listrænum metnaði“

SA, tmm.is

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| mið.* | 9/1 | UPPSELT | fös. | 18/1 | UPPSELT | fim. | 31/1 | UPPSELT |
| fim. | 10/1 | UPPSELT | lau. | 19/1 | UPPSELT | fös. | 1/2 | UPPSELT |
| fös. | 11/1 | UPPSELT | sun. | 20/1 | UPPSELT | fös. | 8/2 | örfá sæti |
| lau. | 12/1 | UPPSELT | fim. | 24/1 | UPPSELT | lau. | 9/2 | UPPSELT |
| sun. | 13/1 | UPPSELT | fös. | 25/1 | UPPSELT | lau. | 16/2 | UPPSELT |
| mið. | 16/1 | UPPSELT | lau. | 26/1 | UPPSELT | sun. | 17/2 | örfá sæti |
| fim. | 17/1 | UPPSELT | sun. | 27/1 | UPPSELT | mið. | 27/2 | örfá sæti |

Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi

Sýningum lýkur í febrúar

Borgarleikhúsið

FÍTON / SÍA

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Það eru þættirnir Body of Proof sem voru að klárast á Rúv. Ég hef rosalega gaman af honum, sérstaklega því aðalpersónan Megan Hunt er svo ofboðslega kaldhæðin og ótrúlega fyndin.“**

Kristín Linda Kristinsdóttir, formaður listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur.

# Þjóðin fær aukið vald í Söngvakeppninni í ár

Þórhallur Gunnarsson og Gunna Dís verða kynnar en bæði eru þau að stíga sín fyrstu skref í keppninni.

„Auðvitað hafði gagnrýnin í fyrra með þessa ákvörðun að gera því við viljum alltaf gera betur. Þessi aðferð er notuð víða, í mismunandi útfærslum, svo það verður gaman að sjá hvernig þetta kemur út hér,“ segir Hera Ólafsdóttir hjá Rúv.

Tólf lög berjast um sigur í Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár en hún er undankeppni Eurovision. Þau skiptast niður á tvær forkeppnir og komast sex lög áfram í úrslitin, mögulega sjö ef mjótt verður á munum. Í úrslitakeppninni gilda atkvæði þjóðarinnar til helmings við atkvæði sérstakar dómnefndar, sem endranær. Sú breyting verður þó á í ár að þau tvö efstu heyja einvígi sín á milli og verða flutt aftur þegar úrslitin liggja fyrir. Áhorfendur fá þá tækifæri til að kjósa á milli þeirra tveggja og það sem sigrar þá kosningu sigrar keppnina. Valið um sigurlagið liggur því að lokum hjá þjóðinni en á síðasta ári sköpuðust umræður um vægi dómnefndar.

Undankeppnirnar fara fram 25. og 26. janúar í Hörpu og úrslitin þann 2. febrúar. Það kemur í hlut Þórhalls Gunnarssonar og Guðrúnar Dísar Emilsdóttur að kynna keppnina í ár en bæði stíga þau sín fyrstu skref í Söngvakeppninni. Þeim til halds og trausts verða svo ýmsir gestir sem kemur í ljós á næstu dögum hverjir verða. „Það verður tuttugu mínútna upphitun fyrir allar keppnirnar þrjár og þar fara þessir gestir í forsvari,“ segir Hera. Frumflutningur á lögunum tólf hefst á Rás 2 á mánudaginn. - trs



**KYNNA SÖNGVAKEPPNINA** Fjölmiðlafólkið Þórhallur og Gunna Dís kynna Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár en þetta er frumraun beggja á sviði keppninnar.




LEIKTÆKNISKÓLI
Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann

Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist

Nýtt námskeið frá 21. jan. - 25. feb. 2013.
Kennsla fer fram á mánudögum frá kl. 19.30 - 23.00

Magnús og Þorsteinn eru meðal reyndustu leikara sinnar kynslóðar með áratuga reynslu af vinnu við leikhús, kvikmyndir og sjónvarp.

- K. Stanislavski og M. Chekhov tækni
- Senuvinna og textagreining
- Hugleiðsla og slökun
- og margt fleira...

"Frábært námskeið, ég lærði helling" - Steindi jr.

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar.
Skráning og fyrirspurnir á leiktaekniskolinn@gmail.com. Aldurtakmark 18 ára.

NÁMSKEIÐ FYRIR ÞIG!
Flettu í gegnum bæklinginn á heimasíðu Mímis-símenntunar
www.mimir.is

MÍMIR símenntun

FULLT AF SKEMMTILEGUM NÁMSKEIÐUM

VORÖNN 2013

14 TUNGUMÁL: Danska Franska Japanska Norska Pólska Spænska Þýska og mörg fleiri tungumál

SKEMMTILEG FRÍSTUNDANÁMSKEIÐ:
Sniðteikning og fatasaumur • Prjónanámskeið og þæfing
Skrautritun • Miðausturlönd • Örnefni á Íslandi
Eurovision-námskeið • Vertu þinn eigin stílisti
Myndaalbúmið í tölvunni • Facebook fyrir eldri borgara
Lærðu á GPS tækið þitt • Trjá- og runnaklippingar
Olíumálun • Vatnslitamálun • Skopmyndateikning

Nánari upplýsingar og skráning í síma 580 1800


# Berndsen eignast barn og býr til plötu

Davíð Berndsen er fluttur heim eftir dvöl í Portúgal. Barn og plata eru á leiðinni.

Popparinn Davíð Berndsen er fluttur til Íslands eftir að hafa búið í Porto, næststærstu borg Portúgals, í tæpt ár. „Það er gott að vera kominn heim,“ segir hann. „Ég vann mikið í íslenskum verkefnum úti, aðallega að klára plötuna með Þórunni [Antoníu].“ Þar á hann við Star-Crossed sem kom út í fyrra.

Hann sér ekki eftir tímanum í Portúgal. „Það var frábært að vera þarna. Ég setti mér eitt takmark. Það var að spila í Casa da Música og ég náði því. Þetta er ótrúlega „speisuð“ höll. Það er eins og sci-fi geimskip hafi lent í borginni.“

Davíð ákvað að flytja heim því nóg er að gera í tónlistinni, auk þess sem á hann von á barni 1. maí með kærustu sinni Guðrúnu Harðardóttur, systurdóttur Bryndísar Schram. Guðrún aðstoðaði einmitt við gerð nýs myndbands við lag kærastans, Game of Change, sem stílisti og búningahönnuður og við förðun.

Davíð segir það einnig skipta máli að Hermigervill, eða Sveinbjörn Thorarensen, er fluttur heim til Íslands eftir dvöl í Hollandi. Hann segir þá félaga nánast óaðskiljanlega í tónlistinni og einnig telja margir að þeir séu bræður, enda svipaðir í útliti. Þeir eru einmitt með hljóðversaðstöðu hlið við hlið í Reykjavík og geta því borið saman bækur sínar með lítilli fyrirhöfn.

Önnur sólóplata Berndsen, Planet Earth, er væntanleg í sumar. Þar kafar hann, ásamt Hermigervli, enn lengra ofan í „eitís“-tónlistina en hann gerði á sinni fyrstu plötu, Lover in the Dark, frá 2009. „Hún hljómaði eins og hún væri frá ´85 til ´86 en núna erum við að reyna að láta plötuna hljóma eins og hún sé frá ´81. Við erum að fara lengra aftur í tímann,“ segir hann og hlær. Til þess beita þeir ýmsum meðölum og nota m.a. gömul kassettutæki og hljóðgervla við upptökurnar.

freyr@frettabladid.is



**SAMSTARFSMENN** Leikstjóri nýja myndbandsins, Þórhallur Gísli Samúelsson, Hermigervill og Davíð Berndsen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tekið upp á gamla VHS-tökuvél

Myndbandinu við lagið Game of Change var leikstýrt af Þórhalli Gísla Samúelssyni og það var einmitt hann sem samdi lagið. Til að ná andrúmslofti níunda áratugarins fullkomlega gróf Þórhallur upp gamla VHS-vél sem pabbi hans keypti árið 1983. Vélin kostaði á sínum tíma um hálfa milljón og þótti þá afar glæsileg.

Tökurnar stóðu yfir í aðeins sex klukkustundir en Davíð Berndsen var heillengi að klippa myndbandið, í um þrjá mánuði, því hann þurfti eldgamlar græjur til að geta klárað eftirvinnsluna.



# Mjög góður andi á Íslandi

Óskarstökumaðurinn Christoph Nicolaisen tók upp myndina Falskan fugl.

Kvikmyndatökumaðurinn Christoph „Cico“ Nicoalisen, sem tók upp Óskarsverðlaunastuttmyndina Toyland, hafði gaman af vinnu sinni við Falskan fugl sem hófst síðasta vor. Myndin verður frumsýnd 25. janúar.

„Það var mjög áhugavert því aðstæðurnar voru þannig að við höfðum úr nánast engu fjármagni að moða. En ég var mjög ánægður með andann á vinnustaðnum og hjá öllum þeim sem komu nálægt þessu verkefni,“ segir Nicolaisen, sem er staddur hér á landi í nokkra daga. „Mér finnst svona verkefni að sumu leyti skemmtilegri en dýrari myndir. Allir lögðu hjarta sitt og sál í verkefnið og þess vegna var þetta mjög gaman.“



**TÓK UPP FALSKAN FUGL** Christoph Nicolaisen hafði gaman af starfi sínu við Falskan fugl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann kynntist leikstjóranum Þór Ómari Jónssyni í Suður-Afríku þegar þeir störfuðu saman við gerð þýskrar lottóauglýsingar. „Við urðum vinir og héldum sambandi. Hann hefur gaukað að mér hugmyndum og loksins gekk samstarfið upp með Falskan fugl. Hann er líka með þá hugmynd í kollinum að taka upp Beðið eftir Godot en það yrði að sumri til þegar hægt yrði að mynda allan sólahringinn.“

Nicolaisen, sem er frá Þýskalandi en á hálfdanskan föður, hefur mikla trú á Fölskum fugli. „Mér finnst handritið frábært. Það er grimmd í því en við gátum ekki sýnt hana almennilega án þess að vera með mikinn pening. Við ákváðum í staðinn að skilja eitthvað eftir fyrir ímyndunarafl áhorfenda og það var mjög góð aðferð,“ segir hann. - fb



# FRANSKA
## KVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í HÁSKÓLABÍÓI 11. - 24. janúar

2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

BESTA ERLENDA MYNDIN

BESTA LEIKKONAN Í DRAMAMYND

TILNEFND SEM BESTA ERLENDA MYND ÁRSINS
BRITISH INDEPENDENT FILM AWARDS
BROADCAST FILM CRITICS AWARDS
INDEPENDENT SPIRIT AWARDS
WASINGHTON DC FILM CRITICS AWARDS

OPNUNARMYNDIN

**DE ROUILLE ET D'OS**
[ Rust and Bone / Ryð og bein ]

# VEISLAN HEFST EFTIR 2 DAGA!
## 9 GÆÐAMYNDIR Á KVIKMYNDAVEISLU ÁRSINS.




AMOUR
[ Ást ]



ADIEU BERTHE
[ Jarðarförin hennar ömmu ]



LES BARONS
[ Stórlaxarnir ]



LA CLÉ DES CHAMPS
[ Griðastaður ]



NÉNETTE
[ Nénette og áhorfendurnir ]



LA FAMILLIE WOLBERG
[ Wolberg fjölskyldan ]



THE ILLUSIONIST
[ Töframaðurinn ]



UN POISON VIOLENT
[ Baneitrað ]




Fyrstir koma, fyrstir fá!

## SALA Á AFSLÁTTARPÖSSUM HEFST KL. 10 Í DAG!

Sala á 5 mynda afsláttarpössum hefst kl. 10 í dag á Miði.is.
Verð aðeins **3.990 kr** og einungis **100 passar í boði.**

AllianceFrançaise · INSTITUT FRANÇAIS · HÁSKÓLABÍÓ · PEUGEOT · Liberté • Égalité • Fraternité RÉPUBLIQUE FRANÇAISE AMBASSADE DE FRANCE EN ISLANDE · græna ljósið

Dagskrá og miðasala á Miði.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalukka hjá Hrafni

Kvikmyndagerðamaðurinn þekkti **Hrafn Gunnlaugsson** á von á barni með vorinu. Barnsmóðir Hrafns ku vera af erlendu bergi brotin. Barnið verður það sjötta hjá Hrafni, sem á fyrir þau Kristján, Tinnu, Sól og Örk með fyrrverandi eiginkonu sinni Eddu Kristjánsdóttur. Einnig á hann soninn Aron Daníel, sem nú er átta ára gamall, með kúbverskri barnsmóður sinni. Árið verður því væntanlega viðburðaríkt og fjörugt hjá Hrafni.



### Slá ekki slöku við í fríinu

Drengirnir í hljómsveitinni Moses Hightower áttu bestu plötu síðasta árs að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Þeir tilkynntu fyrir síðustu tónleika sína, sem voru á Faktorý í síðustu viku, að nú hygðust þeir taka sér frí frá tónleikahaldi í nokkra mánuði. Þrátt fyrir tónleikafrí á næstunni slá þeir ekki slöku við og hafa hafist handa við að semja meiri tónlist. Peir hafa gefið út plöturnar Búum til börn, árið 2010, og Aðra Mósebók, í fyrra. Aðdáendur **Steingríms Teague** og félaga í sveitinni vonast þó til þess að styttri bið verði eftir næstu plötu.



## Mest lesið vísir

1 Reif alla hliðina úr jeppa eins og að opna sardínudós
2 Nítján ára piltur búinn að kæra hópnauðgun
3 Leystir út og settir í 25 ára lántökubann
4 Tímasetningin sætir gagnrýni
5 Reiði vegna giftingar manns á tíræðisaldri og 15 ára stúlku
6 Sjá eftir að hafa heiðrað barnaníðing vegna umfjöllunar Kastljóss
7 Átta börn á BUGL síðustu tvö ár vegna kynáttunarvanda
8 „Því er haldið fram að ég sé verri en Osama bin Laden“
9 Karl Vignir braut gegn börnum í hálfa öld – „Ég er búinn að líða mikið fyrir þetta“





# ÚTSALA ÚTSALA

15%-50% AFSLÁTTUR

## NATURE'S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

160 x 200 cm. Aðeins Kr. 91.200 Verð 114.900

180 x 200 cm. Aðeins Kr. 107.920 Verð 127.900

TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

## C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu

2 x 90 x 200 cm. Kr. 339.830 Verð 399.800

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Í DORMA AMERÍSKIR SÓFAR

## CAROLINE sófasett

Caroline 3ja sæta sófi. Stærð: 215 x 100 cm
Aðeins kr. 152.915 Verð 179.900
Caroline 2ja sæta sófi: Stærð: 154 x 100 cm
Aðeins kr. 135.915 Verð 159.900
Caroline stóll. Særð: 100 x 100 cm
Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

## DARCY hornsófi

Stærð: 255 x 255 x 95 cm
Aðeins kr. 212.415 Verð 249.900

DARCY fæst í tveimur litum: Bronse og grænum

## DARCY sófasett

DARCY 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 cm
Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900
DARCY 2ja sæta sófi: Stærð: 165 x 95 cm
Aðeins kr. 93.415 Verð 109.900
DARCY stóll. Særð: 115 x 95 cm
Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900

## SHAPE heilsudýna

VERÐDÆMI 180 x 200 cm. Aðeins Kr. 110.415 Verð 129.900

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Aukahlutir á mynd botn, lappir og gafl

## COMO tungusófi

TILBOÐ 40% AFSLÁTTUR TAKMARKAÐ MAGN!

Stærð Br. 267 cm D. 88/159 cm H. 85 cm. Tveir litir

Skemill kr. 29.900 Verð 39.900

Útlitsgallaðir COMO tungusófar Aðeins kr. 99.900 Verð 169.900

## GENOVA svefnsófi

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR TAKMARKAÐ MAGN!

Stærð: 218 x 95 cm
Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði

Aðeins kr. 111.450 Verð 222.900

## FLORIDA tungusófi

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Stærð: 250 x 140 cm H. 71 cm. Litur grátt

Verð 149.900 Aðeins kr. 127.415

## MONTORIO svefnsófi

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900

Stærð: Br. 159 cm. D. 208 cm H. 63,5 cm.

## RUBEN svefnsófi með tungu

TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR

Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900 Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

## SHAPE heilsukoddar

Shape Classic kr. 4.130 Verð 5.900

TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

Shape Original kr. 6.230 Verð 8.900

Þéttur

Stuðningslag

## DORMA sængurver

Verð frá kr. 5.592

TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

OPIÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA – býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is